

2024-2025

SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR

SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR LÖGÐ
FRAM Á SAMBANDSSTJÓRNAFUNDI
2.-3. MAÍ 2025



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR FORMANNS	3
STARFSEMI SKRIFSTOFU	5
STEFNUMÓTUN RSÍ	5
REKSTUR SKRIFSTOFU	7
VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR	9
SAMSTARF UM FÉLAGSLEGA VIÐBURÐI	11
MENNTAMÁL	15
KJARADEILD FAGFÉLAGANNA	15
KJARASAMNINGAR	16
ATVINNULEYSI	18
KJARAKÖNNUN	18
HREYFIBANDALAGIÐ	20
FUNDIR MIÐSTJÓRNAR	21
AUKAÞING RSÍ	22
VINNUSTAÐAEFTIRLIT	24
VINNUSTAÐAEFTIRLIT FAGFÉLAGANNA	28
STARFSEMI RSÍ-UNG	31
ORLOFSSJÓÐUR	36
NÝTING ORLOFSHÚSA	36
PÁSKA-OG SUMARÚTHLUTUN	43
SJÚKRASJÓÐUR	48
STJÓRNIR OG NEFNDIR	50
FÉLAGSLEGIR VIÐBURÐIR	56
MÍN FRAMTÍÐ	58
BRANSADAGURINN	60
ERLENT SAMSTARF	61
ÁLYKTANIR Á ÁRINU	68

ÁRSSKÝRSLA
RAFIDNAÐARSAMBANDS ÍSLANDS
2024 - 2025

Ábyrgðarmaður: Jakob Tryggvason
Umbrot: Hrönn Magnúsdóttir
Greinahöfundar: Anna Melsted,
Adam Kári Helgason og Miralbela Blaga,
Andri Reyр Haraldsson, Eggert Þorgrímsson,
Georg Páll Skúlason, Haraldur Örn Arnarson
og Maríanna Ragna Guðnadóttir,
Jakob Tryggvason, Kristján Þórður
Snæbjarnarson, Sigrún Sigurðardóttir

INNGANGUR FORMANNS

Óhætt er að segja að síðastliðið starfsár hafi verið viðburðaríkt, hvort sem horft er til innra starfs RSÍ, til þjóðmálanna eða áhrifa þeirra mála sem nú herja á heimsbyggðina á okkar litlalandi. Í kjölfar þessaðstærri kjarasamningar okkar við Samtök atvinnulífsins voru undirritaðir í lok síðasta starfsárs hefur staðið yfir vinna við að ljúka þeim kjarasamningum sem RSÍ gerir vegna fjölmargra starfsgreina. Nú síðast voru undirritaðir samningar við Elkem og Norðurál og fer þá mjög að fækka í hópi þeirra samninga þar sem viðræðum er ekki lokið. Á haustmánuðum varð svo ljóst að stjórnarsamstarfið væri að líða undir lok og í kjölfar þess hófst stutt en snörp kosningabarátt. Niðurstöður kosninga leiddu í ljós að þáverandi formaður RSÍ, Kristján Þórður Snæbjarnarson var að taka sæti á alþingi og óskum við honum velfarnaðar á nýjum vettvangi og væntum góðs samstarfs í framhaldinu. Undirritaður tók svo við sem formaður RSÍ í kjölfar aukabings sambandsins 27. febrúar síðastliðinn. Þessar síðustu vikur starfsársins eftir aukabingið hafa verið viðburðaríkar og til marks um nauðsyn þess að við innan raða RSÍ séum eftir sem áður öflug í hagsmunagæslu fyrir hönd félagsfólks.



Óvissa á alþjóðavísu er síst til þess að draga úr mikilvægi þess að við höldum uppi öflugum vörnum. Mögulegar afleiðingar vaxtastríðs og stríðsátaka í Úkraínu og á Gaza geta vel haft bein áhrif á Íslenskan vinnumarkað og kjör okkar félagsfólks. Fögnum því sem vel er gert en um leið hefjum við næsta starfsár vitandi af þeim áskorunum sem gætu verið á sjóndeildarhringnum.

Jakob Tryggvason
Formaður RSÍ

INNGANGUR FRÁFARANDI FORMANNS

Starfsemi RSÍ var nokkuð hefðbundin á nýliðnu starfsári. Það eru þó nokkrir þættir sem ég vil draga fram í starfinu sem rétt er að vekja athygli á. Aldrei áður hafa jafn margir nýsveinar útskrifast og lokið sveinsprófi en árið 2024. Er þetta skýrt merki um að áherslur RSÍ á undanförunum árum hafa verið réttar og skilað árangri. Samsetning RSÍ hefur breikkað með tilkomu félaga okkar í Grafíu og þar með aðild RSÍ að lðunni sem sér um fagnám og sveinspróf í prent- og miðlunargreinum. Rafmennt hefur auk þess sýnt í verki að áhersla á að þjónusta allt félagsfólk RSÍ hefur aukist, t.d. með tilkomu útgáfu á fagbréfum fyrir tæknifólk. Rafmennt hefur auk þess útskrifað nemendur úr kvikmyndataækni svo dæmi sé nefnt.

Samstarf Fagfélaganna hefur verið í mikilli þróun á árinu en ljóst er að samstarf RSÍ, MATVÍS og VM hefur reynst mjög farsælt og vænti ég þess að svo verði áfram. Það væri mikill styrkur í því fyrir iðn- og tæknifólk að það samstarf yrði eflt enn frekar á komandi misserum og bæta enn frekar við þjónustu við félagsfólk allra félaganna. Sameiginlegur styrkur er mun meiri en þegar hópurinn er sundraður.

Kjarasamningar hafa svo sannarlega litað



starfsárið þar sem lokið var við gerð þeirra kjarasamninga sem hafa runnið úr gildi á þessum tíma.

Haustið 2024 var sérstaklega viðburðaríkt þar sem Alþýðusamband Íslands hélt sitt reglubundna þing. Í aðdraganda þingsins sprakk þáverandi ríkisstjórn og boðað var til Alþingiskosninga. Þá voru fjölmargir einstaklingar sem skoruðu á mig að gefa kost á mér til setu á Alþingi, sem og ég gerði og náði kjöri. Ég vil að lokum þakka kærlega fyrir virkilega ánægjuleg ár í starfi fyrir RSÍ, sem formaður í 14 ár og þar á undan sem miðstjórnarmaður og trúnaðarmaður í um 7 ár.

Kristján Þórður Snæbjarnarson

STARFSEMI SKRIFSTOFU

Á árinu 2021 var innleidd stefna RSÍ til ársins 2026 og samhliða því gerð starfsáætlun fyrir hvert ár sem leggur línurnar í þeim verkefnum sem unnið skal að hverju sinni. Endurskoðun stefnunnar þarf að fara fram á árinu 2025 þar sem núverandi stefna sem unnið er eftir rennur út 2026.

Á síðasta starfsári voru kjarsamningar fyrirferðarmiklir í starfsemi sambandsins. Samhliða samningunum voru haldnir fjölmargir félagsfundir til að kynna þá sem allra best.

Stefna RSÍ er í fimm megin flokkum:

- **Bætt líf skjör**
- **Sterk liðsheild**
- **Leiðandi afl í menntun**
- **Aukið öryggi**
- **Fyrsta flokks þjónusta**

Í hverjum flokki fyrir sig eru sett markmið sem taka á megináherslum starfseminnar hverju sinni. Hér má sjá stöðu þessara markmiða um áramótin:

FAGFÉLÖGIN

Samstarf Fagfélaganna á Stórhöfðanum hefur verið í stöðugri þróun frá því öll félögin sameinuðust um húsnæði 2019 og ákveðinn sameiginlegan rekstur skrifstofunnar.

Lögð hefur verið áhersla á að auka samstarf iðn- og tæknifólks á hinum ýmsu sviðum með þau markmið að leiðarljósi að hagræða í rekstri og bæta þjónustu við félagsfólk.

Samstarfið er í formi samstarfs um þjónustuþætti starfseminnar. Ekki er um að ræða sameiningar á neinum sjóðum eða félögum innan hússins. Allir sjóðir RSÍ, eins og sjúkrasjóður, orlofssjóður, verkfallssjóður og eftirmenntunarsjóður, eru í eigu RSÍ og verða áfram sjálfstæðir sjóðir og notaðir fyrir félagsfólk í þeim aðildarfélögum sem eiga aðild að RSÍ. Rödd Fagfélaganna er og verður sterkari sameinuð. Samstarfið tryggir sæti við hagsmunaborð íslensks samfélags. Lögð hefur verið áhersla á að kynna starfsemi Fagfélaganna og halda nafni þeirra á lofti. Í vinnu við kjarasamninga á liðnu ári var nafni Fagfélaganna haldið á lofti til að



BÆTT LÍFSKJÖR

Undirbúningur vegna kjarasamninga, rýna gögn, gera greiningar og tryggja að öll skjöl liggi fyrir til að tryggja framgang og eftirfylgni kjarasamninga. Tryggja að sátt sé um undirbúning og þá vinnu sem er unnin.

- Unnið var að undirbúningi skjala og gagna fyrir allar samningalotur.
- Ýmsar greiningar voru gerðar fyrir komandi samninga.
- Skrifað undir kjarasamning janúar 2024 og fleiri samninga fram á árið 2025
- Verkáætlun vegna allra kjarasamninga



STERK LIÐSHEILD

Efla samstöðu og uppbyggingu innan RSÍ.

- Fjölmargir fundir til kynninga á kjarasamningum
- Uppbygging samstarfs innan Fagfélaganna

Rýni laga og reglugerða RSÍ

- Regluleg yfirferð varðandi breytingar á lögum og reglugerðum RSÍ.

Nýta styrk trúnaðarmannakerfis

- Haldin voru tvö trúnaðarmannanámskeið í samstarfi við Fagfélögin

Nýting fjármagns innan RSÍ og stofnana því tengt

- Rýni hófst á starfsárinu en mun þurfa að halda áfram inn á það næsta. Unnið að greiningu gagna til að rýna í félagsgjald m.t.t. mögulegrar lækkunar og skiptingu félagsgjalds.



LEIÐANDI AFL Í MENNTUN

Áróðursherferð til að auka vitundarvakningu menntunar og öryggis

- Markvissar áherslur á vitundarvakningu menntunar og öryggis.

Greina mannaflapörf og menntastefnu í öllum greinum innan RSÍ

- Taka virkan þátt í Íslandsmóti iðn- og verkgreina
- Undirbúningur og þátttaka okkar greina til mikillar fyrirmyndar á móti sem heppnaðist í alla staði mjög vel.



AUKIÐ ÖRYGGI

Samstarf á breiðum vettvangi vegna öryggismála. Markmið var sett um að setja upp verkáætlun um öryggismál.

Hefja vinnu með HMS um rafmagnsöryggi og koma á samstarfi.

- Samtal hefur verið við fulltrúa HMS á árinu 2021 og vilji er til samstarfs. Formlegt samstarf ekki hafið.
- Öryggisskólinn stofnaður



FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA

Móttaka nýrra félaga

- Sett hefur verið upp ferli til að skýra móttöku nýrra félaga

Aðgengi að upplýsingum til félagsfólks

- Nýtt félagakerfi tekið upp 1. janúar 2025 sem mun einfalda upplýsingagjöf til félagsfólks. Hægt að vinna gögn eftir einstaka hópum innan RSÍ hvort sem það er eftir félögum, starfsheitum eða vinnustöðum. Getum fylgst betur með launaþróun hinna ýmsu hópa. Bætt utanumhald um trúnaðarmannakerfi.

Meta ánægju félagsfólks með þjónustu RSÍ.

- Í kjarakönnun RSÍ kom fram að 65% svarenda hefðu nýtt sér þjónustu RSÍ sem er aukning um 4% frá fyrra ári. Af þeim sem nýttu þjónustuna eru 80% ánægðir með hana sem er aukning um tæp 4% frá fyrra ári. (markmiðið var >90% ánægja)
- NPS skor RSÍ mælt reglulega. NPS skor í desember 2024 var 40 sem er veruleg hækkun frá fyrri mælingum en í janúar 2023 var talan 19.

kynna þá starfsemi sem þar er að baki ásamt því að lógó og nafni var breytt. Hús Fagfélaganna var lagt niður og lögð áhersla á að tala um Fagfélögin sem er þjálfa í framsetningu og meira lýsandi fyrir starfseminu. Lógóið var jafnframt uppfært í, **Fagfélögin, ekkert fúsk.**

Markmiðið er að þróa samstarfið enn frekar en töluverðar breytingar urðu á samstarfinu á síðasta ári. Samiðn og Byggiðn tóku þá ákvörðun að segja sig frá samstarfinu. Samiðn sagði samningi upp um mitt ár 2024 og tók upp-

sögn gildi um síðustu áramót. Í framhaldinu var gerður samningur um þjónustu varðandi bókhald og undirbúning fyrir endurskoðun, móttöku, aðgang að mötuneyti og umsjón tölvumála.

Það er mat formanna MATVÍS, VM og RSÍ að saman séum við sterkari í þeim málum sem snertir heildina og eykur áhrif iðn- og tæknifólks með meiri virkni sem hagsmunaverðir fyrir iðn- og tæknigreinar á Íslandi, til dæmis þegar kemur að iðnaðarlöggjöf og eflingu iðn- og tæknigreina. Afar brýnt er að rödd fagfélag-

anna sé sterk í þeirri hagsmunabaráttu sem við erum í á hverjum tíma. Það hefur sjaldan verið jafn mikilvægt fyrir hagsmuni iðn- og tækni-greina að talsfólki okkar „sé boðið í samtalið!“ Samstaða og samræmd sýn á málin skiptir þar öllu máli. Formaður Byggiðnar deilir ekki þessum skoðunum hinna formannanna og sagði sig frá samningnum í lok árs 2024. Uppsögn samningsins gildir frá 1. janúar síðastliðnum og raungerist 1. júlí næstkomandi. Ekki liggur fyrir hvort þjónustusamningur verði gerður á milli Byggiðnar og Fagfélaganna. Eins og staðan er í dag mun því öll þjónusta við Byggiðn, símsvörun, orlofssjóður, sjúkrasjóður, bókhald og kjaramál, færast til þeirra.

REKSTUR SKRIFSTOFU

Fagfélögin sjá um grunnrekstur skrifstofu, þ.e. almenna þjónustu við félagsfólk hvort sem það eru kjaramál, svörun vegna orlofshúsa eða fyrirspurnir og umsjón sjúkrasjóðs ásamt umsjón með bókhaldi félaganna. Um mitt síðasta ár var tekin ákvörðun um að taka yfir innheimtu félagsgjalda frá 01.01.2025. Ákvörðun sem þessi er stór og mikilvægt að undirbúningur að slíkri yfirfærslu sé góður en félagsgjöld eru grundvöllur reksturs félaganna. Í framhaldinu var farið í samtal við Afl starfsgreinafélag sem hefur haft veg og vanda að Tótal félagakerfi. Allir þættir starfsins rúmast í því kerfi og innheimtan því viðbót við það sem verið hefur. Undirbúningur innheimtu hófst haustið 2024. Upplýsingar voru sendar til atvinnurekenda ásamt því að huga þurfti að fjölmörgum praktískum þáttum við útfærslu verkefnisins. Samhliða því var einnig tekið upp nýtt bókhaldskerfi sem heitir BC (Business Central). Mikil vinna hefur verið við aðlögun þessara kerfa að okkar þjónustu og fyrir félögin að aðlaga sig að þeim möguleikum sem kerfin bjóða upp á. Þeirri vinnu er ekki lokið en vonir standa til að

breytingin skili sér í góðri þjónustu við félagsfólk og bættum verkferlum. Vinna sem þessi tekur þó tíma og krefst mikillar þolinmæði. Ávinningurinn er mikill varðandi innheimtu félagsgjalda og vonir standa til að það skili fjárhagslegum sparnaði. Það ætti að koma fyrst og fremst fram í því að kostnaður við innheimtu sem hefur verið greiddur til Birtu lífeyrissjóðs fellur niður og ekki hefur þurft að ráða inn starfsfólk vegna þessa. Farið var í tilfærslur varðandi verkefnaskiptingu starfsfólks sem gerði þetta mögulegt. Álag á starfsfólk hefur vissulega verið mikið og því ber að þakka fyrir þolinmæði, þrautseigju og dugnað við yfirfærsluna.

Miklar breytingar urðu á starfsemi skrifstofu RSÍ undir lok síðasta árs. Kristján Þórður Snæbjarnarson tók ákvörðun um að bjóða sig fram í landsmálapólitíkina og fór í leyfi 24.10.2024. Í kjölfarið tók hann sæti á þingi og sagði af sér sem formaður RSÍ 07.02.2025. Boðað var í framhaldinu til aukapings sem fram fór 27.02.2025 þar sem Jakob Tryggvason var kjörinn formaður. Breytingar urðu jafnframt á starfi Björns Ágústs Sigurjónssonar en hann minnkaði starfshlutfall sitt í 50% frá 01.01.2025. Guðjón Heiðar Sigurðsson tók yfir verkefni sem tengjast orlofssjóðnum en Björn Ágúst sinnir áfram verkefnum sem tengjast starfsemi skrifstofunnar og samþykkt reikninga.

ÞJÓNUSTA VIÐ FÉLAGSFÓLK

Síðustu ár hefur verið mikil áhersla á rafræna þjónustu við félagsfólk. Öll þjónusta við félagsfólk í sjúkra- og orlofssjóði er með rafrænum hætti og á því varð engin breyting við innleiðingu Tótal félagakerfis. Hægt er að sækja um alla styrki og sjúkradagpeninga með rafrænum hætti ásamt því að félagsfólk getur jafnframt sótt sér alla þjónustu í orlofskerfinu með rafrænum hætti hvort sem það er að bóka or-

lofshús, afbóka orlofshús, kaupa flugávisanir, veiðikort og útilegukort og markmiðið að allt félagsfólk verði sjálfbært við notkun kerfisins. Nokkrir hnökrar hafa verið varðandi þessa þjónustu í upphafi árs 2025 sem hefur leitt til þess að fleira félagsfólk hefur þurft að leita aðstoðar á skrifstofu en verið hefur. Markvisst er unnið að aðlögun og lagfæringu á kerfinu til að tryggja sjálfbærni félagsfólks við notkun þess. Mikilvægt er að tryggja að allir geti nýtt sér þjónustuna með rafrænum hætti en að sama skapi hefur jafnframt verið lögð áhersla á að þau sem þurfa aðstoð, fái þá þjónustu hvort sem það er í gegnum síma, tölvupóst eða hreinlega með því heimsækja skrifstofuna og er félagsfólk ávallt velkomið.

Þjónusta við félagsfólk vegna kjaramála, orlofs-sjóðs og sjúkrasjóðs fer að mestu fram á skrifstofu Fagfélaganna. Kjarateymi vinnur þvert á félög sem gerir það að verkum að nýting starfsfólks er betri og auðveldara er að tryggja að ávallt sé starfsfólk til staðar til að sinna félagsfólki. Greiðslur styrkja og sjúkradagpeninga eru innan hvers félags en móttaka Fagfélaganna svarar almennum fyrirspurnum um styrki og aðstoðar við rafrænar umsóknir sé þess þörf. Með breytingu á starfsfólki gefst aukið svigrúm til afgreiðslu umsókna í sjúkrasjóði þar sem það starfsfólk sem sinnir þeim verkefnum starfar nú innan Fagfélaganna. Móttakan svarar jafnframt almennum fyrirspurnum varðandi orlofshús, veitir aðstoð með afgreiðslu orlofshúsa, flugávisana og afgreiðir útilegukort og veiðikort.

Unnið hefur verið að samræmingu á orlofskerfum félaganna, þ.e. Byggið, MATVÍS, RSÍ og VM. Félögin opna fyrir bókanir í orlofshúsin á sama degi, þ.e. 1. júní vegna bókana frá ágúst fram í janúar og svo 1. nóvember fyrir bókanir í orlofshús frá janúar fram í maí. Af þessu hlýst

mikil hagræðing sem einfaldar svörun hjá móttöku. Við upptöku á nýju félagakerfi var farið í samræmingu á leiguverðum orlofshúsa innan félaganna eins og frekast er unnt, breytingar á leiguverði og framsetningu á praktískum upplýsingum. Markmiðið er að þessari vinnu verði framhaldið og reynt af fremsta megni að samræma reglur og tímasetningar varðandi umsóknir í orlofshús um páska og sumar. Einnig hefur verið unnið að samræmingu á verklagi og reglum sjúkrasjóðs hjá öllum félögum og nokkur skref verið stigin í þá átt að samræma verklag við afgreiðslu styrkja. Mikilvægt er að þeirri vinnu verði framhaldið og jafnframt er reynt eftir fremsta megni að gera ekki breytingar á verklagi nema að höfðu samráði á milli félaganna. Markmiðið er að tryggja sambærilega þjónustu hjá þeim félögum sem að samstarfinu koma. Afrakstur slíkrar vinnu tryggir jafnframt skilvirkari upplýsingagjöf frá móttöku og kemur í veg fyrir röng eða misvísandi svör. Staðan er með þeim hætti að margt er líkt en annað ekki og mun taka tíma að gera þessar breytingar þar sem almennt er ekki mikill vilji hjá félögum að skerða réttindi félagsfólks. Í þeim tilvikum sem breytingar hafa verið gerðar hefur verið um augin réttindi að ræða en ekki skerðingu. Verklag og skil á gögnum er einnig stór þáttur í störfum þeirra sem sjá um sjúkrasjóðinn, því eru samráðsfundir þess starfsfólks sem hefur með þessu verkefni að gera afar mikilvægur. Á síðasta ári var tekin ákvörðun um að auka þjónustu við félagsfólk aðildarfélaga Fagfélaganna á landsbyggðinni. Benóný Harðarson forstöðumaður kjarateymis var með opna viðtals-tíma við félagsfólk á Austfjörðum, Vestfjörðum og Akureyri frá september til desember 2024. Alls voru haldnir 6 fundir á þessum landsvæðum á tímabilinu. Fjöldi umsókna í sjúkrasjóð RSÍ á árinu 2024

voru 5.730 umsóknir sem er 6% fjölgun frá fyrra ári. 1047 umsóknir bárust um menntastyrki sem er 10% fjölgun á milli ára. Fjöldi kennitalna sem nýtti sér styrki úr sjúkrasjóði 2024 jókst lítillega eða 3,2%. Fjöldi kennitalna sem sótti um mennta- og námskeiðsstyrki var mun meiri eða 22,3%. Skýring á þessari aukningu er mögulega hægt rekja til hækkunar á menntastyrk frá 01.01.2024 ásamt því að endurgreiðsluhlutfall var hækkað.

Mikið er hringt inn á skrifstofuna en til að gefa betri mynd af stöðunni þá bárust 17.506 símtöl í símkerfi Fagfélaganna 2024. Hafa þarf í huga að inn í þessum tölum eru ekki símtöl sem berast beint í borðsíma eða gsm síma starfsmanna.

REKSTRAR- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ FAGFÉLAGANNA

Árið 2024 einkenndist af áframhaldandi þróun samstarfsins. Viðræður hafa verið í gangi um fjölgun félaga á Stórhöfðanum sem vonir standa til að skýrist enn frekar á árinu. Helstu verkefni starfsfólks Fagfélaganna eru m.a. bókhalds- og gjaldkerastörf, móttaka og símsvörun, umsýsla sjóða, innheimta félagsgjalda, félagakerfi, þjónusta við orlofshús og íbúðir og mötuneyti. Undir sviðið heyra jafnframt 3 ráðgjafar VIRK starfsendurhæfingar. Miklar breytingar áttu sér stað á rekstrarsviðinu um síðustu áramót með upptöku á nýju bókhaldskerfi. Yfirfærslan hefur tekið mikinn tíma hjá starfsfólki

Breytingar voru gerðar á starfsemi mötuneytis 2023 sem hafa gefist mjög vel. Boðið er upp á mat í hæsta gæðaflokki sem er afar mikilvægt í allri starfsemi en fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl á milli góðs mötuneytis og starfsánægju. Einnig hefur gestum í mat fjölgað töluvert á milli ára en m.a. hafa þátttak-

endur námskeiða hjá Rafmennt nýtt sér þessa þjónustu sem og aðrir starfsmenn í húsinu þó þeir séu ekki aðilar að Fagfélögunum. Þess ber að geta að allar veitingar vegna fundahalda félaganna eru gerðar af kokki Fagfélaganna.

Landssamband eldri borgara flutti á Stórhöfðann undir lok síðasta árs og nýta sér þjónustu Fagfélaganna t.d. aðstoð vegna funda og mötuneyti.

VIRK STARFSENDURHÆFINGAR-SJÓÐUR

Fagfélögin hafa umsjón með starfsemi ráðgjafa VIRK á Stórhöfðanum. Ráðgjafar VIRK í starfsendurhæfingu eru Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir, Hlín Guðjónsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir (til 01.07.2024) og Unnur B. Árnadóttir. Breytingar urðu á fjölda stöðugilda ráðgjafa um mitt síðasta ár þegar Hildur Petra Friðriksdóttir lét af störfum því tekin var ákvörðun af stjórnendum VIRK að ráða ekki nýjan ráðgjafa í hennar stað. Stöðugildum hefur því fækkað um tvö frá því sem mest var. Nokkrar áhyggjur hafa verið vegna þessarar þróunar því mikilvægt er að allt félagsfólk aðildarfélaga innan Fagfélaganna þurfi ekki að bíða lengi eftir þjónustu. Fjöldi þeirra einstaklinga sem hafa fengið greidda sjúkradagpeninga hefur fækkað á milli ára og því ekki ólíklegt að þörf fyrir þjónustu ráðgjafa VIRK minnki að sama skapi. Mikilvægt er að vera vel vakandi yfir þessari þróun þar sem þjónusta sem þessi hefur nýst vel þeim sem hafa verið að glíma við veikindi og alvarlegar afleiðingar slysa.

Hvert er hlutverk VIRK?

Hlutverk Virk er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Oftast er stefnt á fullt starf en ef um skerta starfsgetu er að ræða getur markmiðið verið

að einstaklingur komist í hlutastarf. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings og því þarf að vera bæði vilji og geta til þess að taka þátt og sinna endurhæfingaráætlun eins og gert er ráð fyrir í þátttökusamningi.

Meginskilyrði fyrir þjónustu hjá VIRK eru eftirfarandi:

- Að viðkomandi geti ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests sem rekja má til veikinda eða slysa. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma vegna heilsubrests af andlegum eða líkamlegum toga.
- Að markmið einstaklings sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði, eða auka þátttöku á vinnumarkaði, svo fljótt sem verða má.
- Að geta og vilji sé til staðar til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni og fylgja þeirri áætlun sem þar er sett fram.

Auk þess er nauðsynlegt að:

- Einstaklingur sé fær um að axla ábyrgð á eigin lífi, geta tekið þátt í athöfnum daglegs lífs og sinnt nauðsynlegum þáttum starfsendurhæfingar.
- Einstaklingurinn hafi þörf fyrir þjónustuna og hún sé til þess fallin að auðvelda honum að fara aftur til vinnu.
- Þjónustan sé líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.
- Hafa samráð við viðeigandi aðila, s.s. lækni, meðferðaraðila og atvinnurekanda þegar við á.

Á árinu 2024 hófu 2.371 einstaklingar starfsendurhæfingu á vegum VIRK, 68 fleiri en árið áður. Á nýliðnu ári útskrifuðust 1.899 þjónustu-

þegar frá VIRK, 119 færri en árið 2023. Í febrúarlok 2025 eru rúmlega 2.900 þjónustuþegar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK um allt land.

Á árinu 2024 hófu 138 einstaklingar starfsendurhæfingu hjá ráðgjöfum á Stórhöfða. 102 einstaklingar luku þjónustu á árinu, 81% þeirra útskrifuðust með vinnugetu og fóru í vinnu, nám eða atvinnuleit. Alls hafa 2.468 einstaklingar hafið starfsendurhæfingu á Stórhöfðanum frá upphafi starfseminnar.

Starfsfólk skrifstofu RSÍ

Björn Ágúst Sigurjónsson, skipulag viðburða og samþykkt reikninga

Georg Páll Skúlason, kjaramál, sjúkrasjóður og menntamál

Hrönn Magnúsdóttir, umsjónarmaður orlofskerfis RSÍ og grafísk hönnun 50% starfshlutfall hjá Fagfélagunum.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ (til 07.02.2025)

Jakob Tryggvason formaður RSÍ (frá 27.02.2025)

Ragnar Valur Ragnarsson, umsjónarmaður orlofs-svæðis á Skógarnesi og í Miðdal

Sigrún Sigurðardóttir, skrifstofustjóri (til 11.12.2024, framkvæmdastjóri frá 11.12.2024)

Þjónustu- og rekstrarsviðsvið Fagfélaganna er skipað eftirtöldu starfsfólki:

Agnes Olejarz, móttaka, símsvörun og túlkun fyrir pólskt félagsfólk

Sigríður Karitas Kristjónud., móttaka og símsvörun

Helga Björg Steingrímsdóttir, félagakerfi, innheimta og móttaka

Erla Sigríður Erlingsdóttir, umsjón sjúkrasjóða Fagfélaganna

Lilja Sæmundsdóttir, móttaka og umsjón sjúkrasjóða Fagfélaganna

Þorsteinn Hilmarsson, bókhald

Álfhildur Guðmundsdóttir, bókhald

Elín Sigurðardóttir, innheimta og bókhald

Guðni Gunnarsson, umsjónarmaður fasteigna og tæknimála.

Guðjón Heiðar Sigurðsson, umsjónarmaður orlofshúsa

Hrönn Magnúsdóttir, grafísk hönnun 50% starfshlutfall

Marta Kristjánsson, mötuneyti

Bjartmar Pálmason, matreiðslumaður

Pálmi Finnbogason, forstöðumaður þjónustu- og rekstrarsviðs og gjaldkeri RSÍ

Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir, ráðgjafi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs

Hlín Guðjónsdóttir, ráðgjafi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs

Unnur B. Árnadóttir, ráðgjafi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs

SAMSTARF UM FÉLAGSLEGA VIÐBURÐI

Þau félög sem standa að Fagfélögunum hafa staðið sameiginlega að viðburðum á starfsárinu. Haldin voru þrjú sameiginleg trúnaðarmannanámskeið á síðasta ári í samstarfi við Félagsmálaskólann.

Framhald var á lífeyrisnámskeiðum á síðasta ári en haldin voru tvö námskeið fyrir félags-

fólk aðildarfélaganna að Fagfélögunum og maka þeirra. Yfirskrift námskeiðsins er "lífeyrismál og starfslok" en á námskeiðinu er farið vandlega yfir allt sem nauðsynlegt er að vita varðandi lífeyrismál og fjármálahlíð starfsloka. Meginviðfangsefni námskeiðsins var lífeyrir, fjárhæðir og tekjutengingar, hvaða áhrif atvinnutekjur hafa á greiðslur frá lífeyrissjóðum, hvenær er hægt að hefja töku lífeyris, fyrirkomulag lífeyrisgreiðslna, séreignarsparnaður, tilgreind séreign, er skynsamlegt að sækja hálfan lífeyri, hvernig á að deila lífeyri með maka og margt fleira. Námskeið þessi hafa notið mikilla vinsælda og ljóst að þau eru komin til að vera í starfsemi Fagfélaganna.

1. MAÍ KAFFI

Rafiðnaðarsamband Íslands hefur ávallt verið með 1. maí kaffi og hefur engin breyting verið þar á. Síðustu ár hefur það verið sameiginlegt með öðrum félögum sem standa að Fagfélögunum. Með stórbættri aðstöðu og auknu rými á Stórhöfða 29 er svigrúm til að taka á móti stórum hópi fólks. Múlakaffi sá um allar veitingar og lagði til borð, stóla og dúka.



Fjölmargir gestir lögðu leið sína á Stórhöfðann að lokinni kröfugöngu og mun fleiri en búist var við sem er afar ánægjulegt.



TRÚNAÐARMANNA- RÁÐSTEFNA 2024

Tekin var ákvörðun um að aðildarfélög Fagfélaganna, Byggið, MATVÍS, RSÍ og VM, myndu halda sameiginlega Trúnaðarmannaráðstefnu í nóvember 2024. RSÍ hefur haldið ráðstefnu sem þessa til margra ára og var sú þekking og reynsla sem þar hefur skapast nýtt sem grunnur að skipulaginu. Um var að ræða tveggja daga ráðstefnu sem var haldin dagana 21.-22. nóvember á Hótel Örk fyrir trúnaðarfólk og stjórnarfólk félaganna. Þátttakendur voru um 110 talsins. Dagskráin var fjölbreytt og tíminn vel nýttur. Fjölmarginir fyrirlestrar voru haldnir þar sem m.a. var kynning á starfsemi Fagfélaganna, VIRK, ASÍ og farið yfir helstu niðurstöður kjarakannana. Einnig fór fram hópavinna þar sem leitað var eftir svörum við spurningunni, Getum við þróað sterkara tengslanet trúnaðarmanna? Óhætt er að segja að afar vel hafi tekist til en eitt af markmiðum ráðstefnunnar var að efla tengslanet trúnaðarfólks og styrkja þá í hlutverkum sínum til frambúðar.

KVENNARÁÐSTEFNA ASÍ 14.-15. NÓVEMBER 2024

Kvennaráðstefna ASÍ var haldin á Akureyri í nóvember síðastliðnum. Rúmlega 20 konur frá Fagfélögunum og aðildarfélögum voru skráðar til þátttöku á ráðstefnunni. Vegna óveðurs komst lítil hluti þátttakenda okkar á áfangastað. Jóhanna Bárðardóttir og Þórunn S. Jónsdóttir voru meðal þeirra 5 þátttakenda sem komust til Akureyrar og voru okkur til mikilla sóma með kynningum sínum. Erindi þeirra og umræður sem sköpuðust vöktu mikla athygli á stöðu kvenna innan karllægra greina og varð til þess að okkur var boðin þátttaka í Framkvæmdastjórn Kvennaárs. Jóhanna Bárðardóttir er fulltrúi okkar þar

VILTU LÆRA AÐ SEMJA UM HÆRRI LAUN

Ársverðbólga mældist um 6% um mitt síðasta ár og hafði lækkað um 0,3 stig frá síðustu mælingu, samkvæmt tilkynningu frá Hagstofu Íslands. Þar með hefur hækkun verðlags nánast að engu gert þá launahækkun sem samið var um á almennum vinnumarkaði í febrúar 2024. Í þeim samningum var samið um 3,25% launahækkun á þessu ári. Vonir um að hægja myndi verulega á verðlagshækkunum gengu ekki að fullu eftir. Fyrirtæki héldu ekki aftur af hækkunum í þeim mæli sem til þurfti.

Af þessu er ljóst að félagsfólk okkar myndi verða fyrir kjararárýrnun síðustu mánuði ársins 2024, eða þar til næsta umsamda launahækkun tók gildi.

Fagfélögin buðu af þessu tilefni til hádegisnámskeiðs 11. september 2024. Á námskeiðinu var farið yfir hvernig launafólk getur borið sig að við að semja um eigin laun á almennum vinnumarkaði.

KVENNAFUNDUR FAGFÉLAGANNA

Mikil umræða hefur verið um stöðu kvenna innan karllægra iðngreina undanfarin ár. Á trúnaðarmannaráðstefnu á síðasta ári var samþykkt að fara af stað með fundaröð fyrir konur sem starfa í greinum innan aðildarféлага Fagfélaganna. Mikill meðbyr hefur verið með þessari umræðu og tilvalið að nýta Kvennaárið til að færa þessa umræðu á næsta stig. Fyrsti fundurinn var haldinn 6. mars síðastliðinn í húsnæði Fagfélaganna á Stórhöfðanum. Markmið fundarins var að konur og kvár gætu hist, myndað tengsl, sýnt samstöðu, kynnst og haft gaman. Á fundinum var kynnt dagskrá Kvennaárs sem er í höndum ASÍ og BSRB og er fyrst og fremst tileinkað jafnréttisbaráttunni. Um 45 konur mættu á fundinn frá öllum aðildarfélögunum þar sem málefni



kvenna í karllægum iðngreinum voru til umfjöllunar. Jóhanna Bárðardóttir rafvirki og formaður félags fagkvenna stýrði fundinum og hélt erindi um eigin reynslu af hindrunum og fordómum sem hún hefur mætt á vinnu- markaði ásamt því að birta áhugaverðar tölur um hlutfall kvenna sem hafa lokið iðngreinum. Þess ber að geta að það hlutfall er ansi lágt samanborið við karla sem dæmi er hlutfall þeirra kvenna sem hafa lokið sveinsprófi í rafvirkjun aðeins 2,2%. Halldóra Geirharðsdóttir leikkona var með erindi þar sem hún nýtti sér eigin reynslu með það að markmiði að koma á framfæri skilaboðum um að setja sjálfum sér og öðrum mörk og læra að elska sjálfan sig eins og maður er. Að hennar erindi loknu fór fram hópavinna þar sem umræðu-

efnið var staða kvenna í karllægum iðn- og tæknigreinum. Fram kom meðal annars í umræðunum að draga þarf karla inn í umræðu um jafnréttismál, þau séu enda á ábyrgð allra. Í ljósi góðrar þátttöku var ákveðið áframhald þessarar fundaraðar og verður næsti fundur haldinn 15. maí næstkomandi þar sem markmiðið verður að styrkja konur í atvinnulífinu og ræða hvernig stuðla megi að auknu jafnrétti í karllægum iðn- og tæknigreinum.

UNGT JAFNAÐARFÓLK SÓTTI FAGFÉLÖGIN HEIM

Ungt jafnaðarfolk heimsótti Fagfélögin í vísindaferð föstudaginn 12. apríl 2024. UJ hafði áhuga að kynnst starfi Fagfélaganna og læra um þau félög sem standa að samstarfinu á Stórhöfða.

Fagfélögin tóku vel á móti hópnum en Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður VM og Jón Bjarni Jónsson, formaður Byggiðnar, héldu hver um sig stutta tölu um sín félög.

Upp úr þeim erindum sköpuðust afar líflegar umræður um iðngreinar og þær áskoranir sem þessar greinar standa frammi fyrir. Menntamál voru rædd í þaula, húsnæðismál og mikilvægi þess að fólk með starfsréttindi vinni iðnaðarstörf, svo fátt eitt sé nefnt.

JÓLASTYRKUR TIL HJÁLPARSAMTAKA

Fagfélögin veittu Hjálparstarfi kirkjunnar annars vegar og Velferðarsjóði Eyjafjarðarsvæðisins hins vegar styrki fyrir jólin.

Heimir Kristinsson, varaformaður Byggiðnar afhenti styrkinn fyrir norðan en við honum tóku Baldvin Valdemarsson og Kristbjörg Álfhildar Sigurðardóttir fyrir hönd velferðarsjóðsins.

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, veitti styrk Fagfélaganna viðtöku á Stórhöfða í Reykjavík í vikunni. Andri Haraldsson, varaformaður RSÍ, Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, formaður MATVÍS og Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður VM afhentu honum styrkinn.

SAMSTARF UM MENNTUN

Á síðustu mánuðum og árum hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á aukið samstarf á milli lðunnar og Rafmenntar sem hefur meðal annars komið fram í auknu námsframboði þvert á þessi tvö fræðslusetur sem Fagfélögin standa að. Samkomulag hefur verið í gildi um að félagar sem greiða til annars hvors aðilans geta sótt námskeið hjá hinu fræðslusetrinu á niðurgreiddum námskeiðsgjöldum. Með þessu er bæði tryggt aðgengi að miklum fjölda námskeiða auk þess að hvor rekstraraðili fyrir sig getur einbeitt sér að þeim námskeiðum þar sem sérþekking er mest og þannig hámarkað gæðin fyrir félagsfólk. Samstarfið hefur leitt af sér aukna og bættu þjónustu í menntamálum, eftirmenntunarnámskeiðum fyrir félaga innan RSÍ þar sem okkar fólk getur sótt námskeið hjá lðunni en einnig getur félagsfólk sem greiðir til lðunnar sótt námskeið hjá Rafmennt. Með þessu er boðið upp á enn meiri fjölda námskeiða.

Á starfsárinu lauk Rafmennt þróun á fyrstu 5 fagbréfum fyrir tæknigreinarnar. Fagbréfin eru þróuð í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þau eru vottun á hæfni beint á móti hæfnikröfum skilgreinds starfs og er ferlið samsett af matsferli svipuð því sem fer fram í raunfærnimati. Í beinu framhaldi fer þá fram þjálfun eða fræðsla í þeim atriðum sem viðkomandi þarf að styrkja sig í, ef einhver eru. Vænst er til þess að fagbréfin þróist fyrir eins mörg störf og kostur er á innan okkar raða og

að þau nýtist sem verkfæri sem getur átt þátt í að staðfesta þá hæfni sem býr í okkar fólki og um leið átt þátt í að tryggja því réttmæta starfs- og launaþróun.

KJARADEILD FAGFÉLAGANNA

Kjaradeild Fagfélaganna þjónustar félagsfólk RSÍ, VM, Byggiðnar og MATVÍS. Í heildina eru um 17.000 félagar í þessum félögum.

Kjaradeildin svarar fyrirspurnum vegna kjarsamninga, útbýr launakröfur, kemur að gerð kjara- og stofnanasamninga auk þess að halda utan um skipulag og starf vinnustaðareftirlitis. Í september 2023 gerðu Fagfélögin og Efling samning um vinnustaðareftirlit sem gerði það að verkum að hægt var að stækka eftirlitseymið úr einum fulltrúa upp í tvo. Það samstarf hefur reynst mikil lyftistöng fyrir eftirlitið. Undir kjaradeild vinna því í dag fimm starfsmenn; þrír sinna kjaramálum og tveir eftirliti. Frá september 2023 hefur kjaradeild Fagfélaganna svarað beint í síma öllum erindum um kjaramál. Áður þurfti félagsfólk að byrja á að hafa samband við skiptiborðið og síminn sendur inn á kjaradeild ef málið féll í þann málaflokk. Einnig hefur verið lögð áhersla á að bæta allt utanumhald um tölfræði samhliða þessum breytingum.

Frá september 2024 til mars 2025 bárust kjaradeildinni 1.897 símtöl eða rúmlega 300 símtöl í hverjum mánuði. Á sama tíma bárust um 2.289 aðstoðarbeiðnir í gegnum heimasíður félaganna. Kjaradeildin hefur því svarað rétt rúmlega 4.000 beiðnum, spurningum og öðrum erindum sl. 7 mánuði. Það samsvarar rúmlega 27 svörum á hverjum virkum degi, eða 600 svör á mánuði. Taka þarf fram að ótalin eru samskipti sem fara fram í gegnum tölvupósta starfsmanna og heimsóknir á skrifstofuna.

Á árinu 2024 urðu til 166 formleg mál hjá kjaradeild Fagfélaganna sem er yfir 100% fjölgun mála á milli árána 2023 og 2024 sem tók til 218 félagsmanna. Þessi mál eru að stærstum hluta launakröfur eða kröfulýsingar í þrotabú. Af þeim málum sem komu inn er 137 málum nú þegar lokið eða 82,5% mála sem urðu til á árinu.

Kjaradeildin undirbýr kjarasamningagerð, hittir samninganefndir og á oftast fulltrúa þar sem gengið er frá kjarasamningum. Félög innan Fagfélaganna eru aðilar að hátt í 60 kjarasamningum og var klárað að ganga frá almennum kjarasamningum í mars 2024. Frá þeim tíma hefur stöðug vinna átt sér stað til að klára aðra kjarasamninga. Eini samningurinn sem eftir er að ganga frá er við Alcoa.

Kjaradeildin kemur einnig að skipulagðri fræðslu en á síðasta starfsári voru haldin þrjú trúnaðarmannanámskeið auk þess sem haldin voru tvö lífeyrisnámskeið. Fagfélögin munu leggja áherslu á að gera enn betur í fræðsluhlutanum og erum við strax byrjuð að kynna okkur námskeið sem hægt er að kynna á komandi hausti.

Mynd nr. 1

2024-2025 SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR

Kjarasamningur	Undirskriftar- dagur	Gildir til
RSÍ - SA/SART (almenni)	9. 3. 2024	1. 2. 2028
Grafía - SA (almennur)	1. 2. 2028	1. 2. 2028
RSÍ – Ríkið	28. 10. 2024	31. 3. 2028
RSÍ – Reykjavíkurborg	28. 11. 2024	31. 3. 2028
RSÍ – Borgarleikhúsið	Fer inn í tækni- greinasamning	1. 2. 2028
RSÍ – Síminn og dótturf. (sveinasamningur)	24. 04. 2024	1. 2. 2028
RSÍ - Míla ehf.	26. 3. 2024	1. 2. 2028
RSÍ/FÍS – Síminn og dótturf.	Fer inn í tækni- greinasamning	1. 2. 2028
RSÍ/FÍS – Já	Fer inn í tækni- greinasamning	1. 2. 2028
RSÍ/FÍS - Míla	Fer inn í tækni- greinasamning	1. 2. 2028
RSÍ – Félag atvinnurekenda	21. 3. 2024	1. 2. 2028
Grafía - Félag atvinnu- rekenda/SÍA	20. 3. 2024	1. 2. 2028
RSÍ – Landsvirkjun	14. 6. 2024	1. 2. 2028
RSÍ – Landsnet	29. 11. 2024	1. 2. 2028
RSÍ – RARIK	14. 6. 2024	1. 2. 2028
RSÍ – Orkuveita Reykjavíkur	14. 6. 2024	1. 2. 2028
RSÍ – HS Orka	14. 6. 2024	1. 2. 2028
RSÍ – HS Veitur	14. 6. 2024	1. 2. 2028
RSÍ – Norðurorka	14. 6. 2024	1. 2. 2028
RSÍ – ISAL	22. 6. 2024	31. 12. 2026
RSÍ – Elkem	11. 4. 2025	31. 12. 2029
RSÍ – Steinullar- verksmiðjan		31. 3. 2024
RSÍ – 365	Fer inn í tækni- greinasamning	
RSÍ – Advania / NRTF	15. 4. 2025	1. 1. 2031
RSÍ – Norðurál	10. 4. 2025	31. 12. 2029
RSÍ – Alcoa Fjarðaál	6. 3. 2023	28. 2. 2024
RSÍ/VM - Orkubú Vestfjarða	14. 6. 2024	01. 02. 2028
5. kafla samningar (RSÍ-SA/SART)		
ISAVIA	9. 3. 2024	1. 2. 2028
RÚV	17. 12. 2024	1. 2. 2028
Marel	28. 11. 2024	1. 6. 2028



Frá kynningu á kjarasamningum.

Kjarateymi RSÍ

Georg Páll Skúlason

Kristján Þórður Snæbjarnarson (til 07.02.2025)

Jakob Tryggvason (frá 27.02.2025)

Kjarateymi RSÍ vinnur jafnframt þétt með kjaradeild Fagfélaganna sem er skipuð eftirtöldu starfsfólki:

Benóný Harðarson, forstöðumaður

Ari Ólafsson Thorlacius

Ágúst Arnórsson (hætti störfum 27.02.2025)

Björn Eysteinnsson

Vilhjálmur Sveinsson (fór á eftirlaun 31.12.2024)

Mirabel Blaga, vinnustaðaeftirlit

Adam Kári Helgason, vinnustaðaeftirlit

Elsa María Rögnvaldsdóttir, lögfræðingur

Fagfélaganna (hætti störfum 01.02.2025)

Kjarasamningar 2024-2025

Á árunum 2024-2025 hefur RSÍ gengið frá fjölmörgum kjarasamningum í orkugeiranum, á opinberum markaði auk fyrirtækjapáttá í Marel og hjá RÚV. Ekki sér þó alveg fyrir endan á þeirri kjarasamningatörn sem hófst í raun í nóvember 2022 þar sem enn á eftir að semja við Alcoa.

Nær allar kjaradeilur RSÍ og Fagfélaganna í heild sinni hafa endað inni á borði Ríkissátta-

semjara, en það er tilfinning okkar sem semja fyrir RSÍ og Fagfélögin í heild sinni að kjarabaráttan sé að harðna, að Samtök atvinnulífsins ætli að þröngva öllum í sömu launahækkanir, sama hvað.

Ef samræming verður of mikil og hlutirnir fara á þá leið að sá fyrsti sem semur býr til línuna í öllum kjarasamningum sem á eftir koma, þá er hætt á að millitekjuhóparnir tapi á því.

Launaþróunartryggingar

Í samningum í orkugeiranum og á opinberum vinnumarkaði er núna í fyrsta skipti gerð tilraun með launaþróunartryggingu. Það hefur lengi verið málflutningur iðn- og tæknifólks sem vinna á töxtum að á milli samninga hafi taxtalaunahópar dregist aftur úr og því hefur þurft að berjast fyrir því að ná til baka almennri launaþróun í hverjum samningi á eftir. Með því að ná loksins fram launaþróunartryggingu fyrir þessa hópa trúum við því að launaþróun þeirra verði betur í takt við almenna launaþróun í landinu.

Einnig var samið um launaþróunartryggingu á taxa á almennum vinnumarkaði, skilaði það 0,58% hækkun á öllum töxtum almenna kjarasamningsins frá 1. apríl 2025.

Tæknigreinasamningur

Í kjarasamningi RSÍ við SART/SA frá 2019 var bókun um að gera ætti sér kjarasamning fyrir tæknigreinar við RSÍ f.h. Félags tæknifólks.

Um síðustu áramót lauk því verkefni og er því loksins orðinn til sér kjarasamningur yfir störf í tæknigreinum. Samhliða því voru lagðir niður nokkrir sérkjarasamningar en settir upp fyrirtækjaþættir í staðinn til að tryggja betri réttindi í þeim fyrirtækjum. Þetta er mikið framfara skref fyrir tæknigreinar og kjaradeild Fagfélaganna finnur strax á fyrstu mánuðum að þetta hefur tryggt réttindi þessa hóps miklu betur. Fjöldi mála í þessum greinum eru umtalsvert fleiri en á síðustu árum og finnur kjaradeildin fyrir því að mikið af þeim málum eru að koma inn vegna skorts á ramma í kringum vinnutíma og taxta tæknifólks sem var áður fyrir hendi.

Atvinnuleysi

Á árinu 2024 voru að meðaltali 87 einstaklingar í atvinnuleit en það er um 1,3% alls félagsfólks RSÍ. Um örlitla aukningu er að ræða frá fyrra ári eða 0,4%. Af þeim voru um 20% félaga sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur allt síðasta ár. Meðal fjöldi greiddra mánaða frá Atvinnuleysistryggingasjóði per kennitölu var 5,1 mánuður. Hafa ber í huga að ekki er um marktæka aukningu að ræða. Það má því segja að atvinnuástand í öllum greinum RSÍ er almennt mjög gott.

KJARAKÖNNUN RSÍ 2024

Kjarakönnun RSÍ var framkvæmd dagana 10. október til 5. nóvember 2024 og endurspeglar laun í september mánuði líkt og undanfarin ár. Niðurstöður könnunar eru settar fram í svokölluðu markaðslauna mælaborði sem Gallup þróaði fyrir RSÍ. Mælaborðið gerir niðurstöður aðgengilegri fyrir félagsfólk þar sem mögu-

legt er að velja mismunandi forsendur eftir því hvað fólk vill skoða.

Allt félagsfólk sem tók þátt, og óskaði þess, fékk 5 punkta í orlofskerfinu. Einnig voru útdráttarverðlaun, 10 gjafabréf að andvirði 15.000 kr. og 5 gjafabréf á 2ja náttu gistingu ásamt morgunverði á Íslandshótelum. Farið var líkt og áður í úthringiherferð til að hvetja félagsfólk til þátttöku í launakönnuninni. Aukin þátttaka gefur raunhæfari svör til að vinna með og eykur gildi könnunarinnar. Þátttaka var örlítið lakari en árið á undan eða 26,4% (var 31% 2023). Alls svöruðu 1.600 félagar þessari könnun. Laun fyrir dagvinnu hækkuðu um 7% á milli ára en heildarlaun um 6%. Launavísitala hækkaði um 6% á sama tíma, en hún er að skila sér betur til þeirra sem eru tekjulægri frekar en þeirra tekjuhærri. Meðaltal launa hjá félagsfólki RSÍ í september 2024 var kr. 831.000 en 55,7% félagsfólks var með hærri mánaðarlaun en kr 900.000. Athygli vekur að þátttakendur í fullu starfi unnu að meðaltali 178 stundir í september sem er einni klukkustund meira en fyrir ári síðan (þó ekki marktækur munur) en hefur fækkað um níu vinnustundir á mánuði að jafnaði frá mælingum 2019. Nokkur kynjamunur kom fram varðandi starfshlutfall en konur eru frekar í hlutastörfum en karlar og færri í fullu starfi innan kvikmyndaiðnaðar en öðrum greinum. Jafnframt er algengara að konur séu með mánaðarlaun án aukagreiðslna. Einnig má draga þá ályktun að um launamun er að ræða eftir þjóðerni þar sem fram kom að þeir sem svöruðu könnuninni á ensku eru með 18% lægri laun en þeir sem svöruðu á íslensku. Hafa þarf þó í huga að samanburður á starfsgreinum er ekki tekinn með í þessum útreikningi sem getur skekkt myndina. Þetta er þó þáttur sem þarf að huga að, það á ekki að líðast að laun séu breytileg eftir þjóðerni sé það raunin. Að sama

skapi eru þeir sem svara á ensku óánægðari með launin sín en þeir sem svara á íslensku. Af þeim sem svöruðu á íslensku þá eru færri óánægðir með launakjör sín, samanborið við niðurstöður 2023. Spurt var hvort fólk vissi um dæmi þess að brotið væri á kjarasamningsbundnum réttindum á síðustu 12 mánuðum. Um örlitla lækkun er að ræða frá fyrra ári hvað þetta snertir, en 9% sögðu brotið á sínum réttindum samanborið við 12% 2023. 8% vissu um að brotið væri á öðrum samanborið við 10% 2022.

Í stefnu RSÍ sem samþykkt var árið 2020 var lögð aukin áhersla á öryggismál og því var spurt um upplifun félagsfólks til öryggismála á sínum vinnustað. 85% svarenda töldu öryggi sitt tryggt á vinnustaðnum sem er svipað hlutfall og frá fyrra ári en það sem verra er að í 4,4% tilvika upplifir fólk að öryggi sé ekki tryggt, mögulega ábótavant á sínum vinnustað. Er svipað hlutfall og í síðustu könnun sem er miður. Munur er á svörum varðandi öryggisþáttinn eftir þjóðerni en þeir sem svöruðu könnuninni á ensku telja sig búa við minna öryggi en þeir sem svara á íslensku. Mikilvægt er að hafa það í huga að það er skylda atvinnurekenda að tryggja starfsfólki heilsusamlegt og öruggt umhverfi. Því er mikilvægt að starfsfólk nýti sér þær leiðir sem fyrir hendi eru til að þrýsta á fyrirtækin að gera úrbætur í öryggismálum. Á vinnustöðum á að kjósa öryggistrúnaðarmann sem getur unnið að slíkum málum en auk þess er alltaf hægt að leita til Vinnueftirlitsins eða þá hreinlega leita ráða hjá RSÍ.

Í niðurstöðum kom þó fram að fólk upplifir sig almennt öruggt í vinnunni og að komið sé fram við það af virðingu. Einelti breytist lítið, en þó heldur í jákvæðari átt en í síðustu könnun. Kynferðisleg áreitni breytist lítið er mun algengari hjá konum (6%) en körlum (1%) og þá algengust meðal ungra kvenna. Einn-

ig er líklegra að konur verði fyrir kynbundinni áreitni og ofbeldi en karlar. Enn og aftur kemur fram í könnuninni munur eftir því hvort henni er svarað á íslensku eða ensku en einelti meðal þeirra sem svöruðu könnuninni á ensku er 14% sem er miklu hærra en hjá þeim sem svöruðu á íslensku. Ekki er um að ræða kynjamun varðandi ofbeldi á vinnustöðum, ef það er skoðað eftir starfsgreinum er það algengast í kvikmyndaiðnaði. Í síðustu könnun var tekin upp sú nýbreytni að spyrja út í fjárhagsstöðu og húsnæðismál í samræmi við kjarakönnun Vörðu. Mikil umræða hefur verið um erfiða stöðu á húsnæðismarkaði þar sem verð á húsnæði er hátt og vextir í hæstu hæðum. Spurt var út í getu til að mæta óvæntum útgjöldum þar sem fram kom að 27% félagsfólks telur sig ekki geta mætt óvæntum 80.000 kr útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Rúmlega helmingur svarenda telur ekki geta mætt óvæntum útgjöldum upp á kr 320.000. 15% svarenda á í erfiðleikum með að standa skil á afborgunum af lánum og 14% hefur þurft að leita sér aðstoðar vegna fjárhagslegrar stöðu á síðustu 12 mánuðum. Tæplega 80% svarenda býr í eigin húsnæði og af þeim hafa 18% þurft að endurfjármagna lán sín.

Launakönnunin er mjög umfangsmikil og er upptalning hér að ofan alls ekki tæmandi. Við hvetjum félaga til þess að kynna sér helstu niðurstöður hennar en jafnframt gefur könnunin félögum okkar gott tækifæri til að bera sig saman við markaðinn og sækja á um launahækkanir séu laun ekki samkeppnishæf.



AÐEINS 30 MÍNÚTUR Á DAG!

Hreyfibandalag RSÍ

Á sambandsstjórnarfundum RSÍ 2024 var „Hreyfing“ í fyrsta sinn sett á dagskrá á fundi sambandsins! Ástæðan fyrir því að setja málið á dagskrá var fyrst og fremst að vekja athygli á mikilvægi hreyfingar í lífi og starfi félagsfólks, en tölfraði um lýðheilsu almennt á íslenskum vinnumarkaði sýnir að full ástæða er til þess. Regluleg hreyfing er nauðsynleg fyrir andlega og líkamlega heilsu og vellíðan. Hreyfing er ekki aðeins mikilvæg til að sporna gegn fjölmörgum sjúkdómum, heldur veitir hún styrk til að takast á við dagleg verkefni og stuðlar að betri svefni og hvíld almennt. Þekkt er að hreyfing er öflugt vopn gegn streitu. Einnig er mikilvægt að fullorðnir takmarki kyrrsetu og hreyfi sig í samræmi við ráðleggingar um hreyfingu. Megin ráðleggingin er að fullorðnir stundi miðlungserfiða eða erfiða hreyfingu í minnst 30 mínútur daglega. Heildartímanum má skipta í styttri tímabil yfir daginn.

Á ársfundi RSÍ 2024 var stungið upp á stofnun „Hreyfibandalags Rafiðnaðarsambands Íslands“ í þeim tilgangi að hvetja félagsfólk í sambandinu til hollrar hreyfingar á hvern þann hátt sem fólk kys sér. Á fundinum sagði hlaupafrömuðurinn Torfi H. Leifsson sam-

bandsstjórnarfulltrúum frá hvernig hægt væri að koma sér í reglubundna hreyfingu, t.d. með því að hefja hlaup. Það er ákveðið frelsi að hlaupa, hvar og hvenær sem er auk þess sem það er frábær leið til þess að kynnast umhverfinu á nýjan hátt. Gott að hreyfa sig utandyra hvort sem það er einn sér eða í skemmtilegum félagskap. Í kjölfarið var stofnaður hópur á Facebook, Hreyfibandalag RSÍ, þar sem upplýsingum skyldi deilt til áhugasamra. Í lok maí bauð hreyfibandalag RSÍ upp á kvöldlangt hlaupanámskeið með Torfa og var góð þátttaka á Stórhöfðanum og í fjarfundum. Glærur og upptaka frá því námskeiði er aðgengileg áhugasömum á Facebook síðunni.

Hlaupahópur, smár en örugglega knár, fór af stað á síðunni og fréttist af áhugasömu félagsfólki hlaupandi út um allar koppa grundir! Takmark hópsins var að taka þátt í Reykjavíkumaraþoni 2024 og voru fjórir hlauparar sem á endanum tóku þátt og hlupu fyrir Bergið Headspace sem RSÍ styrkir á árlegum grundvelli í fjögur ár.

Áfram heldur starfsemi Hreyfibandalags RSÍ en væntanlegar eru göngur með hækkandi sól og vonandi þátttaka í Reykjavíkumaraþoni í ágúst 2025.

FUNDIR MIÐSTJÓRNAR

Miðstjórn hefur fundað 13 sinnum á liðnu starfsári, frá maí 2024 til apríl 2025, auk þess sem framkvæmdastjórn hefur fundað reglulega, iðulega í aðdraganda miðstjórnarfunda. Fyrirkomulag fundanna hefur verið breytilegt en bæði hefur verið notast við fjarfundarform, staðfundi eða sambland af þessu. Helstu mál efni sem miðstjórn hefur fjallað um á þessu starfsári eru mál sem snúa að kjarasamningum, auk hefðbundins rekstrar RSÍ og sjóða sambandsins.

Dæmi um málefni sem hafa verið til umræðu á miðstjórnarfundum undanfarið starfsár:

- Skipulagsmál innan RSÍ
- Samstarf Fagfélaganna
- Undirbúningur og gerð kjarasamninga
- Málefni orlofssjóðs
- Framkvæmdir á íbúðarhúsi í Miðdal
- Málefni sjúkrasjóðs
- Stuðningur við uppbyggingu í Úkraínu
- Flugávísanir Icelandair
- Vinnustaðaeftirlit og samstarf
- víðsvegar um landið
- Menntasjóður rafiðnaðarins og ýmsar styrkveitingar

- Launakönnun RSÍ
- Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ og Fagfélaganna
- Stefna RSÍ og úrvinnsla ýmissa verkefna tengt stefnunni
- Þjónustukannanir
- Jafnréttismál
- Reglur um félagsaðild
- Umræða um ýmsa styrki til félagsfólks, Erlent samstarf
- Jólastyrkur til atvinnulausra og þeirra sem fá greidda sjúkradagpeninga
- Fasteignamál félagsfólks
- Undirbúningur vegna Þings ASÍ
- Verðlagseftirlit ASÍ
- Fjárhagsáætlun 2025
- Innleiðing á nýju félagakerfi og bókhaldskerfi
- Sambandsstjórnarfundur
- Aukaþing RSÍ 2025
- Breytt staða Kristjáns Þórðar Snæbjarnarson formanns RSÍ (formaður til 07.02.2025)
- Starfsemi RSÍ vegna kosninga á nýjum formanni 27.02.2025
- Verkið, mín framtíð og margt fleira



AUKAÐING RSÍ 27.02.2025

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands tók ákvörðun um að boða til aukaðings 27.02.2025 síðastliðinn í samræmi við 26. grein laga sambandsins. Það var gert í kjölfar þess að Kristján Þórður Snæbjarnarson sagði af sér formennsku í sambandinu á miðstjórnarfundi 7. febrúar síðastliðinn. Á dagskrá var eingöngu kosning til formanns RSÍ. Í framboði til formanns voru Ágúst Hilmarsson rafvirkjameistari og stundakennari, Jakob Tryggvason, formaður félags tæknifólks og gjaldkeri RSÍ. Margrét Halldóra Arnarsdóttir varaformaður Rafiðnaðarfélags Suðurnesja hafði gefið kost á sér en dró framboð sitt til baka á þingdegi. Jakob Tryggvason var kjörinn formaður og

mun sitja fram að næsta reglulega þingi vorið 2027. Jakob var starfandi gjaldkeri sambandsins og því þurfti jafnframt að kjósa um það embætti. Í framboði voru Eiríkur Jónsson ritari Félags íslenskra rafvirkja og Finnur Víkingsson formaður Rafiðnaðarfélags Norðurlands sem var að kosningum loknum kjörinn gjaldkeri. Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni fráfarandi formanni voru færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu sambandsins og honum óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi. Kristján hélt ræðu á þinginu þar sem hann þakkaði öllu því góða fólki sem hann hefur unnið með innan verkalyðshreyfingarinnar fyrir samstarfið og lofaði því að vera hreyfingunni innan handar með þau verkefni sem þörf verður á.



Myndir frá aukabíngi RSÍ 2025




SAMANTEKT UM VINNUSTAÐAEFTIRLIT

1. JANÚAR 2024 - 28. FEBRÚAR 2025

SKRÁÐAR KENNITÖLUR EINSTAKLINGA
ALGENGUSTU ÞJÓÐERNI

HEILDARFJÖLDI 2346




Mynd nr. 2



ÍSLENDINGAR PÓLVERJAR AÐRIR


Mynd nr. 3

ALDURSSAMSETNING



Mynd nr. 4


ALGENGUSTU STARFSTITLAR



Mynd nr. 5


SKRÁNING Í STÉTTARFÉLAG

ATH! Stéttarfélag er ekki skráð í nýju kerfi. Hlufall þeirra sem sögðust vera í Eflingu í gamla kerfinu var um 25%. Um 27% vissu ekki hvaða stéttarfélagi þeir tilheyrðu eða það var óskráð í gamla kefinu.




Mynd nr. 6

FJÖLDI SKRÁNINGA EFTIR MÁNUÐUM



Mynd nr. 7

SKRÁNING Á FYRIRTÆKI



187

FJÖLDI HEIMSÓKNA FRÁ
1. SEPTEMBER 2024


558

FJÖLDI FYRIRTÆKJA
SEM KOMU VIÐ SÖGU
TÍMABILIÐ 2024 - 2025

Súluritið sýnir hvaða fyrirtæki áttu
flesta fulltrúa sem eftirlitið talaði við.

Mynd nr. 8

FJÖLDI FYRIRTÆKJA Á SAMA VINNUSTAÐ



Grafið sýnir staðsetningu þeirra
heimsókna þar sem fulltrúar flestra
fyrirtækja urðu á vegi eftirlitisins.
Þannig komu 14 fyrirtæki við sögu í
einni heimsók þegar Orkureiturinn
var heimsóttur.

Í 95 heimsóknum var starfsfólkið í
vinnu hjá einu og sama fyrirtækinu.
Í 76 heimsóknum voru fyrirtækin
fleiri en eitt.

Mynd nr. 9

VINNUSTAÐAEFTIRLIT FAGFÉLAGANNA

Starfsfólk vinnustaðaeftirlits Fagfélaganna, Adam Kári Helgason og Mirabela Blaga, tók þátt í ráðstefnu **NFBWW** um vinnumarkaðsglæpi sem haldin var í Stokkhólmi í lok janúar 2025. Andri Reyur Haraldsson formaður FÍR og varaformaður RSÍ var í för með þeim.

Vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna var með erindi báða dagana. Á fyrsta degi var Mirabela gestur í pallborði þar sem þema umræðunnar var efling samstarfs við yfirvöld í öllum löndum, aukin upplýsingagjöf og snemmbúin viðvör-unarkerfi milli Norðurlandanna, ásamt meiri samhæfingu í útboðsmálum til að koma í veg fyrir að fyrirtæki sem brjóta vinnulöggjöfina taki þátt.

Á öðrum degi flutti Mirabela fyrirlestur með heitinu „Legal framework, cooperation with social partners and authorities“, og Adam fór í stuttu máli yfir WOK ON málið.

NFBWW (Nordic Federation of Building and Wood Workers) er Norðurlandasamtök byggingar- og trjáiðnaðarstarfsmanna.

Þetta eru samstarfssamtök verkálýðsfélaga á Norðurlöndum sem starfa innan byggingariðnaðar, trjáiðnaðar og skyldra greina.

Hlutverk og markmið NFBWW

- Berjast gegn **félagslegu undirboði** og brotum á vinnuréttindum.
- Styrkja samstarf **verkálýðsfélaga á Norðurlöndum** til að vernda laun og vinnuskilyrði.
- Koma í veg fyrir **hagnýtingu á fólki, nauðungarvinnu og svarta atvinnustarfsemi**.
- Gera **lagalegar úrbætur** til að bæta starfsöryggi og réttindi starfsmanna.

NBTF – Norðurlanda bygginga- og trjáiðnaðarsjóður

NBTF (Nordic Building and Timber Fund) er fjármögnunarsjóður sem tengist NFBWW og styður við rannsóknir, fræðslu og aðgerðir gegn ólögumetri starfsemi á vinnumarkaði. NFBWW heldur reglulega ráðstefnur til að ræða lausnir gegn **félagslegu undirboði og vinnumarkaðsglæpum**.

Ráðstefnan í janúar 2025 í Stokkhólmi var sú þriðja í röðinni. Sérstök áhersla var á málefni innflytjenda, hagnýtingu, launþjófnað, lagabreytingar og samstarf milli Norðurlandanna. Þar var stofnaður samstarfsvettvangur til að deila upplýsingum um fjölþjóðleg fyrirtæki og starfsmannaleigur sem brjóta á réttindum starfsfólks.

Farið var yfir dæmi um samstarf milli Danmerkur og Noregs vegna fyrirtækisins Itinera, ítalsks verktaka, sem hefur verið sakaður um fjölda vinnulagabrota í Danmörku. Noregur nýtti upplýsingar frá fundi í Kaupmannahöfn í janúar 2024 til að útiloka slík fyrirtæki í opinberum útboðum hjá þeim. Itinera, ítalskt byggingarfyrirtæki, hefur tekið þátt í stórum innviðaverkefnum í Danmörku, þar á meðal stækkun háskólasjúkrahússins í Køge: Verkefnið hófst í mars 2019 og fyrsti áfangi lauk í desember 2022 og nýja Storstrøm-brúin: Itinera, í samstarfi við önnur fyrirtæki, vann alþjóðlegt útboð um byggingu brúarinnar sem tengir eyjarnar Sjáland og Falster. Itinera er í eigu 140 fyrirtækja með enga raunverulega starfsmenn, en notar undirverktakakeðjur til að losa undan skyldum. Fyrir utan margvísleg dæmi um vinnulagabrot á öllum stöðum, halda þau áfram að taka þátt í opinberum útboðum á Norðurlöndum, engar raunverulegar afleiðingar!

Lærdómur af málinu

Mikilvægt að deila upplýsingum milli landa um brot fyrirtækja í útboðum og brot á vinnulöggjöf.

Opinber yfirvöld þurfa að taka ábyrgð í innkaupastefnu sinni og tryggja að eingöngu löglegir og siðferðilega ábyrgir aðilar fái verkefni. Vinnustaðaeftirlit skiptir lykilmáli í því að koma í veg fyrir vinnumarkaðsglæpi.

Út frá þessu samstarfi hafa vinnustaðaeftirlitsfulltrúar Fagfélaganna tekið þátt í ýmsum verkefnum og fundum. Eitt þeirra er SIDE-CIC (Social Identity Cards in Construction), samstarfsverkefni evrópskra stéttarféлага og atvinnurekenda í byggingariðnaði. Verkefnið hefur það að markmiði að bæta vinnustaðaskírteini til að auka gagnsæi, draga úr ólöglegri vinnu í byggingargeiranum og koma í veg fyrir félagslegt undirboð og skattasvik.

Fagfélögin virkir þátttakendur í ráðstefnu um vinnumansal

Fjórir fulltrúar Fagfélaganna tóku þátt í ráðstefnu um vinnumansal sem haldin var í Hörpu 26. september síðastliðinn. Undanfarin misseri hafa komið upp á yfirborðið nokkur mál á íslenskum vinnumarkaði sem sýna að vinnumansal þrífst í íslensku samfélagi.

- **Adam Kári Helgason**, eftirlitsfulltrúi í vinnustaðaeftirliti Fagfélaganna og Eflingar var í pallborði málstofu sem haldin var undir yfirskriftinni **Eftirlit á vinnumarkaði – framkvæmd og reynsla í nútíð og framtíð**.
- **Benóný Harðarson**, forstöðumaður kjara-deildar Fagfélaganna, stýrði þeirri málstofu.
- **Mirabela Blaga**, eftirlitsfulltrúi í vinnustaðaeftirliti Fagfélaganna og Eflingar, stýrði málstofu sem bar yfirskriftina **Rannsókn og saksókn vinnumansalsmála**.
- **Andri Reyur Haraldsson**, formaður Félags

íslenskra rafvirkja, var í pallborði sem fram fór undir yfirskriftinni **Ábyrgð fyrirtækja í virðiskeðjunni**.

Umræður sem skapast hafa í tengslum við fjölmiðlaumfjöllun og ráðstefnuna hafa vakið mikla athygli á málefninu. Í kjölfarið hefur Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa (FHU), félagsþjónustan í Kópavogi og Félag mannauðsstjóra óskað eftir fundum til að ræða þessi mál. Starfsfólk vinnustaðaeftirlitsins hefur verið í sambandi við þessi aðila og fær reglulegar ábendingar og upplýsingar.

Á ráðstefnunni voru birt myndbrot úr Kveiksbætti sem sýndur var í heild sinni og vakti gífurlega athygli. Þar var fjallað um vinnuþrælkun á byggingamarkaði og komið inn á dæmi um vinnuskilyrði erlendra starfsmanna. Adam Kári Helgason og Mirabela Blaga, eftirlitsfulltrúar Fagfélaganna voru á meðal þeirra sem fram komu í þættinum.

„Draumur minn er brostinn. Ég kom í von um gott kaup en sá draumur er úti. Fjölskyldan mín er ekki glöð og ég er ekki glaður heldur. Og ekki aðeins ég. Vinnufélagar mínir eiga í því sama.“

Þetta segir Sandris Slogis í sjónvarpsþættinum Kveik sem sýndur var á RÚV, þriðjudaginn 24. september. Þar var fjallað um vinnuþrælkun sem viðgengst fyrir tilstilli starfsmannaleiga á byggingamarkaði á Íslandi. Fram kom í þættinum að Sandris, sem er lærður smiður, hafi unnið í átta Evrópulöndum en aldrei upplifað neitt í líkingu við þá meðferð sem hann hefur hlotið á Íslandi.

Í þættinum slóst Kveikur í för með vinnustaðaeftirliti Fagfélaganna. Sýnd voru sláandi dæmi um launaseðil þar sem lítið stóð eftir þegar búið var að draga húsaleigu, leigu á bifreið og ferðakostnað frá launum ónefnds starfsmanns. Úborguð laun voru ríflega 30 þúsund

krónur eftir frádrátt. Hrörlegum vistarverum þessara starfsmanna voru gerð skil í þættinum en veggjalýs og kakkalakkar komu þar við sögu.

„Í fyrsta skipti í lífi mínu var ég meðhöndlaður eins og hundur. Í fyrsta skipti leið mér eins og heimilislausum hundi,“ segir Sandris í þættinum um veru sína á Íslandi.

Fram kom í þættinum að 19 starfsmanna-leigur séu skráðar hér á landi en þær hafi í júlí haft 584 starfsmenn á skrá. 38% þeirra eru frá Póllandi en margir einnig frá Lettlandi (eins og Sandris) og Litháen.

Stjórnvöldum hefur ítrekað verið bent á vandann en þátturinn afhjúpaði að lítið hefur breyst í þessum málaflokki undanfarin ár. Spilaðar voru margar klippur, nýjar og gamlar, af ráðherrum sem sögðust vera að vinna í málunum.

Í þættinum kom meðal annars fram að heimildir væru í lögum til að beita fyrirtæki sektum vegna vinnuþrælkunar en að þeim væri ekki

beitt. Fjármagn vantaði til að hægt væri að halda úti eftirliti eða aðilum til að framfylgja lögnum. Lögreglan hefði ekki bolmagn til að sinna málaflokknum.

„Þetta er bara villta vestrið,“ sagði viðmælandi Kveiks í þættinum.

Það virðist sem öll Norðurlönd glími við sömu áskoranir á vinnumarkaði:

- Skort á tilkynningum um vinnuslys meðal innflytjenda.
- Skort á húsnæði fyrir starfsfólk, þar sem um 50% búa í húsnæði á vegum vinnuveitanda, sem gerir þau viðkvæmari.
- Félagslegt undirboð, vinnumansal og hagnýtingu starfsfólks.
- Takmarkaðan pólitískan vilja og fjármagn til að takast á við þessi vandamál.
- Skort á samstarfi milli stofnana sem sinna eftirlitshlutverki og verkálýðshreyfingarinnar.



STARFSEMI RSÍ-UNG

RSÍ-UNG er ungliðahreyfing Rafiðnaðarsambands Íslands sem sinnir fjölbreyttu og öflugu starfi fyrir ungt félagsfólk á aldrinum 16–35 ára. Markmið hreyfingarinnar er að fræða ungt fólk um réttindi sín, efla tengsl þess við stéttarfélagið og tryggja að rödd unga fólksins heyrst innan RSÍ.

Fjöldi félagsmanna innan RSÍ-UNG hefur farið vaxandi og eru 2.176 talsins, þar af 1.937 karlar og 237 konur. Sjö manna stjórn heldur utan um starfsemina og er skipuð af Maríönnu, Haraldi, Oddi, Gunnari, Guðmundi, Róberti, Styrmi og Unnari.

Til að tryggja markvissa framkvæmd starfa er stjórn skipt upp í þrjár nefndir:

- **Viðburðar- og skemmtinefnd**, sem sér um skipulag viðburða.
- **Kynningar- og markaðsnefnd**, sem heldur utan um samfélagsmiðla og markaðsvörur.
- **Fræðslu- og menntanefnd**, sem sinnir skólaheimsóknum og tengslum við menntastofnanir.

Stjórnin hittist formlega fjórum sinnum á ári en nefndir starfa jafnframt sjálfstætt eftir þörfum.

Samfélagsmiðlar og fræðsla

Mikil áhersla er lögð á að nýta samfélagsmiðla til að ná til ungs fólks. RSÍ-UNG er aðallega virkt á Facebook og TikTok, þar sem fer fram bæði fræðsla og skemmtiefni. Þar er meðal annars sýnt á lifandi hátt hvernig stéttarfélög verja réttindi starfsfólks í gegnum skemmtilegar sögur úr atvinnulífinu. TikTok-reikningurinn hefur skapað sérstaka athygli og hefur yfir heildina um 600.000 áhorf, 43 myndskleið, 12.600 líkanir (e. likes) og rúmlega 1.100 fylgjendur.

Pílumót RSÍ

RSÍ-UNG hélt fyrir hönd RSÍ Pílumót fyrir félagsfólk. Haldið var mót í Reykjavík, á Akureyri og í Keflavík, þar sem fjöldi liða tók þátt. Vegna slæmrar skráningar þurfti þó að aflýsa mótum á Ísafirði og á Austurlandi. Liðin Alltaf 26, SI og Straumspennir voru sigurvegarar í sínum landshlutum. Fjöldi vinninga var í boði og þökkum við fyrirtækjunum Hitatækni, Johan Rönning, RSÍ, Rafmennt, Reykjafell, Rubix og Þór fyrir að úthluta okkur vinningum.

Markaðsefni og spil

RSÍ-UNG hefur þróað markaðs- og kynningar efni sem höfðar til ungs fólks, þar á meðal:

- **Drykkjuspilið „Aldrei hef ég aldrei...”**
- **Spilið „Skítur skeður”,** sem byggir á erlenda spilinu *Shit Happens*
- **Bakpokar og smokkar** með slagorðinu „Við verndum þig á öllum vígstöðvum”

Þessi efni eru nýtt í kynningum og á viðburðum og hefur varningurinn notið mikilla vinsælda.

Þátttaka á erlendum vettvangi

RSÍ-UNG hefur lagt mikla áherslu á þátttöku í alþjóðlegu starfi. Árið 2024 tóku fulltrúar hópsins þátt í fjölda viðburða og ráðstefna, þar á meðal:

- **UNI Youth Europe**, viðburðir í Sviss, Noregi og á Spáni
- **BWI Global Youth Festival**, viðburður til Tyrklandi
- **Global Power Trade Unions**, ráðstefna í Svíþjóð
- **Norðurlandaskólinn** og fundir með **Electricerna Ungdom** á Norðurlöndum

Þessar heimsóknir hafa styrkt tengsl RSÍ-UNG við ungliðahreyfingar á Norðurlöndunum og í Evrópu ásamt því að hafa skapað vettvang fyrir miðlun reynslu og nýrra hugmynda.



Píla-SigurvegararKEF: Sigurvegarar Pílumótsins í Keflavík var liðið SI (Sigurður Eliasson og Ingvar Eliasson). Á mótinu tóku 8 lið þátt. Þar var úrslitaleikurinn æsispennandi milli SI og Rafholt.



Píla-SigurvegararAK: Sigurvegarar Pílumótsins á Akureyri var liðið Straumspennir, (Bjarni Einarsson og Jón Axel Helgason). Á mótinu tóku 14 lið þátt.




Píla-SigurvegararRVK: Sigurvegarar Pílumótsins í Reykjavík var liðið Alltaf 26 (Ástþór Ernir Hrafnsson og Davíð Kristjánsson). Á mótinu tóku 20 lið þátt.



Skítur-skeður: Nýjasta markaðsvara RSÍ-UNG er spilið Skítur-skeður sem byggt er á erlenda spílinu Shit happens en er þó í stéttarfélagsbúningi. Spilið hefur verið prentað í takmörkuðu magni bæði á íslensku og ensku. Það hefur bæði verið gefið sem vinningur á ýmsum viðburðum og á ráðstefnum til félagsfólks og stéttarfélagsfólks.



Aldrei-hef-ég-aldrei Spil: Vinsæla spilið Aldrei hef ég aldrei sem gefið var út árið 2023 af RSÍ-UNG er stéttarfélagsútgáfa af erlenda spílinu Never have I ever. Spilið hefur verið gefið út bæði á íslensku og ensku. Það hefur bæði verið gefið sem vinningur á ýmsum viðburðum og á ráðstefnum til félagsfólks og stéttarfélagsfólks.



UNIWorkshop: Haraldur og Marianna fóru á ráðstefnu í Nyon í Sviss í febrúar 2024 á vegum UNI Youth, þar sem áherslu-efnið var umhverfismál og áhrif þess á ungt vinnandi fólk. Hér er allur hópurinn sem sótti ráðstefnuna.



UNISummerSchool: Haraldur og Gunnar fóru í sumarskóla UNI Youth á Spáni í október 2024 á vegum UNI Youth, þar vorum við meðal annars frædd um stéttarfélagsmál í Evrópu. Haraldur hélt fyrirlestur um markaðsmál þar sem RSÍ-UNG hefur verið með árangursríka markaðssetningu á TikTok og fleira.



Norðurlandaskólinn: Haraldur fór ásamt nokkrum Íslendingum í Norðurlandaskólann. Fyrst til Helsinki í nóvember 2023 og síðan til Danmerkur í febrúar 2024. Þar var fræðsla um tengsl milli stéttarféлага og stjórnmála. Hér er íslenski hópurinn fyrir utan þinghúsið í Kaupmannahöfn.



BWI-Global: Gunnar og Styrmir sóttu BWI Workshop í Tyrklandi. Þar kom fólk víða að til að ræða um stéttarfélagsmál ungs fólks í byggingariðnaði.

RAFSTAÐLARÁÐ

– starfssemi 2024

Starfssemi Rafstaðlaráðs var með mesta móti á árinu 2024.

Stjórn Rafstaðlaráðs er skipuð: Andra Rey Haraldssyni formanni, Gunnari Sigvaldasyni, Einari Fal Zoega Sigurðssyni, Eyþóri Helga Úlfarssyni og Inga B. Ingasyni.

Stjórn hittist 8 sinnum á fundi, haldnir voru tveir vel sóttir fulltrúaráðsfundir þ.e. haustfundur í nóvember undir yfirskriftinni Sól og vindur nýir orkugjafar í orkukerfinu og aðalfundur í maí þar sem fjallað var um veitukerfi á slóðum eldgossins á Reykjanesi.

Gefin var út árleg útgáfa af ÍST-HB-200:2024 Lágspenntar raflagnir og meðal nýjunga var staðall um raflagnir vinnslunotenda, sem eru notendur sem vinna orku með vind, sól, vatni

eða rafgeymum, auk annarra breytinga.

Spegilnefnd SN-64 Lágspenntar raflagnir fór yfir fjölda frumvarpa og verkefnatillagna frá IEC og Cenelec TC 64.

Á vegum Rafstaðlaráðs voru tveir ungir sérfræðingar sendir á 5 daga vinnustofu YP IEC 2024 sem var haldin samhliða aðalfundi IEC í Skotlandi, sem ritari Rafstaðlaráðs sótti.

Haldin var vinnustofa um Töflustaðalinn sem leiddi í ljós að lítil vitund sé um þann staðal.

Vinnustofa um málefni rafbíla vann að vinnustofusamþykktum um nokkur málefni og verða þær flestar gefnar út á árinu 2025. Meðal umfjöllunarefna s.s. yfirtíðnir frá hraðhleðslustöðvum, jöfnun álags á fasa, endurnýting rabílarafhlaðna, upplýsingagjöf söluaðila búaðar til hleðslu rafbíla, samskipti hleðslustöðva við ytri aðila og bakplötukerfi hleðslustöðva.

STARFSEMI

ÁKVÆÐISVINNUSTOFU 2024

Starfsemi Ákvæðisvinnustofu rafiðna á árinu 2024 mótaðist af því að í júní var tekin í notkun ný útgáfa af ákvæðisvinnukerfinu á internetinu sem hafði verið í undirbúningi og vinnslu í nokkur ár.

Auk smíði og gangsetningar nýju útgáfunnar voru hefðbundin störf unnin við að veita notendum aðgang að kerfinu og svara fyrirspurnum frá þeim.

Haldnir voru 20 fundir með forritara og ráðgjafa vegna þróunar og viðhalds ákvæðisvinnukerfisins.

Samningsbundið einingaverð sveina hækkaði 1. janúar 2024 úr 796,17 kr. í 804,13 eða um 1,0% og aftur 1. febrúar 2024 úr 804,13 í 842,10 eða um 4,7%.

Ákvæðisnefnd

Árið 2024 var nefndin skipuð Kristbirni Óla

Guðmundssyni og Sigurði Svavarsyni frá SART og þeim Andra Rey Haraldssyni og Oddi Bogasyni frá RSÍ. Þá voru Sigurjón Hólm Magnússon og Guðjón Guðmundsson varamenn SART og Sigurður Freyr Kristinsson og Jökull Harðarson varamenn frá RSÍ.

Ákvæðisnefndin hélt 7 fundi á árinu varðandi ýmis mál er vörðuðu ákvæðisgrunninn, auk aðalfundar.

Kynningarmál

Haldin voru nokkur námskeið í notkun kerfisins á árinu hjá Rafmennt, bæði um kerfið eitt og sér og einnig sem hluti af 3ja daga námskeiði í Raflagnatækni.

Notkun ákvæðisvinnugrundvallarins

Miðað við fjölda stofnaðra verka, magnskráa og uppgjöra má ráða að notkun ákvæðisgrunnins hafi aukist um ca. 20% á milli áranna 2023 og 2024. Hæpið er að ráða of mikið í

Það þar sem prófanir á nýju útgáfunni áður en hún var tekin í notkun um mitt ár 2024 gætu hafa skekkt þá mynd. Verið er að útfæra tölfræði í nýja kerfinu þannig að auðvelt verði að fylgjast með breytingum á notkun kerfisins í framtíðinni.

Nýr umsjónarmaður

Ákvæðisvinnustofunnar

Rafmennt sá um rekstur Ákvæðisvinnustofunnar á árinu. Í lok árs var samið við Eggert Þorgrímsson um að taka að sér rekstur stofunnar í 50% starfi frá og með áramótum 2024-2025. Eggert hefur verið ráðgjafi stofunnar í hugbúnaðarmálum frá 2003 og þarfagreindi m.a. ákvæðisvinnukerfið sem tekið var í notkun frá 2005 og hafði umsjón með smíði nýju útgáfunnar sem tekin var í notkun á árinu. Eggert hefur að auki séð síðustu árin um námskeið hjá Rafmennt í notkun ákvæðisvinnukerfisins.

Ný útgáfa ákvæðisvinnukerfisins

Í nýju útgáfunni af ákvæðisvinnukerfinu er búið að bæta við möguleika á að vinna með efniskostnað, en áður hélt kerfið einungis utan um vinnukostnað. Auk þess að skrá og gera upp ákvæðisvinnu eins og hægt var í gamla kerfinu er nú hægt að gera tilboð og kostnaðaráætlanir. Endurraða þurfi einingum ákvæðisvinnugrundvallarins í tengslum við þessa breytingu sem leiddi til þess að ásynð grundvallarins breyttist talsvert.

Grundvöllurinn er þó hinn sami og áður en einingarnar flokkaðar öðruvísi, meira í líkingu við það sem gerist í útboðum á raflagnavinnu sem vonandi auðveldar notendum að nota kerfið. Helsta fyrirmynd nýju flokkunarinnar voru greiðsluliðaskrár úr verkum Framkvæmdasýslu ríkisins.

Segja má að nýja útgáfan af ákvæðisvinnukerfinu sé tímamótaverkefni í rafiðnaði sem býður upp á ýmis konar hagræðingu og samræmingu, þar með talið:

- Samræmda uppsetningu magnskráa/greiðsluliðalista
- Samræma skilning á hvað sé innifalið í greiðsluliðum
- Fækka „heilðum“ í greiðsluliðalistum
- Samræma notkun og skilning á heitum
- Auðveldari tilboðsgerð („verðbanki hvers notanda“ verður til í kerfinu)
- Minni óvissa um hvað sé innifalið í útboði sem leiðir til raunhæfari tilboðsfjárhæða

Viðhald ákvæðisvinnugrundvallarins

Ákveðið var að kynna ekki nýju útgáfu ákvæðisvinnukerfisins formlega fyrr en eftir að búið væri að ráða bót á uppsafnaðri viðhaldspörf á ákvæðisvinnugrundvöllinum sem meðal annars fælist í frekari samræmingu við hefðbundna greiðsluliðalista raflagnaútboða og vörulista birgja. Sú vinna hófst á árinu 2024 og fór á fullt í byrjun árs 2025. Vonast er til að henni verði lokið um mitt ár 2025 þannig að hægt verði að hefja “formlegar” kynningar á nýju útgáfunni þá.

F.h. Ákvæðisvinnustofu rafiðna
Eggert Þorgrímsson

ORLOFSSJÓÐUR

Orlofssjóður RSÍ er mikilvægur í starfsemi sambandsins, þar sem stór hópur félagsfólks tengist honum allan ársins hring með nýtingu á sameiginlegum orlofseignum. Orlofseignirnar eru víða um land og eru vinsælir dvalarstaðir meðal félagsfólks og fjölskyldna þeirra. Almennt er félagsfólk okkar ánægt með húsa- og kost í orlofskerfinu sem sést vel á því að um 2000 manns nýtir orlofseignirnar á hverju ári, en meðalnýting eignanna er á ársgrundvelli 71,62%. Eftirspurn eftir eignum í orlofskerfinu ræðst mikið af vinsælustu tímabilunum og þar eru helgarnar og hásumarið vinsælast. Leigum í miðri viku hefur þó fjölgað auk þess sem algengt er að fólk bæti degi framan eða aftan við helgarleigur.


Rekja má sögu orlofshúsnæðis í eigu stéttarfélaga til þess er orlofsréttur launafólks var staðfestur í lögum árið 1943. Elstu orlofshúsin í orlofskerfi RSÍ eru staðsett í Ölfusborgum og voru keypt um miðjan sjöunda áratuginn. Síðan þá hefur húsum í kerfinu fjölgað jafnt og þétt og voru 73 talsins árið 2024. Orlofsnefnd RSÍ tók til starfa árið 1989 þegar punkta-kerfi var tekið upp við úthlutanir. Upphaflegar hugmyndir stjórnvalda um orlofshús launafólks voru að fólk gæti leitað í sveitir landsins til dvalar á milli þess sem það stundaði „einhæfa vinnu svo að segja árið um kring“ eins og sagði í greinargerð með frumvarpi til laga um orlofsheimili árið 1945. Auk þess var tilgangur laganna að veita fólki tækifæri til að nota frítíma sinn til andlegrar og líkamlegrar hressingar og var þá talið um stórmikið menningarmál að ræða. Segja má að þörfin fyrir andlega og líkamlega hressingu í sveitum landsins sé viðvarandi enn þann dag í dag þó svo að orlofskostir í Reykjavík, Akureyri og erlendis mæti e.t.v. öðrum þörfum félagsfólks RSÍ

Nýting orlofshúsa RSÍ

Rekstur orlofshúsanna er nokkuð umfangsmikill enda eignir margar og dreifðar um landið og erlendis. Hin síðari ár hefur verið lögð áhersla á sjálfbærni í orlofskerfinu og hugað sérstaklega að gæðum nýbygginga m.t.t. rekstrarkostnaðar í framhaldinu. Elstu húsin okkar eru viðhaldsfrek og því nauðsynlegt að huga vel að viðhaldi og áætlunum í þeim málaflokki svo verðmæti eignanna rýrni ekki. Tvö nýbyggð hús komu inn í orlofshúsa-kerfið árið 2024, Stykkishólmur og Einarstöðir. Á Einarstöðum var eldra hús rífið og nýtt byggt í stað þess. Nýtingin á nýja húsinu Einarstöðum árið 2024 var 73,36% sem teljast verður góð. Í Stykkishólmi hafði RSÍ til leigu hús um árabíl en þegar sá samningur rann sitt skeið var tekin sú ákvörðun að byggja hús þar fyrir RSÍ. Nýtingin í Stykkishólmi 2024 var mjög góð eða 80%, aðeins Hyrnuhlund á Akureyri var með betri nýtingu innanlands eða tæp 81% en þar er einnig um að ræða nýbyggð hús sem komu inn í orlofskerfið árið 2023. Það kemur ekki á óvart að eftirspurn eftir nýjustu og glæsilegustu húsunum sé mest þó svo elstu húsin okkar t.d. í Ölfusborgum séu með 79,19% nýtingu á ársgrundvelli. Margar breytur liggja að baki eftirspurn eftir húsum og staðsetningum sem þjóna ólíkum hópum félagsfólks hverju sinni og eins og nefnt er að framan þá ræðst úthlutun af punktastöðu umsækjenda hverju sinni sem er breytileg á hverju ári.

Mynd nr. 11 á bls. 37 sýnir nýtingu orlofshúsa í orlofskerfinu fyrir árið 2024. Nýting í kerfinu hefur aðeins aukist á milli árána 2024/2025 og var fyrir árið 2024 71,62% Þegar nýtingarsaga er skoðuð í orlofskerfinu kemur í ljós að 2024 er með allra besta móti hvað varðar nýtingu, ef Covid árin eru undanskilin líkt og sjá má á mynd nr.10

MEÐALNÝTING ORLOFSKERFISINS



Mynd nr. 10

NÝTT TÖLVUKERFI

Nýtt tölvukerfi var tekið í notkun áramótin 2024-2025. Talsverður tími fór í það risastóra verkefni og líkt og gera má ráð fyrir í innleiðingu nýrra tölvukerfa, þá gekk á ýmsu og mátti starfsfólk sýna mikla þrautseigju í því verkefni auk þess sem félagsfólk fann fyrir breytingunum á ýmsan máta. Úthlutað var í nýju kerfi árið 2025. Samhliða upptöku nýs tölvukerfis voru gerðar breytingar á verðskrá til samræmis við aðrar verðskrár orlofshúsa á vegum Fagfélaganna. Á Akureyri og í Reykjavík breyttist verðskrá einnig vegna þess að íbúðir koma nú með sængurlíni og er það mjög jákvæð þróun út frá umgengni við rúm og rúmfatnað í eignum sambandsins. Hið nýja tölvukerfi býður einnig upp á ýmsa þjónustuaukningu þar sem stefnt er að því að samhliða bókun á orlofshúsi verði valkvætt að panta sængurlín á stöðum sem þeirri þjónustu verður við komið. Aðgangur að orlofskerfinu er frá 1. janúar 2025 í gegnum Mínar síður á rafis.is

Með nýju tölvukerfi urðu auk þess þær breytingar á orlofshluta þess að ekki er boðið, enn sem komið er, upp á afslætti ýmiskonar fyrir félagsfólk eða slembiúthlutun í orlofshúsin.

2024	DAGAR	LEIGA	HLUT-FALL	RÖÐ
Þýskaland	119	112	94,12%	1
Flókalundur	128	112	87,50%	2
USA	365	313	85,75%	3
Spánn	1.149	979	85,20%	4
Gerplustræti	478	404	84,52%	5
Hyrnaland	730	591	80,96%	6
Hverfisgata	939	752	80,09%	7
Stykkishólmur	200	160	80,00%	8
Klaustur lítil hús	345	275	79,71%	9
Ölfusborgir	668	529	79,19%	10
Furulundur	1.189	916	77,04%	11
Vaglaskógur	365	270	73,97%	12
Ljósheimar	940	686	72,98%	13
Vestmannaeyjar	365	264	72,33%	14
Kristjánshagi	2.190	1564	71,42%	15
Miðdalur	1.340	956	71,34%	16
Skógarnes - minni hús	1.648	1165	70,69%	17
Skógarnes - stærri hús	3.291	2324	70,62%	18
Varmahlíð	358	246	68,72%	19
Klaustur stórt hús	345	235	68,12%	20
Einarsstaðir	930	616	66,24%	21
Skógarnes - stóra húsið	305	201	65,90%	22
Svignaskarð	710	455	64,08%	23
Bolungarvík	308	192	62,34%	24
Klifabotn vetur /Illguastaðir sumar	619	292	47,17%	25
Illugastaðir no. 3	365	136	37,26%	26
Siglufjörður	354	112	31,64%	27
Samtals	20.743	14.857	71,62%	

Mynd nr. 11


TEKJUR OG GJÖLD Á HVERT ORLOFSHÚS

Þegar rýnt er nánar í tekju- og gjaldaliði orlofskerfisins þá er að ýmsu að huga. Breytilegur kostnaður við stök hús eða svæði á milli ára getur verið mjög mismunandi út frá viðhaldsverkefnum hverju sinni líkt og sjá má á mynd nr. 14 þar sem tölur ársins fyrir hvert hús eru settar fram. Viðhald er mikilvægt, eins og áður hefur verið nefnt, og er viðvarandi kostnaður í kerfinu en árið 2024 fóru rúmlega 257 milljónir í viðhaldsverkefni og rekstur kerfisins. Stærstu viðhaldsverkefnin síðustu misseri eru endurnýjun íbúða í Ljósheimum og Furulundi, íbúðarhúss í Miðdal, líkt og fram hefur komið og viðhald og endurnýjun húsa og svæðis á Skógarnesi.

Árið 2024 voru margar af orlofseignum leigðar til félagsfólks í Grindavík sem yfirgefa þurftu heimili sín vegna náttúrhamfara auk þess sem 4 íbúðir, 2 í Reykjavík og 2 á Akureyri voru leigðar til flóttafólks hluta af árinu, þær leigutekjur eru inni í tölum ársins.


Þrátt fyrir hlutfall gjalda og tekna í kerfinu á árinu 2024 þá hefur leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði hækkað á milli ára eins og sjá má á mynd nr. 13. Skýringar á breytingum eru nokkrar, að hluta til vegna nýrra eigna í kerfinu og sameiginlegra töluliða í tengslum við orlofssvæði sem RSÍ rekur í samvinnu með öðrum aðilum líkt og í Miðdal.

TEKJUR OG GJÖLD Í ORLOFSKERFINU 2024



Mynd nr. 12

LEIGA SEM HLUTFALL REKSTRARKOSTNAÐAR



Mynd nr. 13

2024	FJÖLD. HÚS Á ÁRSC. VELLI	HEILDAR- TEKJUR 2024	HEILDAR- GJÖLD 2024	TEKJUR PR.HÚS 2024	GJÖLD PR.HÚS 2024	LEIGA SEM HLUTFALL AF REKSTRARKOSTNAÐI			
						2024	2023	2022	2021
Reykjavík Ljósheimar	4	6.520.190	23.994.215	1.630.048	5.998.554	27,2%	48,8%	53,9%	70,9%
Reykjavík Hverfisgata	4	9.507.480	11.095.259	2.376.870	2.773.815	85,7%	81,6%	75,2%	114,6%
Reykjavík (Mos) Gerplustræti	2	5.135.282	4.993.645	2.567.641	2.496.822	102,8%	72,9%	102,7%	98,0%
Vesturland Stykkishólmur	1	1.661.500	1.019.930	1.661.500	1.019.930	162,9%*			
Vesturland Svignaskarð	2	2.154.500	5.382.986	1.077.250	2.691.493	40,0%	35,4%	41,8%	39,7%
Vestfirðir Vatnsfjörður	1	420.600	2.349.103	420.600	2.349.103	17,9%	18,2%	14,5%	19,5%
Vestfirðir Bolungarvík	1	951.650	3.567.095	951.650	3.567.095	26,7%	90,9%	31,3%	0,0%
Norðurland Varmahlíð	1	1.513.500	2.505.100	1.513.500	2.505.100	60,4%	67,5%	100,1%	87,9%
Norðurland Siglufjörður	1	795.800	3.879.768	795.800	3.879.768	20,5%			
Akureyri Furulundur	5	7.180.900	13.110.053	1.436.180	2.622.011	54,8%	75,1%	76,8%	49,3%
Akureyri Kristjánshagi	6	12.408.180	16.125.156	2.068.030	2.687.526	76,9%	72,7%	85,9%	77,7%
Akureyri Hyrnuland	2	4.898.450	8.100.939	2.449.225	4.050.469	60,5%	73,2%		
Norðurland Vaglaskógur	1	2.512.100	4.903.949	2.512.100	4.903.949	51,2%	45,7%	63,1%	60,0%
Austurland Einarstaðir	3	1.750.200	6.473.033	583.400	2.157.678	27,0%	16,6%	13,4%	23,6%
Austurland Klífabotn	2	672.700	5.738.005	336.350	2.869.002	11,7%	49,8%	53,7%	51,2%
Norðurland Illugastaðir	1	988.880	3.785.987	988.880	3.785.987	26,1%	20,3%	27,7%	54,5%
Suðurland Klaustur B hús, 2 lítil	3	1.781.824	1.566.271	593.941	522.090	113,8%	104,8%	57,1%	26,9%
Suðurland Skógarnes - minni hús	4	5.371.610	20.917.269	1.342.903	5.229.317	25,7%	34,1%	33,4%	32,2%
Suðurland Skógarnes - stærrí hús	10	14.925.750	51.404.734	1.492.575	5.140.473	29,0%	31,5%	37,6%	42,4%
Suðurland Skógarnes - Stóra húsið	1	3.291.270	5.480.928	3.291.270	5.480.928	60,0%	82,0%	80,8%	66,5%
Suðurland Skógarnes - Tjaldsvæði	3	6.732.918	16.573.382	2.244.306	5.524.461	40,6%	74,5%	45,8%	57,9%
Suðurland Miðdalur	4	5.354.092	13.793.845	1.338.523	3.448.461	38,8%	43,6%	26,5%	23,0%
Suðurland Miðdalur sameiginlegt svæði	1	3.693.485	613.027	3.693.485	613.027	602,5%	78,6%	26,5%	23,0%
Suðurland Miðdalur/ Tjaldsvæði	1	1.905.452	2.956.769	1.905.452	2.956.769	64,4%	49,1%	26,5%	23,0%
Suðurland Ólfusborgir	2	2.897.036	5.251.830	1.448.518	2.625.915	55,2%	49,7%	41,4%	49,1%
Suðurland Vestmannaeyjar	1	1.671.100	3.461.121	1.671.100	3.461.121	48,3%	37,3%	61,9%	110,4%
Spánn La Zenia	4	11.216.537	9.033.982	2.804.134	2.258.495	124,2%	147,5%	71,4%	141,2%
Bandaríkin Flórída	1	5.281.650	6.475.030	5.281.650	6.475.030	81,6%	36,4%	120,6%	40,6%
Þýskaland	1	1.800.000	2.642.981	1.800.000	2.642.981	68,1%			
	73	124.994.636	257.195.388	52.276.881	96.737.370	76,0%	59,1%	54,8%	55,3%

ORLOFNEFND RSÍ

Orlofsnefnd RSÍ fundaði sjö sinnum árið 2024 auk þess sem formaður fór í ferðir innanlands til að skoða ástand orlofshúsa með starfsfólki og eina ferð til Spánar og Þýskalands til að skoða eignir sambandsins á Spáni en nýjan orlofskost í Þýskalandi. Á fyrsta ársfjórðungi 2025 fóru formaður og starfsmaður orlofsnefndar til Frakklands að skoða eign til leigu.

Nefndin er vinsæl því níu félagar sitja í nefndinni, nokkuð vel dreifðir um landið. Umræður hafa verið gagnlegar og mörg sjónarhorn komið fram. Eitt af verkefnum nefndarinnar var að leita leiða til þess að fjölga hundahúsum í orlofshúsakerfinu og var samþykkt að bæta við hundahúsum í Hyrnulandi og Klifabotni fyrir sumarið 2025 og Furulundi að gefnu samþykki húsfélags fyrir haustið 2025.

Orlofsnefnd hefur unnið að gerð starfsáætlunar og gæðahandbókar. Starfsmannabreytingar á skrifstofu RSÍ og nýtt tölvukerfi utan um orlofskerfið hafa haft áhrif á daglega umgengni við kerfið en á sama tíma liggja sannar-

lega tækifæri í breytingum sem þessum sem skila sér vonandi í enn betra orlofskerfi þegar fram líða stundir.

ORLOFSKOSTIR ERLENDIS

Árið 2024 voru 4 íbúðir í boði á Spáni, 2 á Flórída og 1 í Þýskalandi. Nýtingin á Flórída var 86%, á Spáni 85% og í Þýskaland 94%. Fyrir sumarið 2025 var ákveðið að leigja eign í Frakklandi og setja inn í orlofskerfið. Góðar undirtektir hafa verið við viðbótareignum inn í orlofskerfið í Frakklandi og Þýskalandi, en báðar eignir eru nokkuð stórar og rúma því fleiri en hefðbundin sumarhús á vegum RSÍ. Það vill svo skemmtilega til að bæði húsin í Frakklandi og Þýskalandi eru í eigu Íslendinga og voru bæði byggð sem myllur fyrir margt löngu og eru gjörólík öðrum húsum í orlofskerfinu á allan máta. Umhverfi og hús eru ævintýrleg og hægt að njóta þess besta sem báðar staðsetningar hafa upp á að bjóða hvort sem það er með göngu-, hjóla- eða bílferðum um nærliggjandi sveitir eða bara dvelja og njóta við árniðinn í



Orlofshús RSÍ í Frakklandi


húsunum á jörðunum sem þau standa á. Breytingar hafa orðið á eignarhaldi húsanna í Flórída og Spáni en samstarf milli MATVÍS og RSÍ um þessar eignir hefur verið með ágætum frá upphafi. Hús MATVÍS á báðum stöðum hafa verið aðgengileg félagsfólki RSÍ þegar félagsfólk MATVÍS nýtir þær ekki. RSÍ keypti hlut af MATVÍS í öðru húsinu í Flórída árið 2024 og á því 1,5 hús þar. Á Spáni á RSÍ 4 íbúðir. Vegna breytinga á lagaumhverfi á Spáni gagnvart íbúðum í eigu erlendra aðila og vegna erfiðleika í samskiptum við hússtjórn La Zenia hefur verið ákveðið að setja a.m.k. eina eign strax í sölu og meta í framhaldinu sölu á fleiri eignum í þessum kjarna en skoða jafnframt aðra möguleika á Spáni.

TJALDSVÆÐI

Tjaldsvæði RSÍ í Miðdal og á Skógarnesi eru enn einn kostur fyrir félagsfólk sem hafa notið sívaxandi vinsælda með bættri aðstöðu. Í

heildina eru um 180 stæði í boði á tjaldsvæðum RSÍ, 138 í Skógarnesi og 42 í Miðdal. Árið 2024 nýttu tæplega 300 félagar aðstöðuna á tjaldsvæðunum. Boðið var upp á 11 fastleigustæði í Miðdal árið 2024 sem bókuðust öll. Árið 2024 var nýtt þjónustuhús tekið í notkun í Miðdal og golfbrautir settar upp. Veðrið sumarið 2024 var ekki að vinna með starfsfólki orlofskerfisins því einstaklega illa áraði til viðhaldsverkefna utanhúss en sumar framkvæmdir á tjaldsvæðum frestuðust til ársins 2025 af þeim sökum. Gistinætur á tjaldsvæðunum sumarið 2024, þrátt fyrir kalt og blautt sumar, voru tæplega 3000 talsins og var það talsvert minna en árið 2023. Svæði A á Skógarnesi er langvinsælasti tjaldsvæðisstaðurinn sem skýrist mögulega af því að svæðið er rótgróið og skjólsælt en nýtt svæði E sem tekið var í notkun árið 2023 hefur verið nýtt mjög vel. Mest áhrif á nýtingu tjaldsvæða er þó fyrst og síðast veðrið og þá var árið 2024 ekki að vinna með okkur í þeim breytum.

GISTINÆTUR Á TJALDSVÆÐUM RSÍ 2020-2024



Mynd nr. 15



FLUGÁVÍSANIR, VEIÐI- OG ÚTILEGUKORT

Flugávísanir hafa verið seldar hjá RSÍ um árabíl og hafa vinsældir þeirra farið vaxandi. Þannig voru 1.507 flugávísanir Icelandair seldar til félagsfólks árið 2024. Afsláttarkjör á flugávísunum Icelandair hafa breyst til hins verra frá 1. janúar 2025 en RSÍ keypti talsverðan fjölda fyrir áramót til að setja í sölu árið 2025 og seldust þær upp á fyrsta ársfjórðungi 2025. Fleiri ávísanir koma inn í kerfið en lækkun afsláttar frá Icelandair til RSÍ hefur áhrif á verð til félagsfólks. Veiði- og útilegukort hefur staðið félagsfólki til boða og hefur félögum verið boðið upp á þau með 25% afslætti síðustu ár. Árið 2024 voru seld 171 veiðikort og 50 útilegukort til félagsfólks.

PÁSKA- OG SUMARÚTHLUTUN Í ORLOFSKERFINU 2025

Fyrsta úthlutun í nýju tölvukerfi var gerð í febrúar 2025 þar sem úthlutað var orlofshús- um um páskana. 145 – 493 punktar skiluðu félagsfólki úthlutun og að þessu sinni var Miðdalur með hæstu punktastöðu og Ölfusborgir með lægstu. Úthlutun og punktafjöldi sem þarf til þess að fá orlofseign hverju sinni getur verið mjög mismunandi eftir árum, allt eftir því hversu mikill punktafjöldi er á bak við um-sóknir félagsfólks við hverja úthlutun sem gerð er í tölvukerfinu.



PÁSKAR 2025	PUNKTAR	PÁSKAR 2025	PUNKTAR
Miðdalur Rúnaberg	493	Skógarnes 12/Hundar velkominn	310
Skógarnes 5	459	Akureyri Kristjánshagi 2 íbúð 206	304
Akureyri Hymnaland 5	458	Akureyri Kristjánshagi 2 íbúð 106	301
Vaglaskógur	440	Skógarnes 2	298
Akureyri Hymnaland 7	428	Skógarnes stóra húsið	289
Stykkishólmur	427	Bolungarvík	286
Skógarnes 14/Hundar velkominn	400	Skógarnes 9	272
Siglufjörður	399	Akureyri Furulundur 8 K	262
Miðdalur Leturberg	384	Akureyri Kristjánshagi 2 íbúð 207	258
Skógarnes 13/Hundar velkominn	367	Skógarnes 16	250
Skógarnes 15	363	Varmahlíð	235
Skógarnes 6	360	Skógarnes 3	228
Akureyri Kristjánshagi 2 íbúð 208	347	Skógarnes 10	227
Akureyri Kristjánshagi 2 íbúð 107	343	Svignaskarð nr. 3	219
Miðdalur Litaberg/Hundar velkominn	343	Skógarnes 11	216
Miðdalur Gutenberg	339	Ölusborgir 13	215
Akureyri Kristjánshagi 2 íbúð 105	325	Skógarnes 4	210
Einarsstaðir 4	323	Vestmannaeyjar	204
Skógarnes 7	320	Akureyri Furulundur 8 P	197
Skógarnes 8	315	Svignaskarð nr.4	193
Skógarnes 1	311	Akureyri Furulundur 8 T	181
		Ölfusborgir 16	145

Mynd nr. 16

Við vígslu Hafliðahúss í Stykkishólmi 2024 frá vinstri: Jakob Tryggvason, þáverandi gjaldkeri, Kristján Þórður Snæbjarnarson þáverandi formaður RSÍ, Björn Ágúst Sigurjónsson starfsmaður orlofskerfis RSÍ, Katrín Óladóttir ekkja Hafliða Sívertsen fyrrverandi formanns orlofsnefndar - sem húsið er kennt við og Anna Melsteð formaður orlofsnefndar RSÍ.

Sumarúthlutun 2025 var gerð í mars og bárust umsóknir frá 600 kennitölum félagsfólks fyrir sumarið 2025. Á bak við hverja kennitölu eru síðan fleiri en ein umsókn um orlofshús inn í sumarúthlutun. Sumartímabilið er frá 13. júní – 22. ágúst eða alls 10 vikur. Vinsælasta vikan var 11. – 18. júlí og þurfti frá -75 til 537 punkta í þá viku, allt eftir staðsetningu. Þegar tölur eftir fyrstu umferð úthlutunar, þ.e. þar sem fyrsta úthlutun er gerð, eru skoðaðar kemur í ljós að punktahámark sumarsins er á bak við úthlutun orlofshúss í Svignaskarði 11.-18. júlí, en þar voru 537 punktar á bakvið þá viku. 21 úthlutanir yfir hásumarið eru með 400 punkta eða fleiri á eftirfarandi staði:

- 6 Akureyri
- 6 Skógarnes
- 2 Miðdalur
- 1: Bolungarvík, Einarsstaðir, Siglufjörður, Stykkishólmur, Svignaskarð, Vagla-skógur, Vestmannaeyjar.

Sömuleiðis sýnir mynd nr. 17 úthlutun eftirvikum eftir fyrstu umferð og bendir til eftirspurnar eftir tímabili.

Þegar niðurstöður fyrstu úthutunarumferðar eru skoðaðar sést hversu margir punktar eru á bak við hverja úthlutun. Þar má sjá vísbendingu um vinsældir svæðanna, líkt og fram kemur á mynd nr. 19 punktafjöldi á bak við úthlutanir

Eins og sjá má á mynd nr. 18 gengu húsin út allar vikur strax á fimm stöðum, sem einnig bendir til vinsælda staðsetninganna í kerfinu. Fyrsta umferð í úthlutun gefur ýmsar vísbendingar um eftirspurn en ekki nýtingu því húsin leigjast út allt sumartímabilið í næstu umferð í úthlutun eða þá þegar opnað er á fyrstur kemur fyrstu fær.

Í heildina, snertir orlofskerfi RSÍ við stórum hóp félagsfólks. Nýting kerfisins er með ágætum og fjölbreyttir kostir félagsfólks í boði til þess að njóta andlegrar og líkamlegrar hressingar í sveitum landsins á ýmsan máta. Húsakostur þarfnast ávallt viðhalds og ljóst að huga þarf vel að þeim þáttum í rekstri orlofskerfis af þessari stærðargráðu.

FJÖLDI ÚTHLUTANA 1. UMFERÐ




NÝTING PR. HÚS EFTIR 1. UMFERÐ ÚTHLUTUNAR SUMARIÐ 2025



Mynd nr. 18

PUNKTAFJÖLDI Á BAK VIÐ ÚTHLUTANIR



Mynd nr. 19

PUNKTAR Í SUMARÚTHLUTUN 2025 EFTIR VIKUM OG EIGNUM

Leiga byrjar	13.06	20.06	27.06	04.07	11.07	18.07	25.07	01.08	08.08	15.08
Akureyri 4 herb	522	375	338	154	171	69	237	390	329	144
Akureyri 4 herb	429	310	304	143	102	184	96	314	66	
Akureyri 4 herb	286	301	191					132	60	
Akureyri 4 herb	243	260	170							
Akureyri 4 herb	185									
Akureyri Furu- lundur N	266						239	259		
Akureyri 3. herb	331		442	277	314	198	336	155	190	
Akureyri 3. herb	223		405	176	211	241	168	112	156	
Akureyri 3. herb	146		399	141		90	105	89		
Akureyri 3. herb			360	89						
Einarsstaðir	424	150	367	368	327	318	319	295	362	374
Einarsstaðir	110	132	294	348	316	284	216	221	143	
Einarsstaðir			286	248	247		168			
Flókalundur Vatnsfirði	81	221	308	211	140	311	100	201		122
Hlíðarvegur 20, Siglufjörður - íbúð 0002 - Gagginn				448						
Hyrnaland í Hálöndum Akureyri	419	296	475	438	355	368	294	237	160	256
Hyrnaland í Hálöndum Akureyri	229	109	432	259	295	325	238	179	113	138
Illugastaðir 4		146		144	178	198	145	275		
Illugastaðir 3										
Kirkjubæjarklaustur B Hundar velkomnir			242	84		284				
Klífabotn A , Lónssveit			300		234	118	227			
Miðdalur Gutenberg				149	433	289		136	101	
Miðdalur			322	474	127	136	295	213	103	
Miðdalur - Litaberg (nr.7) - Hundar velkomnir	159		190	292	168	274	155	294	309	
Miðdalur	99	161	152	239	109	127	162	176	370	

PUNKTAR Í SUMARÚTHLUTUN 2025 EFTIR VIKUM OG EIGNUM

Leiga byrjar	13.06	20.06	27.06	04.07	11.07	18.07	25.07	01.08	08.08	15.08
Skógarnes stærri hús		321	322	247		371	192	447	403	120
Skógarnes stærri hús		282	194	241	315	222	181	241	167	56
Skógarnes stærri hús	212	261	181	222	306	187	168	223	146	
Skógarnes stærri hús	205	243	147	179	250	183	129	208	93	
Skógarnes stærri hús	201	182	131	151	235	148	125	186		
Skógarnes stærri hús	196		128		157	132	124	163		
Skógarnes stærri hús	181					121		153		
Skógarnes hundar velkomnir	242	321		513	389	434	304	435	172	392
Skógarnes hundar velkomnir	238	202		311		408	258	259		
Skógarnes hundar velkomnir	214					215	224	232		
Skógarnes minni hús	379	138	121		109	251	51	78		
Skógarnes minni hús	160	58				189		73		
Skógarnes minni hús	119					150				
Skógarnes minni hús	78					137				
Skógarnes v.Apavatn stóra húsið	123		401	331	322	344	122	445	213	124
Stykkishólmur	477	391	253	254	420	366	466	319	401	212
Svignaskarð				320	561	129	185	190		
Svignaskarð				280						
Vaglaskógur	148	212	383	360	384	470	379	378	336	357
Varmahlíð, Skagafirði	363		272			379	218	267	315	214
Vestmannaeyjar, Foldarhraun 9	347	282	473	229	332	249		388	334	
Bolungarvík	360	272	188	195	323	428	363	165		
Ölfusborgir 13	141	58	41		117	106	330	145		144
Ölfusborgir 16			23							

SJÚKRASJÓÐUR

Styrktarsjóður RSÍ er einn mikilvægasti sjóður sambandsins og hefur nýtingin á honum aukist jafnt og þétt síðustu árin. Sjúkradagpeningar eru greiddir til þeirra félaga sem hafa fullnýtt veikindarétt hjá vinnuveitanda og verða þar með tekjulausir á veikindatíma. Jafnframt getur félagsfólk sótt um sjúkradagpeninga vegna veikinda barna eða maka, en það er ekki sundurgreinanlegt í tölfræði um sjúkradagpeninga. Greiðslur vegna sjúkradagpeninga hafa aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Í ljósi hækkandi útgreiðslna úr sjóðnum var tekin ákvörðun á Sambandsþingi RSÍ 2023 að færa rétt til sjúkradagpeninga úr 12 mánuðum í 8 mánuði. Breyting þessi tók gildi frá 01.06.2023, það þýðir að allir þeir sem voru byrjaðir að fá greidda sjúkradagpeninga á þeim tíma áttu rétt á 12 mánaða greiðslum. Áhrif þessara breytinga eru því fyrst að koma fram í útgreiðslum fyrir 2024. Á mynd 22 má sjá að greiðslur vegna sjúkradagpeninga hafa lækkað á milli ára sem að öllum líkindum má fyrst og fremst rekja til þessara breytinga. Miðað við þær breytingar sem voru gerðar þá má velta því fyrir sér hvort lækkunin hefði átt að vera meiri þar sem styttri réttur þýðir lægri útgjöld. En hafa þarf í huga að ekki voru nærri allir að nýta 12 mánaða rétt. Það er því erfitt að segja til hvaða þættir eru að hafa hvað mestu áhrifin í þessu sambandi. Einnig þarf að hafa í huga að lækkunin er í raun hlutfallslega meiri en sem nemur þessum tölum þar sem launavísitala og launahækkanir eru ekki teknar með í þessum útreikningum. Jafnframt hefur þeim sem sækja um sjúkradagpeninga einnig fækkað, eða um 2,3%. Lækkun á útgreiðslum vegna sjúkradagpeninga á milli ára er 0,7% en lækkun á milli ára er eitthvað sem höfum ekki séð mjög lengi. Hækkun á milli áranna á undan var sem dæmi 11,4%.

Heildarútgjöld sjúkrasjóðs 2024 hækkuðu um 2,7% frá árinu á undan, var 19,7% á milli áranna 2022 og 2023. Það er því um mikla breytingu að ræða á útgreiðslum styrkja og sjúkradagpeninga á síðasta ári.

Útgreiðslur vegna fjölmargra styrkja lækka á milli ára sem er einnig mikil breyting frá fyrra ári en þrátt fyrir það fjölgar þeim sem sækja sér þjónustu sem er jákvætt. En vissulega er þetta breytilegt á milli styrkja, t.d. fjölgar þeim sem sækja um líkamsræktarstyrk og gleraugnastyrk á meðan þeim sem sækja um styrk vegna læknskostnaðar fækkar. Mest er fjölgun umsókna um líkamsræktarstyrk, 8,3%. Þeim sem sækja um styrk vegna læknskostnaðar fækkar að sama skapi um rúmlega helming. Hafa þarf þó í huga að um tiltölulega fáar kennitölur er að ræða.

Miðstjórn RSÍ hefur sett sér það viðmið að útgreiðslur fari ekki mikið umfram 65% af tekjum sjóðsins við eðlilegar aðstæður en við þau mörk er rekstur sjóðsins sjálfbær, árlegar tekjur standa undir rekstri ársins. Til viðbótar við greidda styrki bætist rekstur sjóðsins. Sjóðurinn er hins vegar sterkur og stendur vel undir þessum auknu útgjöldum og getur tekist á við áframhaldandi aukningu í nokkur ár hið minnsta. Hlutverk sjóðsins kemur hins vegar sterkt fram við þær aðstæður sem geta skapast í lífi fólks, þ.e. að styðja við félagsfólk þegar á reynir. Á mynd 22 koma fram útgreiðslur styrkja og sjúkradagpeninga 2024 og samanburður við árið 2023. Staða er varðar einstaka styrki kemur fram í töflunni sem og breytingar á milli ára, þ.e. hvort útgjöld hækka eða lækka. Útgjaldaaukning vegna viðtalsmeðferðar hefur verið nokkuð breytileg síðustu ár, á milli áranna 2022 og 2023 hægði verulega á þeirri þróun sem verið hefur en jókst aftur 2024 í samanburði við 2023. Fjöldi þeirra sem sótti um er hins vegar svipaður og frá fyrra ári, af því

má draga þá ályktun að kostnaðaraukningu vegna þessa styrks má annars vegar rekja til hækkunar á verðskrá þeirra sem selja þjónustuna og mögulega að fjöldi meðferðartíma á bak við hverja kennitölu sé hærri.

Útgreiðslur vegna sjúkrabjálfunar hækkuðu um 22,3% sem er örlítið minni hækkun á milli ára en frá fyrra ári, var þá 23,6%%. Vert er að rýna í þessar tölur þar sem þjónusta sjúkrabjálfa er niðurgreidd og hefur verið til nokkurra ára.

Inn í þessum styrk er hins vegar líka veittur styrkur vegna kírópraktors en ekki er gerður greinarmunur á þessum meðferðaraðilum í heildartölum. Ekki er því ólíklegt að skýring á þessari aukningu sé vegna þess þáttar. Samhliða þessari hækkun á milli ára eru nokkuð fleiri sem sækja um þennan styrk en árið áður eða 9,5%. Nánari upplýsingar um upphæðir í hverjum styrktarflokki er að finna í mynd 22 auk breytinga á milli ára.

Mynd nr. 22

	2024		2023		MISMUNUR	
TEGUND STYRKJA	UPPHÆÐ	FJÖLDI KENNITALA		FJÖLDI KENNITALA	UPPHÆÐ	%
Sjúkradagpeningar	346.640.710	177	349.113.964	181	-2.473.254	-0,7%
Fæðingarstyrkur	24.747.800	159	25.872.000	168	-1.124.200	-4,3%
Jólastyrkur	788.654	14	824.342	15	-35.688	-4,3%
Ferðastyrkur	207.400	7	243.200	5	-35.800	-14,7%
Líkamsræktarstyrkur	77.520.649	1805	65.822.360	1666	11.698.289	17,8%
Sjúkrabjálfun	18.053.610	597	14.762.986	545	3.290.624	22,3%
Lækniskostnaður	4.074.411	42	6.818.499	80	-2.744.088	-40,2%
Gleraugnastyrkur	23.397.662	456	21.104.721	436	2.295.941	10,9%
Hjartavernd	2.899.922	102	3.537.812	131	-637.890	-18,0%
Frjósemismeðferð	8.262.155	42	7.644.008	48	618.147	8,1%
Krabbameinsskoðun	3.055.728	137	3.320.105	135	-264.377	-8,0%
Eingreiddar dánarbætur til barna	2.114.241	1	0		2.114.241	0,0%
Eingreiddar dánarbætur til foreldra	0		490.000	1	-490.000	0,0%
Eingreiddar dánarbætur	12.281.900	39	11.589.900	40	692.000	6,0%
Víðtalsmeðf.Sálfræðingur	19.743.624	397	16.277.211	388	3.466.413	21,3%
Aðrir styrkir	0		200.000	1	-200.000	-100,0%
Heyrnartæki	2.487.784	24	2.969.051	28	-481.267	-16,2%
Stoðtæki	524.230	27	495.037	34	29.193	5,9%
Eingreiddar dánarbætur FÍS	333.400		1.714.000		-1.380.600	-80,5%
Samtals	547.133.880		532.799.196			2,7%

STJÓRNIR OG NEFNDIR RSÍ:

Framkvæmdastjórn:

Formaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson,
(til 07.02.2025)
Formaður: Jakob Tryggvason, FTF
(frá 27.02.2025)
Varaformaður: Andri Reyrr Haraldsson FÍR
Ritari: Bára Laxdal Halldórsdóttir, FRV
Gjaldkeri: Jakob Tryggvason, FTF
(til 27.02.2025)
Gjaldkeri: Finnur Víkingsson, RFN
(frá 27.02.2025)
Meðstjórn: Haraldur Örn Sturluson, FÍS
(til 31.12.2024)
Meðstjórn: Georg Páll Skúlason, GRAFÍA
Meðstjórn: Hörður Bragason, FRV
Meðstjórn: Anný Björk Guðmundsdóttir, FRS
Meðstjórn: Eiríkur Arnar Björgvinsson, RFS

Miðstjórn: (auk framkvæmdastjórnar)

Aðalmenn:

Helga Sigurbjörnsdóttir, FÍR
Eiríkur Jónsson, FÍR
Guðmundur Ævar Guðmundsson, FÍR
Jökull Harðarson, FÍR
Þór Hinriksson, FÍR
Sigurður Freyr Kristinsson , FÍR
Anna Sigríður Melsteð, FTF
Ragnar G. Gunnarsson, FTF
Sigurjón Guðni Ólason, FTF
Elma Bjarney Guðmundsdóttir, FTF
Hrönn Jónsdóttir, GRAFÍA
Haraldur Örn Arnarsson, RSÍ-UNG
Sigmundur Grétarsson, RSÍ-ELDRI
(áheyrnarfulltrúi)

Varamenn:

Viðar Már Þorsteinsson, FÍR
Guðmundur Gunnarsson, FÍR
Katrín Ösp Guðjónsdóttir, FÍR
Róbert Steingrímsson, FTF
Sigríður Rósa Bjarnadóttir, FTF

Páll S. Guðmundsson, FTF
Hafþór Ólafsson, FTF
Davíð E. Sigmundsson, FRV
Þórunn S. Jónsdóttir, FRV
Magnús Sveinsson, FÍS
Ágúst Friðriksson, RFN
Steinar Guðjónsson, FRS
Margrét Halldóra Arnarsdóttir, RFS
Anna Haraldsdóttir, GRAFÍA
Maríanna Ragna Guðnadóttir, RSÍ-UNG
Guðmundur Geir Hauksson, RSÍ-UNG

Sambandsstjórn (auk framkvæmdastjórnar, miðstjórnar og varamanna miðstjórnar)

Aðalmenn:

Borgþór Hjörvarsson, FÍR
Jakob Þór Leifsson, FÍR
Björn Hilmarsson, FÍR
Guðjón Viðar Guðjónsson, FÍR
Aðalsteinn Bragason, FÍR
Móeiður Helgadóttir, FTF
Gunnar Ásgeirsson, FTF
Elva Sara Ingvarsdóttir, FTF
Sigurður Ingi Kjartansson, FTF
Máni Huginsson, FTF
Lydía Grétarsdóttir, FTF
Haukur Þór Ólafsson, FRV
Sæunn Hrund Björnsdóttir, FÍS
Sigurður Ingi Friðriksson, RFN
Jón Grétar Herjólfsen, RFS
Guðmundur Smári Jónsson, FRS
Jón Trausti Harðarson, GRAFÍA
Þorkell Svarfdal Hilmarsson, GRAFÍA
Oddur Þór Unnsteinsson, RSÍ-UNG
Gunnar Rafn Jónsson, RSÍ-UNG

Varamenn:

Reynir Sigurbjörnsson, FÍR
Örvar Jóhannesson, FÍR
Adam Benedikt Burgess Finnsson, FÍR
Þór Ottesen Pétursson, FÍR
Björn Helgason, FTF

Ólafur Ragnar Halldórsson, FTF
Ragnar Páll Bjarnason, FTF
Sigurður J. Guðmundsson, FTF
Ármann Helgi Guðmundsson, FRV
Andri Jóhannesson, FRV
Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir, GRAFÍA
Ásbjörn Sveinbjörnsson, GRAFÍA
Jónína R. Kristjánsdóttir, FÍS
Sighvatur Daníel Sighvatz, RFN
Arnar Stefánsson, RFS
Styrmir Eero Henttinen, RSÍ-UNG

RSÍ-UNG:

Formaður: Haraldur Örn Arnarson,
(til 19.03.2025)
Formaður: Marianna Ragna Guðnadóttir
(frá 19.03.2025)
Varaformaður: Marianna Ragna Guðnadóttir
(til 19.03.2025)
Varaformaður: Haraldur Örn Arnarson
(frá 19.03.2025)
Ritari: Styrmir Eero Henttinen
Gjaldkeri: Oddur Þór Unnsteinsson
Meðstjórnandi: Guðmundur Geir Hauksson
Meðstjórnandi: Unnar Már Pétursson
Meðstjórnandi: Róbert Máni Davíðsson
Meðstjórnandi: Gunnar Rafn Jónsson

RSÍ-ELDRI:

Formaður: Sigmundur Þórir Grétarsson, FÍR
Varaformaður: Bára Laxdal Halldórsdóttir, FRV
Ritari: Þór Ottesen Pétursson, FÍR
Gjaldkeri: Jón Trausti Harðarson, GRAFÍA

Fjölskylduhátíðarnefnd RSÍ:

Sigríður Rósa Bjarnadóttir (formaður), Borg-
þór Hjörvarsson, Viðar Þorsteinsson,
Páll S. Guðmundsson og
Adam Kári Helgason (starfsmaður).

Golfnefnd RSÍ:

Þorkell Svarfdal Hilmarsson,
Hlín Guðjónsdóttir og Helgi Einarsson.

Jafnréttisnefnd RSÍ:

Anna Melsteð, Elma Bjarney Guðmundsdóttir,
Haukur Þór Ólafsson, Díana Hrönn
Sigurfinnsdóttir, Ágúst Friðriksson,
Haflíði Bjarki Magnússon,
Helga Sigurbjörnsdóttir (formaður) og
Sigrún Sigurðardóttir (starfsmaður).

Launanefnd RSÍ:

Kristján Helgason, Andri Jóhannesson,
Þór Hinriksson, Þorkell Svarfdal Hilmarsson,
Elma Bjarney Guðmundsdóttir (formaður) og
Kristján Þórður Snæbjarnarson (starfsmaður
til 07.02.2025).

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ:

Eiríkur Jónsson, Andri Reyur Haraldsson, Jakob
Tryggvason, Þórunn S. Jónsdóttir, Georg Páll
Skúlason (formaður) og Elsa María Rögnvalds-
dóttir (starfsmaður til 31.01.2025)

Lífeyrisnefnd RSÍ:

Georg Páll Skúlason, Andri Reyur Haraldsson
(formaður), Sigþór Gunnar Sigþórsson,
Jakob Tryggvason, Sigríður Rósa Bjarnadóttir,
Sigurður Ingi Friðriksson, Haukur Þór Ólafs-
son og Sigmundur Þórir Grétarsson.
Varamaður: Guðjón Viðar Guðjónsson

Menntanefnd RSÍ:

Margrét Halldóra Arnarsdóttir,
Finnur Víkingsson, Marianna Ragna
Guðnadóttir, Eiríkur Jónsson (formaður),
Jón Sveinberg Birgisson, Ragnar G
Gunnarsson og Guðmundur Ævar
Guðmundsson.

Orlofsnefnd RSÍ:

Haraldur Örn Sturluson, Sigmundur
Grétarsson, Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir,
Eiríkur Arnar Björgvinsson, Sighvatur D.
Sighvatz, Einar J. Sigmarsson, Kristján Eldjárn
Þorgeirsson, Jón Bjarni Jónsson,
Anna Melsteð (formaður), Björn Ágúst Sigur-
jónsson (starfsmaður til 31.12.2024)
og Guðjón Heiðar Sigurðsson (starfsmaður
frá 01.01.2025)
Varamenn: Borgþór Hjörvarsson og
Hafþór Ólafsson

Alþjóðanefnd:

Birgir Ingi Jónasson, Þór Hinriksson,
Borgþór Hjörvarsson, Kolbrún
Guðmundsdóttir, Sigríður Rósa Bjarnadóttir
og Maríanna Ragna Guðnadóttir (formaður)

Siðanefnd RSÍ:

Ásbjörn Sveinbjörnsson, Haukur Þór Ólafsson
og Sæunn Hrund Björnsdóttir

Stjórn Rafmenntar:

Andri Reyur Haraldsson (varaformaður)
Andri Jóhannesson (meðstjórnandi)
Margrét Halldóra Arnarsd. (meðstjórnandi)
Ragnar G. Gunnarsson (meðstjórnandi)
og Finnur Víkingsson (varamaður)

Öryggisnefnd RSÍ:

Hörður Bragason, Elvar Örn Brynjólfsson,
Andri Reyur Haraldsson, Sigurður Freyr Krist-
insson (formaður), Eiríkur Jónsson, Óskar Ingi
Böðvarsson og Kristján Valur Kristjánsson

Stjórn Furulundar:

Guðjón Heiðar Sigurðsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar á Einarstöðum:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar Ölfusborgum:

Guðjón Heiðar Sigurðsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar í Flókalundi:

Guðjón Heiðar Sigurðsson

Stjórn Orlofsbyggðarinnar í Svignaskarði:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Úthlutunarnefnd Styrktarsjóðs:

Björn Eysteinnsson, Erla Sigríður Erlingsdóttir
og Georg Páll Skúlason
w

Ákvæðisnefnd rafiðna:

Andri Reyur Haraldsson, Sigurður Frewyr
Kristinsson, (varamaður), Oddur Bogason
og Jökull Harðarson (varamaður)

Stjórn Verkiðnar:

Georg Páll Skúlason, formaður stjórnar
Andri Reyur Haraldsson, varamaður í stjórn

**Stjórn Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna
í Reykjavík:**

Björn Ágúst Sigurjónsson
Georg Páll Skúlason (gjaldkeri)

Skoðunarmenn:

Sæunn Hrund Björnsdóttir og Reynir
Sigurbjörnsson.
Varamaður: Árni H. Jóhannsson.

Stjórnarmenn Birtu Lífeyrissjóðs:

Aðalmenn: Bára Laxdal Halldórsdóttir, Hrönn
Jónsdóttir og Jakob Tryggvason

Launanefnd Birtu lífeyrissjóðs:

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Kjörnefnd Birtu lífeyrissjóðs

Andri Reyur Haraldsson

Valnefnd Birtu lífeyrissjóðs

Georg Páll Skúlason

Stjórn fulltrúaráðs Birtu lífeyrissjóðs:

Jakob Tryggvason

Andri Reyrr Haraldsson

Varamenn: Bára Laxdal Halldórsdóttir, Georg

Páll Skúlason og Svavar Bjarnason

STJÓRN OG NEFNDIR ASÍ:**Miðstjórn ASÍ**

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Varamaður: Andri Reyrr Haraldsson

Áheyrnarfulltrúi: Jakob Tryggvason

(frá 27.02.2025)

Alþjóðanefnd:

Aðalmaður: Margrét Halldóra Arnarsdóttir

Varamaður: Hörður Bragason

Efnahags-, skatta- og verðlagsnefnd:

Aðalmaður: Georg Páll Skúlason

Varamaður: Andri Reyrr Haraldsson

Húsnæðisnefnd:

Aðalmaður: Finnur Víkingsson

Varamaður: Hrönn Jónsdóttir

Vinnumarkaðsnefnd:

Aðalmaður: Andri Reyrr Haraldsson

Varamaður: Jón Trausti Harðarson

Jafnréttisnefnd:

Aðalmaður: Anna Melsteð

Varamaður: Haukur Þór Ólafsson

Lífeyrisnefnd:

Aðalmaður: Jakob Tryggvason

Varamaður: Hrönn Jónsdóttir

Heilbrigðisnefnd:

Aðalmaður: Dána Hrönn Sigurfinnsdóttir

Varamaður: Sigmundur Grétarsson

Menntanefnd:

Aðalmaður: Eiríkur Jónsson

Varamaður: Elma Bjarney Guðmundsdóttir

Skipaður af miðstjórn ASÍ: Kristján Þórður

Snæbjarnarson (til 07.02.2025)

Skipulags- og starfsháttanefnd:

Aðalmaður: Georg Páll Skúlason

Varamaður: Þórunn S. Jónsdóttir

Laganefnd:

Aðalmaður: Georg Páll Skúlason

Atvinnumála- og auðlindanefnd:

Aðalmaður: Sigmundur Þórir Grétarsson

Varamaður: Unnar Már Pétursson

Framtíðarnefnd:

Aðalmaður: Ragnar G. Gunnarsson

Varamaður: Berglind Leifsdóttir

Fulltrúaráð VIRK**Starfsendurhæfingarsjóðs:**

Sigrún Sigurðardóttir

Vísinda- og tækniráð:

Varamaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Sjálfbærniráð:

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu:

Áheyrnarfulltrúi: Björn Ágúst Sigurjónsson

(skipunartími ótilgreindur)

Félagsdómur:

Rafiðngreinar:

Aðalmaður: Þórunn Stefanía Jónsdóttir

Varamaður: Eiríkur Jónsson

Bókagerðargreinar:

Aðalmaður: Heimir Örn Gunnarsson

Varamaður: Erna Kristjánsdóttir

Mennta- og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum**Sveinsprófsnefnd sterkstraums:**

Aðalmenn Guðmundur Gunnarsson, Björn

Gústaf Hilmarsson, Jón Ólafur Halldórsson

Guðmundur Ævar Guðmundsson og

Sigurður Freyr Kristinsson

Sveinsprófsnefnd Veikstraums:

Aðalmenn: Ásvaldur Kristjánsson,

Anna Kristjana Helgadóttir,

Gabríel Snær Völuson.

Menntasjóður rafiðnaðarins:

Aðalmaður: Jakob Tryggvason (formaður)

og Þór Hinriksson

Varamaður: Hörður Bragason

Stjórn Rafmenntar:

Margrét Halldóra Arnarsdóttir (formaður),

Andri Jóhannesson, Ragnar Guðmundur

Gunnarsson, Andri Reyur Haraldsson (varafor-

maður) og Finnur Víkingsson (varamaður)

Stjórn Nemastofu:

Aðalmaður: Andri Reyur Haraldsson

Stjórn Iðunnar fræðsluseturs:

Formaður: Georg Páll Skúlason

Varamaður: Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir

Stjórnarteymi Iðunnar:

Georg Páll Skúlason

Fagráð prent- og miðlunar Iðunnar:

Aðalmenn: Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir og

Georg Páll Skúlason (varaformaður)

Varamenn: Haraldur Örn Arnarsson og Þor-

geir Valur Ellertsson

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins:

Aðalmenn Guðmundur Ævar Guðmundsson

rafvirki, Henry Arnar Hálfðánarson

rafeindavirki og Ragnar G. Gunnarsson

tækniamaður

(skipunartími frá 9. maí 2023-8. maí 2027).

Varamenn:

Marianna Ragna Guðnadóttir rafvirki,

Eiríkur Jónsson rafvirki og Andri Reyur

Haraldsson rafvirki

(skipunartími frá 9. maí 2023-8. maí 2027).

Starfsgreinaráð upplýsinga og fjölmiðlagreina:

Aðalmenn: Georg Páll Skúlason varaformaður

og Jakob Tryggvason

(skipunartími frá 9. maí 2023-8. maí 2027).

Varamenn: Hrönn Magnúsdóttir og

Sigurjón Guðni Ólason

(skipunartími frá 9. maí 2023-8. maí 2027).

Starfshópur vegna menntamála:

Andri Reyur Haraldsson sterkstraumur

Andri Jóhannesson veikstraumur

STJÓRNIR OG NEFNDIR ERLENDIS**Stjórn norræna rafiðnaðarsambandsins (NEF):**

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ (til 07.02.2025)

Jakob Tryggvason (frá 27.02.2025)

Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljø) NEF:

Menntanefnd NEF:

Guðmundur Ævar Guðmundsson

Orkugeiri NEF:

Steinar Guðjónsson

Stjórn NBTF:

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson,
formaður RSÍ (til 07.02.2025)

Stjórn EBTF:

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson,
formaður RSÍ (til 07.02.2025)

Stjórn UNI-ICTS

Aðalmaður: Haraldur Örn Sturluson
Varamaður: Björn Eysteinnsson

Stjórn / faghópur UNI-MEI

Jakob Tryggvason

STJÓRNIR AÐILDARFÉLAGA RSÍ

Félag íslenskra rafvirkja

Formaður: Andri Reyur Haraldsson
Varaformaður: Guðmundur Ævar
Guðmundsson

Ritari: Eiríkur Jónsson

Gjaldkeri: Þór Hinriksson

Meðstjórn: Helga Sigurbjörnsdóttir, Sigmundur Grétarsson og Sigurður Freyr Kristinsson

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Formaður: Eiríkur Arnar Björgvinsson
Varaformaður: Margrét Halldóra Arnarsdóttir
Ritari: Arnar Stefánsson
Gjaldkeri: Jón Grétar Herjólfsson

Félag íslenskra símamanna

(sameinaðist FTF 01.01.2025)

Formaður: Haraldur Örn Sturluson

Varaformaður: Magnús Sveinsson

Gjaldkeri: Trausti Þór Friðriksson

Meðstjórnandi: Ylfa Dís Knútsdóttir

Félag rafeindavirkja

Formaður: Hörður Bragason

Varaformaður: Ármann Helgi Guðmundsson

Ritari: Davíð E. Sigmundsson

Gjaldkeri: Andri Jóhannesson

Meðstjórn: Bára Laxdal Halldórsdóttir, Haukur Þór Ólafsson og Einar Jón Sigmarsson

Rafiðnaðarfélag Norðurlands

Formaður: Finnur Víkingsson

Varaformaður: Ágúst Friðriksson

Ritari: Sighvatur Sighvatsson

Gjaldkeri: Sigurður Ingi Friðriksson

Meðstjórn: Kristján Valur Kristjánsson

Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi

Formaður: Anný Björk Guðmundsdóttir

Meðstjórnandi: Steinar Guðjónsson

Birgir Rafn Sigurjónsson

Hrafnhildur Jóhanna B. Sigurðardóttir
og Kristján Eldjárn Þorgeirsson

Félag tæknifólks

Formaður: Jakob Tryggvason (til 27.02.2025)

Varaformaður: Ragnar G. Gunnarsson

Ritari: Sigríður Rósa Bjarnadóttir

Gjaldkeri: Páll Sveinn Guðmundsson

Meðstjórn: Elma Bjarney Guðmundsdóttir og Hafþór Ólafsson

GRAFÍA

Formaður: Georg Páll Skúlason

Varaformaður: Þorkell Svarfdal Hilmarsson

Ritari: Anna Haraldsdóttir

Gjaldkeri: Hrönn Jónsdóttir

Meðstjórn: Ásbjörn Sveinbjörnsson, Haraldur Örn Arnarson og Jón Trausti Harðarson

FÉLAGSLEGIR VIÐBURÐIR

Félagslegir viðburðir RSÍ voru á sínum stað á síðasta starfsári. Fjölskylduhátíðin var haldin helgina 14.-16. júní. Mæting var með ágætum en um 700 gestir heimsóttu Skógarnes þessa helgi. Allir fengu pláss sem vildu, stemningin var góð og veðrið með ágætum. Boðið var upp á fjölbreytta skemmtun og viðburði fyrir unga jafnt sem aldna. Pubquiz keppnin var á sínum stað og orðin að reglubundnum viðburði. Á laugardeginum var keppt í hinum ýmsu greinum, veiðikeppnin naut mikilla vinsælda eins og ávallt er og bíóleikurinn var á sínum stað. Nýleg poppvél félagsins sló í gegn og öll börn fengu gefins stuttermaboli. Dagskrá laugardagsins lauk svo með dansi þar sem Sniglabandið hélt uppi fjörinu á dansgólfinu. Þess má til gamans geta að viðburðurinn rataði í fréttirnar, umfjöllun var um hátíðina og viðtal við Kristján Þórð Snæbjarnarson fyrrverandi formann RSÍ. Fjölskylduhátíð RSÍ 2025 verður svo á sínum stað helgina 20.-22. júní.

Ferð eldri félaga var farin dagana 26. og 27. ágúst 2024. Mikil aðsókn hefur verið í þessar ferðir og var sú nýbreytni tekin upp 2023 að bjóða upp á tvískipta ferð. Aðsókn var með besta móti í síðustu ferð og því er þetta fyrirkomulag það sem koma skal. Suðurnes voru áfangastaður þetta árið. Boðið var upp á kaffi í Gerðaskóla. Kvenfélagið á svæðinu sá um kaffihlaðborðið sem var afar veglegt og mikil ánægja með.

Starfsemi RSÍ eldri hefur staðið fyrir kaffisamsæti einu sinni í mánuði á starfsárinu og hafa að meðaltali um 100 félagar sótt kaffið reglulega. Formenn félaganna og starfsmenn hafa litið við og spjallað



2024-2025 SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR

Golfmót RSÍ og Fagfélaganna var því miður ekki haldið á síðasta ári en golfmót RSÍ var haldið á golfvöllinum í Miðdal samhliða fjölskylduhátíðinni.

Okkar árlega jólaball var haldið í Gullhömrum 8. desember 2024. Mæting var minni en oft áður en um leið skapaðist mjög góð stemning þar sem vel fór um alla og þrengsli minni en oft áður. Það voru prúðbúin og falleg börn sem skemmtu sér vel, dönsuðu kringum jólatré og léku sér að uppblásnum blöðrum í allra kvikinda líki. Kúnstugur jólasveinn rann á hljóðið og tók þátt í gleðinni. Hann færði yngri kynslóðinni svolítinn glaðning og tók þátt í að gera viðburðinn eftirminnilegan fyrir unga sem aldna.

Félag íslenzkra símamanna fagnaði 110 ára afmæli sínu 27. febrúar en þá voru 110 ár liðin frá stofnun félagsins. Haldið var upp á afmælið í Sjálfstæðissalnum á Parliament hóteli við Austurvöll, sem áður hét Nasa. FÍS hefur nú sameinast Félagi tæknifólks en í kjölfarið mun nafni félagsins verða breytt og verður það kynnt á aðalfundi á vordögum. Boðið var upp á glæsilega dagskrá og veglegar veitingar. Haraldur Örn Sturluson, formaður FÍS og Finnbjörn Hermannsson forseti ASÍ ávörpuðu samkomuna ásamt fjölda skemmtikrafta sem stigu á svið.



MÍN FRAMTÍÐ

Íslandsmót iðn- og verkgreina og kynning á framhaldsskólanámi var haldið í Laugardalshöll dagana 13. – 15. mars 2025. Keppt var í 19 greinum, þar af í rafvirkjun, rafeindavirkjun og grafískri miðlun. Auk þess voru 25 framhaldsskólar með kynningarbása og fjölmargar iðn- og verkgreinar til sýnis.

Fimmtudag og föstudag var höllin full af nemendum í níundu og tíundu bekkjum grunnskóla af landinu öllu en alls sóttu um 9000 grunnskólanemendur Mína framtíð 2025. Gert er ráð fyrir að um 17 þúsund nemendur og aðrir gestir hafi heimsótt viðburðinn en laugardaginn 15. mars var höllin opin gestum og gangandi.

Níu ungir rafvirkjanemar öttu kappi á Íslandsmóti iðn- og verkgreina sem fór fram, dagana 13.–15. mars. Keppnin var þriggja daga löng og reyndi á fjölbreytta þætti í rafvirkjun, að sögn rafvirkjans og rafiðnfræðingsins Sigurðar Freys Kristinssonar, umsjónarmanns keppninnar.

„Ég hannaði verkefnið sérstaklega fyrir Íslandsmótið 2025,“ segir Sigurður, sem fer yfir keppnisfyrirkomulagið. „Á fyrsta degi voru þátttakendur að vinna með húsarafmagn – setja upp greinitöflu, tengla, rofa og ljós með tilheyrandi búnaði. Á öðrum degi snerist keppnin um iðnaðarrafmagn. Þá þurftu þau að setja upp og víra litla stýritöflu, tengja ljós, hnappa, skynjara og tengil fyrir mótör. Síðasti dagurinn var svo helgaður forritun – þar þurftu keppendur að vinna eftir virknilýsingu til að kveikja ljós og ræsa mótör í samræmi við stýringu.“

Keppnin var bæði fjölmenn og fjölbreytt. Alls tóku níu keppendur þátt, fimm drengir og fjórar stúlkur. Aðspurður um framhaldið segir Sigurður að góð frammistaða í keppninni geti tryggt þátttökurétt í úrtökum fyrir EuroSkills. „Við horfum bæði til árangurs í keppninni

sjálfri og einnig árangurs úr sveinsprófi. Þetta gefur heildarmynd af hæfni þeirra.“

Þó að verkefnin séu krefjandi segir Sigurður Freyr þau jafnframt skemmtileg. „Þau þurfa að halda vel á spöðunum til að ná að klára á tíma. Þetta er mikil reynsla fyrir þau og gefur þeim dýrmætt veganesti,“ segir hann.

Keppnin fór fram í opnu rými í Laugardalshöll, þar sem margt var um manninn. Sigurður Freyr segir það setja ákveðna pressu á keppendur að leysa verkefnin undir þessum kringumstæðum. Ekki síst reyni verkefnið á tímastjórnun. „Þau þurfa að halda góðri einbeitingu. Þetta er góð æfing í að vinna undir álagi sem kemur sér vel því vinnuumhverfi rafvirkja getur oft verið hávaðasamt og krefjandi.“

Átta keppendur skráðu sig til keppni á Íslandsmótinu í grafískri miðlun. Íslandsmeistari varð Jakob Bjarni Ingason, Sólrún Svana Pétursdóttir vann til silfurverðlauna og Ísabella Ethel Kristjánsdóttir vann bronsverðlaun. Þorgeir Valur Ellertsson og Haraldur Örn Arnarson sáu um keppnina og Axel Fannar Friðriksson var yfirdómari. Þess má geta að Haraldur Örn og Axel Fannar hafa báðir keppt á vettvangi Euroskills og Þorgeir Valur verið sérfræðingur og dómari á þeim vettvangi. Jakob Bjarni Ingason verður keppandi í grafískri miðlun fyrir hönd Íslands á Euroskills í Herning haustið 2025.

Að þessu sinni var einnig boðið upp á að prófa handtökin í samstarfi við ljósmyndunardeild Tækniskólans sem er mikilvægt til að kveikja áhuga. Nemendur og aðrir gestir gátu farið í myndatöku í stúdíó og fengið hana útprentaða í bás grafískrar miðlunar með áletrun. Þetta vakti mikla lukku og voru langar biðraðir.

Verkið er framkvæmdaaðili Minnar framtíðar 2025 í samstarfi við Mennta- og barna-

málaráðuneytið, sem krefst umfangsmikillar skipulagningar og vinnu, en 11 manna framkvæmdastjórn undirbjó viðburðinn s.l. tvö ár. Verkefnastjórar voru Kristjana Guðbrandsdóttir leiðtogi prents- og miðlunar hjá Iðunni og Inga Birna Antonsdóttir verkefnastjóri hjá Iðunni fræðslusetri. Meðal framkvæmdaaðila voru frá RSÍ: Georg Páll Skúlason formaður Verkiðnar og fjármálastjóri mótsins, Andri

Reyr Haraldsson varamaður í stjórn og í mótstjórn, Adam Kári Helgason öryggisstjóri og Haraldur Örn Arnarson formaður RSÍ Ung auk Óskars Hafnfjörð Gunnarssonar og Lilju Sæmundsdóttur framkvæmdastjóra mótsins frá Fagfélögunum sem jafnframt mynduðu mótstjórn mótsins ásamt Andra Rey.

Myndir frá Mín framtíð 2025



BRANSADAGURINN

Bransadagurinn var haldinn í annað sinn í ársbyrjun árið 2025. Bransadagurinn er haldinn af Félagi tæknifólks, Rafmennt og Hörpu og er dagur fagfólks í hljóð-, ljósa- og myndlausnum, sviðstækni og kvikmynda- og sjónvarpsgerð á Íslandi. Metþátttaka var í deginum sem er birtingarmynd þess hversu mikill kraftur býr í þeim atvinnugreinum sem tengjast þessum skapandi greinum á öllum sviðum.

Mikið var um dýrðir þegar rúmlega 300 manns mættu í Hörpu til að hittast og hlýða á einhver af þeim 21 erindum sem flutt voru yfir daginn. Fyrirlesarar voru innlendir og erlendir og voru fyrirlestrar vel sóttir. All nokkur fyrirtæki í bransanum kynntu sig, hluta af tækjakosti og starfsemi sína í ár en aðalbakhjarlar vour Extón, Luxor, Atendi og Sýrland. Eitt af aðalmarkmiðum Bransadags er að fræða bransafólk en einnig til að kynna þau fjölbreyttu störf sem falla undir bransann og um hvað þau snúast. Störfin í bransanum eru unnin af stórum hluta af körlum en um 86% skráðra þátttakenda á Bransadeginum 2025 voru karlar. Sérstök áhersla var lögð á það við skipulagningu dagskrár í ár að jafna hlutfall kynjanna meðal fyrirlesara og tókst það með ágætum.

Stór nöfn á alþjóðavísu héldu fyrirlestra og má þar nefna Sam Hunter, sem sviðsstýrði opunar- og lokahátíð Ólympíuleikanna, Ola Melzig, framleiðslustjóra Eurovision 2024 og Sooner Routhier, einn allra fremsti sviðs- og ljósahönnuður heims en hún er ljósahönnuður fyrir Muse, Coldplay og fleiri stórstjörnur. Melzig stýrði Eurovision um árabíl og opnað Eurovision fyrir tæknifólki með afar vinsælum blogg færslum.

Á Bransadeginum 2025 voru öryggismálin sett sérstaklega á dagskrá af brýnni þörf með því að efna til pallborðsumræðna í lok dags. Þátttakendur í pallborði voru: Þingmaðurinn Víðir

Reynisson, sviðs- og viðburðarstjórinn Máni Huginsson, Þór Pálsson frá Rafmennt, Ólafur Ástgeirsson frá Iðunni, Axel Pétursson frá Vinnueftirlitinu og Böðvar Tómasson frá ÖR-UGG verkfræðistofa. Liðlega 100 manns sátu fundinn þar sem fram fóru góðar umræður um þetta mikilvæga málefni í störfum þessa bransa. Á fundinum var meðal annars rætt um mikilvægi þess að leggja drög að handbók um öryggismál í sviðslistum. Fundurinn samþykkti að hefja undirbúning þessarar vinnu. Bransadagurinn hefur ekki síður það hlutverk að styrkja tengslin í bransanum og lauk dagskránni með uppistandi, snúrukeppni og veitingum þar sem svigrúm gafst til að bera saman bækur og mynda ný tengsl.

Frá Bransadögum 2025



ERLENT SAMSTARF


RSÍ og aðildarfélög eiga í margvíslegu samstarfi á alþjóðlegum vettvangi. Mest eru samskipti við samtök á sviði byggingargeira en á undanförunum árum og áratugum hafa tengsl verið byggð upp við fleiri samtök, á sviði tækni og miðlunar sem og prent- og miðlunargreinum. Hér á eftir verður fjallað í stuttu máli um helstu samtök sem RSÍ og aðildarfélög eiga aðild að með beinum hætti.

Erlent og innlent samstarf með UNI

Á vettvangi RSÍ hafa Grafía, Félag tæknifólks og Félag íslenskra símamanna tekið þátt í erlendu samstarfi á vettvangi UNI Global Union, sambandi stéttarféлага í þjónustugreinum á alheimsvísu undanfarin ár. Innan UNI er svæðaskipting og hafa fulltrúar frá þessum félögum sótt annarsvegar UNI Global alheimsráðstefnuna og UNI Europe, evrópuráðstefnuna sem haldnar eru á víxl. Innan UNI eru svo deildir eins og MEI - Media, Entertainment & Arts, ICTS - ICT & related services og Graphical & Packaging sem aðildarfélög RSÍ hafa átt samskipti við.

Innan MEI samstarfsins tekur Félag tæknifólks þátt með nefndarstarfi og þátttöku í fundum og ráðstefnum.

Tveir fulltrúar Félags tæknifólks, Elma Guðmundsdóttir og Anna Melsteð, fóru á ráðstefnu í Brussel í nóvember 2024 og sátu áhugavert málþing um fjölbreytileika og inngildingu í tæknistörfum. Dagskráin var þétt skipuð áhugaverðum erindum og opnaði Emma Balfé frá Írlandi dagskrána, en í kjölfar þessarar ráðstefnu var hán fengið til að koma á Bransadaginn með erindi. Emma kennir við Institute of Art, Design and Technology á Írlandi og fjallaði um jafnrétti, inngildingu og fjölbreytileika í menntun. Emma sagði sérstaklega frá aðferðum sem innleiddar hafa verið til þess að fræða um þessa málaflokka. Rannsóknir benda til þess að fjármunir tapist í þjóðfélagi þegar fjölbreytileika, sjálfbærni og jafnrétti er ábótavant. Grípa þarf til fræðslu fyrir kynslóðirnar sem fæddar eru eftir árið 2000 til að undirbyggja það að enginn atvinnurekandi eða umhverfi í samfélögum vill ofbeldismenningu eða mismunun af neinu tagi.



Frá Brusselferðinni ráðstefna um fjölbreytileika og inngildingu



Frá fundinum í janúar

Áhugaverðar pallborðsumræður voru settar upp og voru fulltrúar Félags tæknifólks sam-mála um að efni ráðstefnunnar ætti erindi í ís-lenskan veruleika ekki síst í tengslum við stóra jafnréttisárið 2025.

Í janúar tóku fyrrnefnd aðildarfélög RSÍ auk LV, Samiðnar og Félag starfsfólks í fjármála-fyrirtækjum höndum saman og fengu UNI til Íslands til tveggja daga vinnustofu. Vinnu-stofan snérist um að fræðast um starfsemi UNI og deilda þess og hvernig sú starfsemi getur gagnast íslensku félögunum, en einn-ig voru námskeið haldin sem nýttast munu í starfi hvers félags fyrir sig í framhaldinu þegar kemur að uppbyggingu tengsla við félagsfólk félaganna. Það var ekki síst sú staðreynd sem blasir við í mörgum greinum atvinnulífs víða um heim; fjölgun sjálfstætt starfandi einstakl-inga og aukningu í fjölda verktaka milli geira, sem varð til þess að vinnustofan var haldin. Þetta á sérstaklega við í kvikmynda- og tækni-geiranum þar sem hlutfall félagsaðildar er lægra. Fulltrúar UNI deildu reynslu sinni af því að ná til þessara hópa og hvernig aðlaga megi starfsemi að þörfum þeirra, sérstaklega varð-andi launakerfi fyrir fólk án reglulegra tekna. UNI kynnti einnig herferð sína um ábyrg op-

inber innkaup og fjármögnun til að vernda starfsmenn gagnvart áhrifum gervigreindar, sem einnig á við á Íslandi.

Vinnustofan endaði á umræðu um EPOC- Empowering Union Power in Companies og þróun „heilðarstefnu fyrir stéttarfélög“, sem byggir m.a. á því að styrkja nærveru og að-gerðir á hverjum vinnustað með því að byggja upp þétt net trúnaðarmanna. Íslensku félögin sem stóðu að vinnustofunni hófu samtál um frekari samvinnu í framhaldinu um áfram-haldandi vöxt og nýsköpun í verkalýðshreyf-ingunni.

Í mars 2025 var haldin UNI Europa þing í Belfast undir yfirskriftinni Real Say, More Pay og fóru 5 fulltrúar frá RSÍ á þingið, Jakob Tryggvason FTF, Georg Páll Skúlason Grafía, Haraldur Sturluson FÍS, Haraldur Arnarson Grafía og Anna Melsteð FTF. Dagskráin hófst með kvennaráðstefnu og svo tók við þriggja daga dagskrá í kjölfarið. Ráðstefnuhald litaðist nokkuð af mótmælum vegna stríðs í Palestínu bæði fyrir utan þinghúsnæði og innan.

Í Uni Europa eru um sjö milljónir félagsfólks í þjónustugreinum en Evrópudeild UNI er 25 ára árið 2025.



Belfastfarar á UNI þing 2025

Á kvennaráðstefnunni var rifjað upp að 15 ár eru síðan 40/40 markmiðið um skiptingu milli kynja var sett fram en það hefur leitt af sér fjölgun kvenna í verkalýðsbaráttunni um allan heim. Áhyggjur af stöðu viðkvæmra hópa í Bandaríkjunum voru ræddar og afleiðingar nýrra laga Trumps sem eru hagnýtt sumsstaðar til að segja upp fólki sem tilheyrir þessum hópum. Regluverk og leiðbeiningar í jafnréttismálum sem og fræðslu um viðbrögð við áreitni- og ofbeldismálum hafa komið út undanfarin ár ekki síst vegna ILO190 samþykktar Alþjóða vinnumálastofnunarinnar, sem enn hefur enn ekki verið fullgild inn í íslenskt lagaumhverfi. Umræður urðu um heimilin sem hina nýju vinnustaði og áhyggjur af þeirri þróun sem leitt gæti af sér einangrun og jafnvel aukið heimilisofbeldi. Ákall um frekari aðgerðir til að ná árangri í jafnréttisbaráttu var sett fram því enn er launamunur út frá kyni við lýði á vinnumarkaði Evrópu. M-in fjögur voru einnig í umræðunni: Menstruation, Maternity, Menopause og Mental health. Þessi hugtök eru víða tabú en þarf að setja á dagskrá í auknum mæli.

6. þing UNI Europe

Í erindum á þinginu kom fram að þríhliða samningar meðal verkalýðsfélaga, atvinnurekenda og stjórnvalda er hornsteinn samninga í Evrópu, sem hefur sýnt mikla samstöðu. Mikilvægt er að öflug verkalýðshreyfing sé til staðar þegar ný lög eru innleidd, en verkalýðshreyfingin verður að vera rödd skynseminnar í þeim öfga hægri málflutningi sem einkennir stjórnsmál víða um heim. Stjórnsmál verði að snúast um von en ekki hatr eða stríð. Endurnýjun verkalýðshreyfingarinnar var til umræðu og tengdist beint efni vinnustofa sem haldnar voru á Íslandi í janúar. Skipuleggja þarf starf og uppbyggingu innan verkalýðsfélaga ekki síst þar sem ítök þeirra eru ekki mikil. Fræðsla í skipulagi verkalýðsbaráttu er einnig mikilvæg til árangurs. Fram komu áhyggjur af stöðu samninga og samtöl við aðila vinnu- markaðsins og hins opinbera hjá mörgum fulltrúum. Beinast áhyggjur einkum að því stjórnsmálalandslagi sem verður æ útbreiddara í heiminum með öfga hægri stjórnsmálaflokkum sem náð hafa völdum víða. Talsverð umræða var einnig um áhrif gervigreindar á störf í samtímanum og niðurstaðan sú að þörf fyrir reglugerðir og fræðslu er mikil um þessi

málefni. Gervigreindartæknin þarf að vera á forsendum vinnandi fólks en ekki fyrirtækja og því er þörf fyrir mikla fræðslu ekki síst til samninganefnda og stjórnvalda í hverju landi, þar gæti RSÍ látið til sín taka með því að vekja athygli þingmanna á málefninu. Evrópskar reglugerðir í þessum málaflokki gætu verið fyrirmyndir fyrir íslenskt umhverfi.

Í málflutningi Christy Hoffman forseta Uni Global varð staðan í Bandaríkjunum umræðuefni og gagnrýndi hún Trumpstjórnina harkalega. Áskoranir vestanhafs eru gríðarlega stórar í kjölfar forsetaskipta, sem fyrirtæki og stofnanir eru að horfast í augu við á mörgum sviðum í stöfum sínum. Í máli hennar kom fram að vinnumarkaðurinn treysti á forystuna í verkalyðsmálum til að verja fólk fyrir t.d. stjórnmalafólki eins og Trump. Nota þurfi allar mögulegar aðferðir til þess að fylkja verkalyðshreyfingunni saman gegn þessum stjórnmalum, verðmæti samvinnu milli heimsálfa hafi aldrei verið mikilvægara en nú, þar sem billjónera áróður sé út um allt og því mikilvægt fyrir verkalyðshreyfinguna að berjast gegn honum.

Mörg önnur málefni voru rædd eins og t.a.m. skort á vinnuafli í Evrópu, framtíðina og næstu kynslóðir verkalyðsforystu sem tíundað er ítarlegar í sameiginlegu vinnuskjali hópsins. Halla Gunnarsdóttir VR var kosin í framkvæmdastjórn UNI Europa og situr þar í hópi 10 norrænna fulltrúa í framkvæmdastjórn en það er í fyrsta sinn sem íslenskur fulltrúi situr í framkvæmdastjórn.

NEF - Norræn samtök Rafiðnaðarsambanda (Nordisk El-federation)

NEF (Norrænt samstarf Rafiðnaðarsambanda / Nordisk El-federation) samstarfið er líklega sá samstarfsvettvangur sem RSÍ hefur átt aðild hvað mest og þéttast samstarf við í gegnum

tíðina. Samræming menntunar og starfsréttinda byggir á norrænu samstarfi Norðurlandanna. Stjórn NEF (NEF-AU) fundar um það bil þrisvar sinnum á ári auk þess að þing eru haldin annað hvert ár. Til umfjöllunar eru öll þau málefni sem snerta starfsemi sambandanna á hverjum tíma. Kjaramál, menntamál, öryggismál og ákvæðisvinna eru dæmi um umræðuefni undanfarinna funda og ára. Þing var síðast haldið í janúar 2024 í Tampere, Finnlandi. Formennska í samtökunum færist annað hvert ár á milli landanna. Frá janúar 2024 hefur formennska verið í höndum sænska Rafiðnaðarsambandsins. Ísland mun taka við formennsku á næsta þingi NEF sem fram fer í Stokkhólmi og áætlað að verði í viku 2 2026. Formennska færist með eftirfarandi hætti á milli landanna, Svíþjóð, Ísland, Noregur, Danmörk og Finnland í samræmi við samstarfs-samning sem samböndin hafa gert.

NEF starfrækir undirnefndir og skipar þær eftir þörfum. Vinnumarkaðsnefnd (NEF-NAG) hefur verið starfandi um langt skeið auk þess sem menntanefnd (NEF-U) hefur fundað með reglubundnum hætti. Öryggismál koma að sjálfsögðu til umræðu en einnig er samstarf á vettvangi lyftuiðnaðar en störf eru líklega betur skilgreind þar ytra en hér heima.

Á síðasta starfsári voru haldnir tveir fundir í stjórn NEF en sá fyrri var haldinn í Reykjavík og sá síðari í Stokkhólmi. Á fundunum var staða landanna til umræðu, farið var yfir félagsleg málefni, efnahagsleg sem og pólitísk málefni í hverju landi fyrir sig. Menntamál voru til umræðu þar sem ítrekað hefur verið óskað eftir því við atvinnurekendur að viðhalda NEUK samstarfi sem hefur legið í dvala um nokkurt skeið. Atvinnurekendur hafa ekki tekið undir það að endurvekja þetta samstarf í löndunum. Undir-

búningur á alþjóðlegu samstarfi var jafnframt til umræðu.

NBTF - Norræn samtök í bygginga- og tré-iðnaði

RSÍ hefur tekið þátt í samstarfi NBTF á undanförnum árum en vettvangurinn hefur verið virkur um sameiginleg málefni iðn- og tækni-fólks á Norðurlöndum. NBTF var mjög framarlega í ungliðastarfi á undanförunum áratugum en nokkuð hefur dregið úr virkni samtakanna eftir að rekstrarformi þess var breytt. NBTF fundar iðulega í tengslum við fundi evrópsku bygginga- og trjáiðnaðarsamtakanna sem haldnir eru í Brussel og Lúxemborg.

EBTF - Evrópsk samtök í bygginga- og tré-iðnaði

EBTF eru samtök á evrópskum vettvangi og fjallar um málefni í bygginga- og tréiðnaði. RSÍ og Byggið skiptast á stjórnarsetu í EBTF stjórninni en kjörtímabil eru til fjögurra ára í senn. Byggið tók við stjórnarsetu á þingi EBTF sem haldið var í Finnlandi í desember 2023. Samtökin eru mjög virk í réttindamálum þeirra greina sem þau starfa fyrir og fylgjast mjög vel með málum á Evrópuþingi ESB.

Andri Reyr Haraldsson varaformaður RSÍ var fulltrúi á aðalfundi NFBWW sem haldinn var í nóvember 2024 í höfuðstöðvum EFBWW (European Federation of Building and Woodworkers) í Brussel. Aðilar að þessu samstarfi frá Íslandi eru auk RSÍ, Samiðn og SGS. En það má segja að RSÍ hafi verið virkast á þessum samstarfsvettvangi af íslensku félögunum og fór fulltrúi RSÍ einnig með atkvæðisrétt Samiðnar á aðalfundinum í þeirra umboði.

Á aðalfundinum voru almenn aðalfundarstörf ásamt því að ræða framtíð samstarfsins, skilgreina betur tilgang starfsins og efla samheldni innan hópans.

NFBWW er norræni hluti heildarsamtakana EFBWW, og hefur það samstarf verið í smá dvala allt frá Covid. En á aðalfundinum kom skýrt fram að það væri vilji allra að koma samstarfinu aftur í fulla virkni og koma fleiri aðilum frá hverju aðildarlandi inn í samstarfið. EFBWW er hluti af alþjóðasamtökunum BWI (Building and Woodworkers International), en það eru samtökin sem fengu eftirlitsfulltrúa frá RSÍ til þess að fara í vinnueftirlit í Katar þegar framkvæmdir vegna HM í fótbolta stóðu yfir þar í landi. Sú reynsla var mjög mikilvæg fyrir okkar eftirlitsfulltrúa.

Megin áherslur RSÍ innan NFBWW og EFBWW eru á byggingargeirann, enda lítill tengsl inn í skógariðnaðinn. Starfinu hjá NFBWW og EFBWW er skipt í tvo liði þar sem áherslur eru annars vegar á byggingargeirann og hins vegar á skógariðnaðinn því hentar RSÍ vel að fara einungis á þá viðburði sem tengjast byggingargeiranum. Öll þessi samtök, hvort sem það er norræni, evrópski eða alþjóðlegi hluti samtakanna, eru gríðarlega virk í beinum aðgerðum hvar sem þess er þörf, og má segja að þetta séu róttæk samtök sem hika ekki við að grípa til aðgerða.

Starfinu er einnig skipt í nokkra liði innan byggingargeirans, en þar má nefna t.d. kjaramál, öryggi og vinnuvernd, menntamál ofl. Einnig eru aðgerðarhópar starfandi fyrir BWI sem stýra mótmælum og öðrum aðgerðum um allan heim. Við höfum aðgang að öllu þessu neti og starfsfólki þegar þörf er á. Einnig eru þarna gríðarlega mikilvægar tengingar inn í alþjóðafyrirtæki sem og alþjóðastofnanir eins og t.d. ILO (International Labour Organization) og stofnanir Evrópusambandsins.

Á þessum vettvangi hafa verið haldnar ráðstefnur um vinnueftirlit og dóma sem tengjast vinnumarkaðsmálum. Þessar ráðstefnur höfum við sótt með okkar fólki úr vinnueftir-

litinu, og má segja að þann samanburð og reynslu getum við nýtt okkur beint í okkar vinnueftirliti.

Markmið þessa samstarfs er að læra hvert af öðru og einnig skapa tengslanet sem við getum notfært okkur sé þess þörf. Í síaukinni alþjóðavæðingu er nauðsynlegt að hafa viðtækt samstarf verkalýðsfélaga milli landa, enda eru alþjóðafyrirtækin mjög virk í slíku samstarfi sín megin. Samstarfið er mjög skilvirkt og boðleiðir stuttar, því er mjög auðvelt að fá upplýsingar og aðstoð hratt. Að öllu framansögðu er þetta samstarf mjög mikilvægt fyrir RSÍ og þá sérstaklega ef horft er til byggingargeirans innan RSÍ en einnig má segja að þetta samstarf geti skilað bættum árangri og þekkingu inn í kjaramál og vinnustaðaeftirlit hjá RSÍ og Fagfélögunum.

BWI - Alþjóðleg samtök byggingaverkafólks

RSÍ er aðili að BWI sem eru alþjóðleg samtök verkafólks í byggingariðnaði. BWI hafa verið mjög virk í baráttunni við félagsleg undirboð og öryggismál verkafólks. Nýjasta og þekktasta dæmið er baráttan við að bæta stöðu launafólks við byggingar á íþróttaleikvöngum í Qatar. RSÍ hefur tekið þátt í vinnustaðaeftirliti meðal annars í Qatar sem skipulagt var af BWI. Öryggismál eru samtökunum efst í huga ásamt því að berjast fyrir réttlátum launakjörum þar sem byggingaframkvæmdir standa yfir í samstarfi við þau verkalýðsfélög sem starfa í viðkomandi löndum.

UNI Europe og UNI Global

UNI Evrópa og Global eru samtök á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi og vinnur að réttindamálum á heimsvísu. Í UNI eru yfir 20 milljón félagar. Deildir innan UNI eru 11 talsins og ná yfir gríðarlegan fjölda starfa. RSÍ og að-

ildarfélag tengjast eins og áður sagði nokkrum málaflokkum UNI. Þing UNI eru á fjögurra ára fresti. UNI starfrækir ungliðastarf og nýverið var leitað til þess að RSÍ skipaði fulltrúa í stjórn UNI youth, Evrópudeild. RSÍ hefur í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á að stuðla að virku ungliðastarfi og því er slíkt mikill heiður fyrir sambandið.

UNI ICTS

RSÍ á aðild að deild UNI ICTS sem er fjarskipta- og tölvuhluti innan UNI á Norðurlöndum. Fulltrúar FÍS á hverjum tíma, ásamt fulltrúa á skrifstofu RSÍ, hafa að mestu sinnt þessum samskiptum. UNI ICTS er hluti af UNI Global.

UNI MEI - Media entertainment, arts and sports sector and gaming

RSÍ á aðild að UNI MEI í gegnum Félag tækni-fólks. UNI MEI vinnur með fjölmargar greinar svo sem afþreyingar bransi, listar og íþróttamál innan UNI. Fulltrúar FTF sinna beinum samskiptum við UNI MEI. Hér er unnið með fjölmörg málefni er snúa að tæknigreinum og störfum tæknifólks. Umfangið er mun víðmeira en heitið gefur til kynna. UNI MEI er hluti af UNI Global.

UNI Graphical & packaging

RSÍ á aðild að UNI Graphical & packaging í gegnum Grafíu. UNI GP fjallar um málefni sem snúa að prentiðnaði, tækniþróun og breytingu starfa í greinunum. Prent- og miðlunargreinar hafa þurft að bregðast við fjölmörgum breytingum tengt tækniþróun undanfarinna áratuga og er þessi vettvangur nýttur til að sækja þekkingu. UNI GP er hluti af UNI Global.

IndustriALL

RSÍ á aðild að IndustriALL Global en samtökin eru tiltölulega ung og hefur RSÍ aðeins átt

aðild að þeim í örfá ár. IndustriAll sameinar um 50 milljón launafólks í fjölmörgum starfsgreinum. Sem dæmi má nefna störf í olíu og gas iðnaði, raforkuframleiðslu, vinnslu málma, tölvuiðnaði, framleiðslu byggingarefna og margt fleira. RSÍ tengist IndustriAll fyrst og fremst í gegnum stóriðju og raforkuframleiðslu. Samtökin hafa veitt RSÍ stuðning í kjarabaráttu gegn álverum hér á landi.

Global Power Trade Unions

Fundur Global Power Trade Unions (GPTU) var haldinn dagana 16. – 19. september 2024 í Stokkhólmi, Svíþjóð, nánar tiltekið í Rönneberga sem er ráðstefnuhús ásamt hóteli sem er í eigu verkalýðshreyfingarinnar í Svíþjóð. Svæðið er stórglæsilegt en verkalýðsfélögin nýta svæðið mikið til að halda námskeið fyrir trúnaðarfólk og félagsfólk sitt sem og að halda ýmsar ráðstefnur líkt og þessa.

Helstu málefni sem voru til umræðu á fundinum voru málefni Úkraínu en stríðsátökin þar hafa haft gríðarleg áhrif á stöðu fólks og ljóst er að landið mun þurfa stuðning til endurreisnar þegar stríðinu er lokið. Fulltrúi Úkraínu, Vasyl Adnreyev, forseti PROFBUD í Úkraínu, mætti á fundinn og fór yfir málefni þeirra ásamt Jörgen Juul Rasmussen (fyrrv. formaður danska Rafiðnaðarsambandsins) og Linnea Wikström starfsmanni BWI. Nú þegar er unnið að uppbyggingu innviða og krefst það mannafla til þeirra starfa. Þetta kallar á fjölgun sérhæfðra starfsmanna og hafa verið settar upp þjálfunarbúðir þar sem fólki gefst færi á að sækja sér þekkingu til að standa að uppbyggingunni. Sett hafa verið upp sérstök menntasetur (micro-skills hubs). Óskað var eftir stuðningi við fjármögnun slíkra verkefna og lýstu Ísland, Danmörk og Svíþjóð því yfir að þau myndu setja fjármagn í þetta, 50.000 DKK/SEK (RSÍ setti sambærilega upphæð og Danir, nálægt

50.000 DKK).

Louise Olsson, 1. varaforseti LO og fyrverandi varaformaður Elektrikerna, fór yfir stöðu mála í Svíþjóð. Önnur mál sem voru til umræðu voru meðal annars endurnýjanlegir orkugjafar, staða uppbygginga á offshore vindorkuverum í Danmörku, saga verkalýðshreyfingar og staðan innan NBTF, staða kvenna í karllægum iðngreinum, flutningskerfi raforku í Ástralíu og framtíðaruppbygging þar í landi sem mun krefjast mikillar fjölgunar rafiðnaðarfólks, lágmarkslaun í Evrópu, gerviverktaka og þróun hennar á írskum vinnumarkaði. Fundurinn heppnaðist sérstaklega vel og var upplýsandi fyrir þátttakendur. Næsti fundur verður haldinn í Eyjaálfa, annað hvort á Nýja Sjálandi eða í Ástralíu. Þess ber að geta að þátttakendur í fundum GPTU koma víðsvegar að og þar á meðal ferðast Ástralir til funda í Evrópu sem og í Ameríku. Vegalengdir eru miklar fyrir fólk og því mikilvægt að jafna þetta út og því hafa fundir færst á milli heimsálfa í hvert skipti, þó svo Evrópa hafi iðulega haldið tvo fundi í röð og síðan Eyjaálfa og þar á eftir Norður Ameríka.

Fordæma íhlutun án dóms og laga Global Power Trade Union (GPTU) ályktun frá Stokkhólmi 18.09.2024

Verkafólk á rétt á því að stofna verkalýðsfélög og kjósa sér fulltrúa. Það eru mannréttindi sem byggja á alþjóðalögum, sem varin eru í 87. samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem fjallar um félagaafrelsi.

Þetta kemur fram í ályktun sem samþykkt var á alþjóðlegri ráðstefnu Global Power Trade Union (GPTU) í Stokkhólmi þann 18. september. Þar var íhlutun ástralskra stjórnvalda í málefnum stéttarfélagsins CFMEU fordæmd. Í félaginu er meðal annars starfsfólk sem vinnur byggingavinnu.

Ríkisstjórn Ástralíu hefur sett nýja stjórn yfir stéttarfélagið. Því er haldið fram að kjarasamningar stéttarfélagsins hafi leitt til allt að 33% hækkun byggingakostnaðar auk þess sem stéttarfélagið sæti rannsókn yfirvalda vegna meintra tengsla við skipulagða glæpastarfsemi. Þar eru meðal annars ásakanir um mútubægni starfsmanna félagsins í tengslum við byggingaframkvæmdir. Formaður félagsins vék úr starfi áður en þessar ásakanir voru gerðar opinberar. Hann hefur hafnað ásökunum.

CFMEU, sem er eitt stærsta stéttarfélagið í Ástralíu, hefur sagt tölurnar um húsnæðis-kostnaðinn helbera lygi. Lært fagfólk úr röðum félagsins geri verktökum þvert á móti kleift að ljúka framkvæmdum á tíma og innan fjárhagsramma. Rannsóknir óháðra aðila hafa sýnt að um 10% af húsnæðisverði í Ástralíu megir rekja til launakostnaðar.

Í ályktun GPTU kemur fram að stéttarfélögin á ráðstefnunni séu andvíg öllum tengslum stéttarfélaga við ólöglega starfsemi. Verka-fólk eigi rétt á því að vera í stéttarfélagi sem sé laust við glæpi og spillingu. Á það er hins vegar bent að ekki hafi verið færðar sönnur á þær ásakanir sem settar hafi verið fram í fjölmiðlum. Fólk sé saklaust uns sekt sé sönnuð fyrir dómi. Lögregla eigi að annast rannsóknir vegna meintrar glæpastarfsemi.

Í ályktuninni segir að með yfirtöku ástralskra stjórnvalda hafi þetta grundvallarprinsipp – að fólk sé saklaust uns sekt sé sönnuð – verið virt að vettugi. Ráðstefnan sé mjög uggandi yfir inngripi ástralskra stjórnvalda, sem setji vinnu og starfsöryggi þúsunda heiðarlegra starfsmanna í uppnám.

Loks er í ályktuninni skorað á áströlsk stjórnvöld að eftirláta CFMEU stjórn félagsins á nýjan leik. GPTU standi heilshugar að baki CFMEU og félagsfólki þess.

Starfsnám í uppnámi í Írlandi

GPTU samþykkti einnig ályktun í Stokkhólmi sem lýtur að írskum stjórnvöldum. Í ályktuninni er mikilvægi starfsnáms áréttað. Þar leggi ungt fólk grunn að þekkingu sinni og starfsferli, þeim sjálfum og samfélaginu til heilla. Vísað er í að samþykkt Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar nr. 208 frá 2023 sem kveður á um að stéttarfélög séu viðurkenndur vettvangur fyrir iðnnema og að allar breytingar á starfsnámi skuli gerðar í samráði við stéttarfélögin.

Írsk stjórnvöld áforma breytingar á náms-samningum. Í þeim breytingum felst að starfsnámið verði ekki lengur í umsjá stéttarfélagsins heldur verði um að ræða einhverja samvinnu milli aðila á vinnumarkaði, skóla og stéttarfélaga. Tilgangurinn er að reyna að fjölga iðnnemum og auka afkastagetuna en skortur er á iðnaðarfólki í landinu.

Í ályktuninni kemur fram að sams konar breytingar hafi ekki reynst vel í öðrum löndum og að þessi breytta nálgun sé ávísun á undirboð og að brotið verði á réttindum ungs fólks. Mikilvægt sé að viðhalda gæðum og fagmennsku starfsnáms.

ÁLYKTANIR Á ÁRINU

Fagfélögin styðja kennara, 23. október 2024

Yfirlýsing vegna kjarabaráttu kennara

Fagfélögin lýsa yfir fullum stuðningi við yfirstandandi baráttu kennara fyrir bættum kjörum. Allir hópar launafólks í samfélaginu eiga óskertan rétt á að nýta þau úrræði sem lög heimila til að knýja á um kjarabætur. Kennurum ber engin skylda til að fylgja fordæmi annarra hópa sem gert hafa samninga á vinnumarkaði.

Fagfélögin telja enn fremur ótækt að Samtök atvinnulífsins, sem ekki eiga aðild að samningaviðræðum við kennara, leggi með yfir-

lýsingum stein í götu hópa sem berjast fyrir bættum kjörum

Umsögn Fagfélaganna um frumvarp til fjárlaga

Fagfélögin (RSÍ, VM, Bygging og MATVÍS) tóku til umsagnar frumvarp til fjárlaga 2025. Í þeirri umsögn, sem send var nefndarsviði Alþingis, er fjallað um fimm atriði í fjárlagafrumvarpinu.

1. Fjárframlög til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða
2. Auðlindagjöld og ríkissjóður
3. Séreignaleiðin á bak og burt
4. Endurskoðun skattkerfis
5. Framlög til framhaldsskóla og iðnmenntunar

Undir umsögnina skriuðu Jón Bjarni Jónsson, formaður Byggingar, Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ, Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, formaður MATVÍS og Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður VM.

Undir lok umsagnarinnar var þess óskað að formönnum Fagfélaganna verði gefinn kostur á að koma á fund fjárlaganefndar til að fara yfir þær fyrirhuguðu breytingar sem boðaðar voru í frumvarpinu.

Fjárframlög til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða

Fagfélögin taka heilshugar undir umsögn Gildis-lífeyrissjóðs um fjárframlög til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða. Í greinargerð með frumvarpinu er því ranglega haldið fram að þörf lífeyrissjóðanna til örorkubyrði hafi minnkað, samhliða batnandi fjárhagsstöðu sjóðanna. Hið rétta er að ellilífeyrisbyrði lífeyrissjóða hefur aukist, sem á móti dregur úr vægi hlutfalls örorku af heildarskuldbindingum sjóðanna. Af því ber ekki að draga þá ályktun að umfang örorkuskuldbindinga hafi lækkað

heldur hafa heildarskuldbindingar lífeyrissjóðanna vaxið. Samkvæmt útreikningum í umsögn Gildis skerðast ellilífeyrisréttindi sjóðfélaga, verði framlagið lagt niður, um 5,7%. Heildaráhrif þessa eru vanmetin í frumvarpi til fjárlaga, eins og gildir um önnur skyld verkefni stjórnvalda. Það á sér í lagi við um þá ákvörðun að skerða framlag ríkissjóðs til VIRK starfsendurhæfingasjóðs um tæp 50%, eins og vakin er athygli á í sameiginlegri umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða, ASÍ og annarra heildarsamtaka launafólks auk samtaka atvinnurekenda.

Auðlindagjöld og ríkissjóður

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs, vegna sérstakrar álagningar á sjávarútveg, nema 14,3 milljörðum króna. Af því er verðmætagjald sjókvíaeldis 2,3 milljarðar. Eftir standa 12 milljarðar, sem eigendur íslenskra fiskiskipa greiða í sameiginlega sjóði, vegna veiða á nytjastofnum sjávar. Til samanburðar eru framlög ríkissjóðs til Landhelgisgæslu og Hafrannsóknastofnunar alls 11,8 milljarðar. Því má segja að 98% veiðigjaldsins séu þjónustugjöld, en 2% eiginlegt gjald fyrir nýtingu sameiginlegrar auðlindar þjóðarinnar. Gjaldið eykst þó um 2 milljarða milli ára, en betur má ef duga skal. Fagfélögin hvetja matvælaráðherra til að hækka raunverulegt auðlindagjald.

Séreignarleiðin á bak og burt

Fagfélögin hvetja stjórnvöld til að framlengja almennt úrræði ráðstöfunar séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán, sem að öðru óbreyttu rennur út í lok árs 2024. Úrræðið hefur stuðlað að aukinni eiginfjármýndun heimila undanfarin ár, sem er í raun besta vörn heimilanna gegn verðbólgu til framtíðar. Að svipta þau þessu tóli, þegar ekki sér fyrir endann á glímunni við verðbólgu drauginn, er ámælisvert. Sú ráðstöfun er ekki í anda aðgerða stjórnvalda til

stuðnings þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru í upphafi árs. Ef markmiðið er að halda aftur af verðhækkunum á fasteignamarkaði væri nær að líta til aukinna álaga á aðra eða þriðju eign.

Endurskoðun skattkerfis

Í frumvarpinu er komið inn á fyrirhugaða vinnu til að varna mismunun í skattlagningu. Sú vinna lýtur helst að þeim framteljendum sem hafa nær eingöngu fjármagnstekjur sér til framfærslu. Í þeim tilfellum verði litið svo á að tiltekin fjárhæð eða hlutfall teknanna verði talið fram sem laun í skattframtali. Af því leiðir að útsvarsstofn sveitarfélaga stækkar, auk þess sem framlög fjármagnseigenda til samneyslunnar færast nær eðlilegu horfi. Fagfélögin fagna þessum fyrirætlunum stjórnvalda.

Framlög til framhaldsskóla og iðnmenntunar

Það er engum blöðum um að fletta að mikilvægi iðnmenntunar hefur sjaldan verið meira á lýðveldistímanum. Samkvæmt títtnefndu frumvarpi aukast framlög til framhaldsskólastigsins um rúmlega 3,4 milljarða frá fjárlögum 2024 til 2025, sem er vel. Þó væri eðlilegt að raungildi framlaga héldist út gildistíma fjárlaga; þ.e. til 2027. Við þetta má bæta að framlög til tækja og búnaðar á framhaldsskólastigi dragast almennt saman yfir gildistíma áætlunarinnar. Ætla má að sú ráðstöfun komi verst niður á iðnnemum.

Yfirlýsing frá Fagfélögunum 9. desember 2024:

Fagfélögin gagnrýna óþarfar verðhækkanir 9. janúar 2025

Talsmenn stærstu matvöruverslana landsins boðuðu í desember umtalsverðar verðhækkanir á matvöru. Formaður Neytendasamtak-

anna lét í kjölfarið hafa eftir sér í fjölmiðlum að menn virtust vera að panta verðhækkanir.

ASÍ hefur á vef sínum bent á að fyrirtæki á borð við Ölgerðina og Kjörís hafi leitt verðhækkanir á nýju ári. Ölgerðin hafi hækkað verð um 4% og Kjörís tæplega 3%.

Hækkanirnar vinna gegn því sameiginlega markmiði aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda að vinna gegn verðbólgu og ná niður vöxtum.

Áhugavert er að skoða þróun og horfur verðlags á matvöru í kring um okkur. Í Peningamálum kemur fram að verðbólga í helstu viðskiptalöndum Íslands sé á niðurleið. Í nýrri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur fram að vöruverð á heimsvísu sé á niðurleið.

ASÍ bendir sömuleiðis á að hrávöruverð á matvöru hafi lækkað um 2% á síðasta ári. Miklar verðhækkanir árána 2022-2023 hafa þannig gengið til baka. „Ýmsar hrávörur sem notaðar eru til framleiðslu hér á landi, t.d. olía og áburður lækkuðu einnig á síðasta ári,“ segir á vef ASÍ. Í sömu skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir að evrópsk fyrirtæki geti tekið á sig launahækkanir án þess að fleyta þeim út í verðlagið. Hækkanir umræddra fyrirtækja eru því óþarfar.

Í þessu ljósi gagnrýna Fagfélögin harðlega verðhækkanir á matvöru og öðrum nauðsynjavörum. Vakin er athygli á að samningsforsendur Stöðugleika- og velferðarkjarasamningsins kveða á um að 12 mánaða verðbólga í ágúst í ár mælist ekki yfir 4,95%. Boðaðar verð- og gjaldskrárhækkanir vinna bersýnilega gegn því markmiði.

Fagfélögin skora á birgja og matvöruverslanir að draga áform um verðhækkanir til baka og vinna með samfélaginu að því markmiði að draga úr verðbólgu og vinna að áframhaldandi lækkun vaxta.

Ályktanir miðstjórnar RSÍ

21. september 2024

Miðstjórn RSÍ hefur á fundi samþykkt þrjár ályktanir vegna efnahagsmála og stöðu heimilanna. Í fyrstu ályktuninni er kallað eftir aðgerðum vegna hárri vaxta og verðbólgu, í annarri ályktuninni er kallað eftir því að ríkisstjórnin endurskoði þá ákvörðun að fram- lengja ekki heimild til ráðstöfunar séreigna- sparnaðar inn á húsnæðislán. Þriðja ályktunin er vegna boðaðs afnáms jöfnunargjalds sem ríkissjóður hefur greitt til lífeyrissjóðanna.

Okurvextir Íslands

Á nýliðnum vikum hafa margir hinna íslensku banka hækkað verðtryggða vexti til neytenda. Vaxtamunur hefur sjaldan verið jafn mikill og raunvextir eru orðnir með þeim hæstu sem sést hafa. Verðtryggðir vextir eru að nálgast 5% sem þýðir einfaldlega að raunvextir eru tæp 5%. Þetta eru ekkert annað en okurvextir til al- mennings.

Á sama tíma er þess beðið að verðbólga gangi niður enda hníga að því öll rök. Með háum stýrivöxtum og hækkandi vöxtum útlána er áfram kynt undir þá verðbólgu sem til staðar er. Við blasir að við þessar aðstæður færast eignir frá almenningi til fjármagnseigenda og það með miklu offorsi. Þessi staða er með öllu óásættanleg. Miðstjórn RSÍ kallar eftir að- gerðum strax. Lækkun stýrivaxta er meginfor- senda þess að verðbólga gangi hratt niður. Ís- land þarf ekki að búa við okurvexti áfram!

Séreignarsparnaður á fasteignalán

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar kemur fram að ekki verði boðið upp á ráðstöfun sér- eignarsparnaðar inn á húsnæðislán á árinu 2025. Ljóst er að þessi heimild hefur nýst skuldsettum heimilum til að draga úr skuld- setningu, með því að ráðstafa séreignarsparn-

aði inn á höfuðstól íbúðalána, og þar með lækkað greiðslubyrði fasteignalána og bætt eignastöðu almennings hægt en örugglega. Þessi ráðstöfun hefur verið skattfrjáls. Ákvæðið hefur því haft jákvæð áhrif á stöðu launafólks. Miðstjórn RSÍ kallar eftir endurskoðun á þessu ákvæði þannig að það nýtist venjulegu launa- fólki áfram.

Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar kemur fram að afnema eigi jöfnunargjald sem ríkissjóður hefur greitt til lífeyrissjóða til jöfnunar örorku- byrðar sjóðanna. Þessi breyting mun hafa verulega neikvæðar afleiðingar fyrir launa- fólk á almennum vinnumarkaði og bitna einna harðast á sjóðum verkafólks, sem bera almennt þyngstar byrðar vegna örorku. Mið- stjórn RSÍ mótmælir þessum áformum harð- lega og krefst þess að ríkisstjórn Íslands falli frá þessum áformum enda mun þessi breyting að öðru óbreyttu ekki bara þyngja örorkubyrði lífeyrissjóða launafólks heldur lækka ellilífeyri og réttindaávinnslu þessara sjóða umtalsvert. Augljóst er að þessir hópar; öryrkjar og ellilíf- eyrisþegar, eru ekki aflögufærir. Þetta eru ekki breiðu bökin sem ríkið þarf að sækja enn meiri fjármuni til.

Yfirlýsing ASÍ og SA gegn vinnumansali 26. september 2024

Undanfarin misseri hafa komið upp á yfir- borðið nokkur mál á íslenskum vinnumark- aði sem sýna að vinnumansal þrífst í íslensku samfélagi. ASÍ og SA lýsa sameiginlega yfir áhyggjum sínum af því að slíkt geti þrífist hér á landi og finna til ábyrgðar sinnar um að gera allt sem er á þeirra valdi til að vinna gegn vinnumansali.

Íslenskur vinnumarkaður er að mestu leyti vel skipulagður enda hafa aðilar vinnumarkaðar-

ins viðhaft mikið og virkt samtal um allt það sem lýtur að sameiginlegum hagsmunum. Stjórnvöld verða svo eðli málsins samkvæmt einnig að axla ábyrgð á samstarfinu sem þar með verður þríhliða sem er sérlega mikilvægt hvað varðar baráttuna gegn brotastarfsemi og markmiðið um að hér á landi þrífist ekki vinnumansal.

Vinnumansal er að mati ASÍ og SA ólíðandi og nauðsynlegt að allt sé skoðað með það að markmiði að uppræta slíka háttsemi.

Áhyggjur ASÍ og SA lúta ekki síst að stöðu erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði enda sýna dæmin bæði hérlandis og erlendis að einstaklingar í viðkvæmri stöðu sem hafa lagt mikið á sig og flutt um langan veg í leit að betra lífi eru sérstaklega berskjaldaðir fyrir vinnumansali. Sameiginlegir hagsmunir allra eru að tryggja heilbrigðan vinnumarkað sem tekur vel á móti því fólki sem hingað kemur til að vinna.

Með vísan í allt framangreint skora ASÍ og SA á stjórnvöld að grípa svo fljótt sem verða megi til eftirfarandi almennra aðgerða:

- Tryggð verði aðgerðaáætlun sem tekur sérstaklega til vinnumansals, þá sérstaklega viðbragðs- og eftirlitskerfis enda til lítills að sinna eftirliti ef niðurstaða fyrir þolendur er jafn slæm eða verri en var meðan á vinnumansalinu stóð.
- Þolendum vinnumansals verði tryggð nauðsynleg félagsleg úrræði, eftir atvikum.
- Koma þarf upp sérstöku ferli til að bera kennsl á þolendur vinnumansals.
- Tryggja þarf fullnægjandi þekkingu á mála-flokknum í réttarkerfinu og forgangsraða fræðslunni til að geta betur sinnt mála-flokknum. Enda eru slík mál alla jafna flókin og viðkvæm bæði í rannsókn og saksókn.
- Lög um atvinnuréttindi útlendinga verði endurskoðuð og eftir atvikum lögum um útlendinga í því augnamiði að takmarka

líkur á vinnumansali.

ASÍ og SA lýsa því yfir að auk þess að vinna sameiginlega að framgangi framangreinds munu þau vinna að

markvissum aðgerðum á borð við;

- Hvetja fyrirtæki til þess að taka ábyrgð á virðiskeðjunni í rekstri sínum. Aðilar munu m.a. útbúa fræðsluefni um hvernig best sé að gera það.
- Búa til fræðsluefni um einkenni vinnumansals í samstarfi við önnur samtök fyrir almenning og atvinnurekendur.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um gervistettarfélag 7. desember 2024

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) lýsir yfir fullum stuðningi við málflutning Eflingar – stéttarfélags um félagið „Virðingu” sem stofnað hefur verið sem stéttarfélag án þess að uppfylla grundvallarskilyrði sem um slík félög gilda. Miðstjórn tekur einnig undir varnaðarorð Eflingar til starfsfólks í veitingageiranum um að halda sig fjarri félaginu og taka ekki þátt í starfsemi sem miðar að því einu að skerða kjör og grafa undan réttindum sem áunnist hafa með áratuga baráttu.

Í þessu samhengi vill miðstjórn taka fram að gervifélag þetta hefur látið til sín á fleiri félagssvæðum og má þar nefna Einingu-löðu á Akureyri sem starfar innan vébanda Starfsgreinasambandsins (SGS).

„Virðing” fellur undir þá skilgreiningu sem notuð er um svonefnd „gul stéttarfélög”. Þar er átt við félög sem atvinnurekendur eiga frumkvæða að því að stofna og stýra og gera þannig í reynd kjarasamninga við sjálfa sig. Yfir allan vafa er hafið að minnst tveir stjórnarmenn „Virðingar” koma beint að rekstri veitingastaða sem eigendur eða stjórnarmenn. Þeir veitingastaðir starfa innan SVEIT, samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði.

Félög af þessum toga eru ekki stéttarfélög í skilningi Stjórnarskrár Íslands, laga nr. 80/1938 eða í skilningi mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Nú þegar eru í gildi löglegir kjarasamningar fyrir yfirgnæfandi meirihluta þess launafólks sem í þessum geira vinnur um land allt, þ.m.t. fyrir yfirgnæfandi meirihluta þess launafólks sem vinnur hjá aðildarfyrirtækjum SVEITAR og sem eru félagsmenn í Eflingu og öðrum stéttarfélögum innan ASÍ.

Miðstjórn ASÍ beinir því til allra heiðvirðra atvinnurekenda að hafna afdráttarlaust markmiðum og aðferðarfræði veitingamanna á vettvangi SVEIT og „Virðingar” sem grafa undan réttindum launafólks til þess eins að skapa sjálfum sér betri samkeppnisaðstöðu gagnvart þeim sem löglega standa að rekstri fyrir tækja sinna.

Miðstjórn beinir því einnig til aðildarfélaga ASÍ að bregðast af fullri hörku við þessari aðför að kjörum og réttindum starfsfólks og grípa til þeirra aðgerða sem þörf verður á til þess að hrinda henni.

Miðstjórn vekur athygli á að kjarasamningur „Virðingar” við SVEIT felur í sér augljósan ásetning um að skerða kjör og réttindi starfsfólks í veitingageiranum. Það á við um lengingu dagvinnutíma, lækkun kvöldvaktarálags, beina lækkun launa í tilfelli starfsmanns á veitingahúsi með eins árs starfsreynslu, niðurfærslu orlofsréttinda, skertan veikindarétt og fleira. Að auki uppfyllir „Virðing” ekki ýmsar lögbundnar skyldur sínar gagnvart félagsmönnum m.a. er varðar rekstur sjúkrasjóðs og fræðslusjóðs.

Miðstjórn telur heiti þessa nýja „stéttarfélags” lýsa fádæma ósvífni og að meintur „kjarasamningur” þess við SVEIT feli í sér aðför og fullkomið virðingarleysi gagnvart vinnandi fólki í landinu og löglegum stofnunum á vinnumarkaði. Þeir atvinnurekendur sem þannig ganga fram eru engrar virðingar verðir.

Miðstjórn Alþýðusambandsins lýsir yfir óbilandi og skilyrðislausri samstöðu með launafólki í veitingageiranum. Miðstjórn lýsir yfir stuðningi við réttindabaráttu þess og við gerð raunverulegra kjarasamninga í stað skipulegrar viðleitni til að níðast á láglaunafólki, ekki síst innflytjendum og ungmönnum. Árásum af þessum toga er heimilt að bregðast við með þeim vopnum sem verkalýðshreyfingin býr yfir.

Samstaða og kraftur á 46. þingi ASÍ

Þing ASÍ stóð yfir 16.-18. október 2024. Yfirskrift þingsins var „Sterk hreyfing – sterkt samfélag“.

Ályktanir samþykktar

Þrátt fyrir að skoðanir væru skiptar í málefnaþópunum þremur komu fulltrúarnir sér saman um mikilvægar ályktanir.

Þingið samþykkti fimm ályktanir. Ein var um stofnun framtíðarnefndar ASÍ en nefndin skal meðal annars fjalla um áskoranir og tækifæri vinnandi fólks í framtíðinni að því er snertir tæknibreytingar, lýðfræðilegar breytingar, sjálfvirknivæðingu og nýtingu gervigreindar. Önnur ályktun var samþykkt um aðgerðir gegn einbeittri og síaukinni brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Þingið ályktaði líka um húsnæðismál en þar segir að brýnt sé að stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, standi við gefin loforð í húsnæðismálum og hefji hér stórfellda og tafarlausu uppbyggingu, svo eitthvað sé nefnt.

Ályktun var einnig samþykkt um ráðstöfun séreignasparnaðar til greiðslu íbúðarhúsnæðis.

Loks samþykkti þingið ályktun um vaxtaokur og verðtryggingu.





**RAFIDNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS**

stofnað 28. nóvember 1970

B
Féla



**RAFIDNADARSAMBAND
ÍSLANDS**